



Skíða- og brettafólk hefur tekið til óspilltra málanna vitt og breitt um landið síðustu dagana á meðan vetrarfrí í grunnskólum hefur staðið yfir. Hér má sjá skíðakappann Armas Salsola renna sér ofan af Karlsárþjalli, utan Dalvíkur, í morgunsól og bliðviðri sem var þar í gærmorgun. Þúðursnjór var í fjallinu og færri til skíðaiðkunar með besta móti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Umfang laxeldis margfaldist

Forstjóri Samherja segir að skráning Sildarvinnslunnar sé til þess að mæta umræðu um breiðara eignarhald í sjávarútvegi. Eldisfyrirtækin verði meðal veltuhæstu sjávarútvegsfélaga landsins innan fárra ára.

SJÁVARÚTVEGUR Mikill vöxtur hefur verið í laxeldi innan íslenskrar lögsögu að undanfögnu. Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, bendir á að miðað við þau leyfi sem hefur verið úthlutað og verð sem fáið fyrir eldislax um þessar mundir, verði íslensku laxeldisfyrirtækin meðal allra veltuhæstu sjávarútvegsfyrirtækja á landinu innan fimm ára.

Þau verði jafnframt að mestu í eigu norskra aðila: „Ég er ekki að segja að þetta sé slæm þróun en það er vert að hafa þetta í huga þegar sjávarútvegurinn og þær

Sala á hlut í Sildarvinnslunni er tilraun til að mæta þeirri umræðu sem hefur verið um sjávarútveginn og ná fram betri sátt um greinina.

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja



reglur sem um hann gilda eru til umræðu.“

Fyrirhuguð sala á hlut í Sildarvinnslunni er hluti af viðleitni Samherja til að ná aukinni sátt um fiskveiðistjórnunarkerfið, segir Þorsteinn Már. „Menn þurfa ekki alltaf að vera fastir í sama farinu. Sala á hlut í Sildarvinnslunni er tilraun til að mæta þeirri umræðu sem hefur verið um sjávarútveginn og ná fram betri sátt um greinina,“ segir hann. „Það hefur alltaf verið stefnan í rekstri Sildarvinnslunnar að hafa skuldsetninguna lága, einkum vegna þess að sveiflur í

uppsjávartegundum eru miklar. Fyrirtækið hefur hins vegar verið að ná betra jafnvægi milli uppsjávar- og bolfskætegunda með yfirtökum að undanfögnu. Við teljum þetta því áhugaverðan fjárfestingarkost,“ segir hann.

„Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort allir hluthafar selji sig jafnt niður, það tekur hver og einn hluthafi ákvörðun um það.

Hins vegar liggur ljóst fyrir að Samherji mun selja eitthvað af sínum bréfum,“ segir Þorsteinn Már Baldvinsson.

– thg / sjá Markaðinn

Kaupir Ölmú á 11 milljarða


VIÐSKIPTI Búið er að samþykkja kauptilboð í allt hlutafé leigufélagsins Ölmú, sem áður hét Almenna leigufélagið, fyrir um 11 milljarða króna. Kaupandi Ölmú, samkvæmt heimildum Markaðarins, er eignarhaldsfélagið Langisjór sem er í eigu systkinanna Guðnýjar Eddu, Eggerts Árna, Halldórs Páls og Gunnars Þórs Gíslabarna en fjölskyldan á meðal annars heildverslunina Mata.

Alma er næststærsta leigufélag landsins með 1.100 íbúðir í rekstri, einkum á höfuðborgarsvæðinu.

Í hópi helstu hluthafa Ölmú, sem sjóðfélaga í gegnum ALE-sjóðinn, eru meðal annars sjóðastýringarfyrirtækið Stefni, félag tengd Guðbjörgu Matthíasdóttur, aðaleiganda Ísfélagsins í Vestmannaeyjum, og tryggingafélagin. – hae / sjá Markaðinn

VIÐ TÖKUM VEL Á
MÓTI ÞÉR Á ELKO.IS

Netspjallið er opið alla daga til 21:00



Kaupa ekki upp húsnæði á rýmingarsvæði

AUSTURLAND Íbúar í húsnæði við Hafnargötu á Seyðisfirði hafa óskað eftir því við sveitarfélagið Múlaþing, með vísan til laga um varnir gegn snjóflóðum, að það festi kaup á húsnæði þeirra sem staðsett er innan rýmingarsvæðis sem skilgreint hefur verið vegna ofanflóðahættu.

» Rýma hefur þurft þrisvar á tveimur mánuðum.

Húsið er á rýmingarsvæðinu þar sem rýma hefur þurft í þriggja á aðeins tveimur mánuðum vegna ofanflóðahættu. Eigendurnir treysta sér ekki til að búa í húsinu við núverandi aðstæður. Múlaþing hafnar hins vegar að kaupa húsið. Á fundi byggðarráðs var vísað til þess að búseta í því væri heimil.

„Leiði hins vegar endurskoðað hættumat til þess að ekki verði heimilað að hafa varanlega búsetu í umræddri húseign mun málið verða tekið til endurskoðunar,“ segir í fundargerð samþykktri af öllum fulltrúum.

Búist er við nýju hættumati í vor eða sumar eftir að rannsóknunum Veðurstofunnar er lokið. Þær hófust eftir aurskriðurnar miklu í desember. Þegar hefur búseta verið bönnuð í fjórum húsum og vinna við uppkaupt á þeim hafin. — khg

Líf og fjör í sundi á Akureyri



Margt var um manninn í sundlauginni á Akureyri í gær en sundlaugargestir ýmist léku sér í lauginni, svömluðu um eða létu þreytu hversdagsins líða úr sér í heitum potti. Nú hefur verið slakað á samkomutakmörkunum sem gerir það að verkum að fleiri geta sótt laugina. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Yfir hundrað manns létust úr geðröskunum

SAMFÉLAG Alls létust 2.275 einstaklingar hér á landi árið 2019 og voru þeir flestir á aldrinum 85-89 ára. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.

Sex þeirra sem létust árið 2019 voru yngri en fimmtán ára og fjórir voru á aldrinum 15-19 ára. Tæplega 170 einstaklingar urðu 95 ára eða eldri það ár.

Flestir sem létust það sama ár dóu úr blóðrásarsjúkdómum, eða 701 einstaklingur, sem svarar til tæplega þriðjungs allra látinna. Næst á eftir því létust flestir úr æxlum eða 28 prósent og þá létust 170 einstaklingar úr öndunarfaræsjúkdómum.

104 einstaklingar létust úr geðröskunum eða atferlisröskunum og 89 úr vitglöpum og 176 einstaklingar létust úr Alzheimer-sjúkdómum. Þá létust 39 vegna sjálfsvígs eða visvitandi sjálfsskada.

Á fyrstu 39 vikum ársins 2020 létust að meðaltali 42,5 einstaklingar

» Banamein flestra sem létust árið 2019 voru blóðrásarsjúkdómur en 701 einstaklingur, eða þriðjungur þeirra sem létust á árinu, andaðist vegna þess háttar sjúkdóma.

í hverri viku. Það eru ívið færri en á árunum 2017-2019 þegar 43,3 dóu að meðaltali á viku. Flestir þeirra sem dóu voru að jafnaði 85 ára eða eldri á tímabilinu 2017-2019. Flestir þeirra sem dóu á fyrstu 39 vikum síðasta árs voru 83 ára en tíðasti aldur látinna 2017-2019 var 87 ára. — bdj, la

Metri skiptir sköpum í rekstri veitingahúsa

Vertar glöddust í gær yfir nýjum tilslökunum en voru ekki vissir um hvort metrarnir væru einn eða tveir. Nándarmörk milli ótengdra aðila eru metri en gestir mega ekki sitja andspænis hverjir öðrum nema tveir metrar séu á milli.

COVID-19 Þeir veitingamenn sem Fréttablaðið náði tali af í gær voru ánægðir með nýjar tilslakanir þótt þeir væru sammála um að orðalag nýrrar reglugerðar væri enn frekar loðið. Það væri ekki alveg ljóst hvort í gildi væri eins metra regla eða að tveggja metra reglan væri enn við lýði þegar kemur að veitingastöðum. Flestir áttu þó eftir að kynna sér reglugerðina til hlítar.

Í reglugerðinni segir að heimiluð nándarmörk milli ótengdra aðila séu nú einn metri, að uppfylltum skilyrðum. Gestir mega þó ekki sitja andspænis hverjir öðrum nema meira en tveir metrar séu á milli þeirra. Þetta breytti miklu fyrir stóra veitingastaði en skiptir litlu máli fyrir þá sem minni eru, því tveggja metra reglan étur fljótt upp fermetrana.

Jakob Einar Jakobsson, eigandi Jómfrúarinnar, hafði ekki lesið reglugerðina en sagði að ef tveir metrar giltu áfram myndi það ekki breyta miklu, þótt hann mætti taka á móti 50 manns. „Við erum með þannig stærð af sal að ég get ekki bætt við nema einu til tveimur borðum því tveggja metra reglan tekur svo mikið pláss.“ Hann sagði að þó að nýjar tilslakanir væru stórt og gott skref þá myndi honum halla á sína grein. „Mér finnst svolítið halla á veitingastaði, sérstaklega þegar horft er til þeirra afléttunga sem verið er að gera á öðrum sviðum samfélagsins.“

Jón Mýrdal, eigandi Röntgen, sagði að skoðanir kollega sinna væru eins misjafnar og þeir eru margir á því hvort reglan sé einn eða tveir metrar. Hann sjálfur var ánægður með tilslakanirnar. Þannig var samhljómur meðal annarra veitinga-



Heilbrigðisráðherra brosti sínu breiðasta í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Úr 20 manns í 50

Almennar fjölatakmörkanir verða 50 manns samkvæmt nýjum reglum um samkomutakmarkanir sem taka gildi í dag. Veitingahús mega hafa opið til 23 en viðskiptavinir mega ekki fá afgreiðslu eftir klukkan 22. Heimilt verður að hafa að hámarki 200 viðskiptavini í verslunum, á söfnum, í kirkjum og á tilteknum viðburðum. Sund- og baðstöðum

og skíðasvæðum verður heimilt að taka á móti 75 prósentum af leyfilegum hámarksfjölda gesta. Sama máli gegnir um heilsu- og líkamsræktarstöðvar en þar er jafnframt óheimilt að hafa fleiri en 50 manns í rými. Á íþróttakeppnum verður nú heimilt að hafa áhorfendur. Alls mega 200 sitja en ef áhorfendur eru standandi gildir regla um 50 manna hámarksfjölda.

manna sem Fréttablaðið náði tali af. Samtök fyrirtækja á veitingamarkaði sendu í gær frá sér yfirlýsingu þar sem óskað var eftir að lögreglan léti af stöðugum aðgerðum á veitingahúsum. „Aðrar atvinnugreinar hafa margt ekki náð að virða tveggja metra reglu eða fjöldatakmörkanir en ekki þurft að sæta

stöðugum eftirlitsferðum, sektum og fjölmiðlaumfjöllun,“ segir í yfirlýsingunni. Engir stjórnarmenn voru til viðtals til að útskýra hvaða atvinnugreinar ættu þarna í hlut. Þeim sem sitja í stjórn fannst yfirlýsingin nægja og vildu því ekki tjá sig þegar eftir því var leitað. benediktboas@frettabladid.is

FERMING FRAMUNDAN?

WWW.PARTYBUDIN.IS



PARTYBUDIN

FAXAFENI 11, 108 REYKJAVÍK S: 5340534



Áttu erfitt með að koma þér fyrir?
Upphaf nýrra **drauma!**



Lýkur
á laugardag

STILLANLEGIR
DAGAR
20%
af öllum stillanlegum
heilsurúmum

Ergomotion

Góður nætursvefn er lykillinn að góðum morgundegi. Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion. Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá poka-gormadýnum yfir í náttúrulegar Mayan green latexdýnur allt eftir því hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.



Tilboðsverð frá
355.448 kr.

Ergomotion 40+ og Corinna dýna.
Fullt verð frá 444.310 kr



Friðlýsing trúfli ekki frekari uppbyggingu

VESTURLAND Umhverfisstofnun hefur tekið við ábendingum almennings vegna friðlýsingar Borgarvog, vestan við Borgarnes, og hefst nú úrvinnsla úr þeim. Nokkur umræða hefur verið í netheiminum vegna friðlýsingarinnar og sitt sýnist hverjum. Telja sumir óæskilegt að skipulagsvaldið sé flutt til Umhverfisstofnunar meðal annars með tilliti til stækkunar Borgarness vestur yfir Borgarvog.

Friðlýsing hefur þau einu áhrif að við getum náð í fjármagn á svæðið, meðal annars til uppbyggingar gangstiga.

Þórdís Sif Sigurðardóttir sveitarstjóri



„Svæðið er nú þegar á náttúru-minjaskrá. Friðlýsing hefur þau einu áhrif að við getum náð í fjármagn á svæðið, meðal annars til uppbyggingar gangstiga,“ segir Þórdís Sif Sigurðardóttir sveitarstjóri. Segir hún friðlýsinguna, sem sveitarstjórn styður, ekki hafa áhrif á fyrirhugaða uppbyggingu.

Ítrekar Þórdís að engin endanleg ákvörðun um friðlýsingu hafi verið tekin og málið verði kynnt fyrir íbúum. Aðspurð um hvort íbúakosning verði haldin segir hún ótímabært að svara á þessari stundu þar sem hvorki byggðarráð né sveitarstjórn hafi rætt það. „Það er eitthvað sem við erum opin fyrir að skoða,“ segir hún.

Fyrirhugað friðlýsingarsvæði er rúm 2,5 ferkilómetrar að stærð og er stærsta gulþörungarleira landsins. Þar hafa fundist yfir 20 tegundir fugla. – khg

Ætla að losa um helmingi minna

LOFTSLAGSMÁL Uppfærð markmið Íslands í loftslagsmálum, sem kynnt voru á leiðtogafundi um loftslagsmetnað í desember, hafa verið tilkynnt til skrifstofu Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna, SP. Þetta kemur fram á vef Stjórnarráðsins.

Stefnt er að samdrætti í losun á kolefni, um 55 prósent eða meira til 2030 miðað við árið 1990, í samfloti með ESB og Noregi. Fjallað verður um uppfærslu landsmarkmiða á þingi Loftslagssamnings SP í Glasgow í nóvember næstkomandi. – hó

Engin ástæða til að hækka skatta sökum COVID

KOSNINGAR Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir varaformaður svöruðu spurningum lesenda á opnum fundi flokksins á Facebook í gær. Þar var farið um víðan völl. Um hugsanlega bankasölu, heilbrigðiskerfið, orkustefnuna, viðspyrnustyrkina og fundurinn endaði á léttu nótnum – hvað Þórdís tæki í bekkpressu.

Bjarni var spurður hvort það yrði

» Áhersla verður lögð á það hjá Sjálfstæðisflokknum að auka landsframleiðslu á nýjan leik frekar en að afla tekna með því að hækka skatta.

nauðsynlegt að fara í skattahækkunir vegna COVID. Hann sagði að það væri ekki endilega í kortunum. „Mitt svar er nei, það er engin rökbundin nauðsyn að það þurfi að hækka skatta,“ sagði Bjarni. Hann benti á að áherslur flokksins væru á að endurheimta landsframleiðsluna og það myndi duga ríkissjóði til að reka land og þjóð.

Kolbrún var eðlilega spurð hvernig ferðapjónustan ætti að

ná sér á strik eftir faraldurinn og svaraði hún því til að búið væri að setja gríðarlega fjármuni í greinina. Þótt fyrirtækin væru löskuð stæði greinin sem slík sterk.

„Við sjáum í könnunum að fólk vill koma þar sem er öruggt, þar sem eru víðerni og fara í lengri ferðir. Við skorum hátt þar,“ sagði Þórdís en hún vonaðist til að hingað kæmi hátt í milljón manns, þegar faraldurinn væri lokið. – bb

Varað við bylgju svikasímtala frá útlenskum glæpamönnum

Forstöðumaður tæknideildar Póst- og fjarskiptastofnunar segir bylgju af símhringingum svindlara frá útlöndum nú ganga yfir. Best sé að svara ekki í símann ef fólk þekkir hvorki númerið sem hringt er úr né eigi von á símtali frá viðkomandi landi. Alls ekki sé hægt að útiloka að einhverjir hafi fallið í gildruna.

FJARSKIPTI „Þetta gengur svolítið í bylgjum með hléum á milli og það virðist vera ein bylgja í gangi núna,“ segir Þorleifur Jónasson, forstöðumaður tæknideildar Póst- og fjarskiptastofnunar, um torkennilegar símhringingar sem borist hafa sumum Íslendingum undanfarið.

Þær grunsamlegu símhringingar sem Fréttablaðið hefur haft spurnir af á síðustu viku hafa allar borist úr enskum númerum. „Ég hef einmitt heyrt af því að það væri meðal annars frá Bretlandi en þó ekki eingöngu þaðan,“ segir Þorleifur sem skorar á fólk að hafa varann á.

„Það er bara mjög góð regla að ef þú átt ekki von á einhverju símtali frá Breta og þekkir ekki númerið, að svara ekki. Þá hættir þetta líka fljótt,“ segir Þorleifur. Reyndar hringi svindlararnir gjarnan úr mismunandi númerum til að koma í veg fyrir að þeir sem hringt er í geti stoppað þá af með því að blokka ákveðin númer.

Að sögn Þorleifs eru þessar hringingar oft úr tölvum sem notaðar eru sem símstöðvar. Í raun geti sá sem standi að baki verið í allt öðru landi en því sem númerið er skráð í.

„Í sumum tilvikum eru þetta einhverjir sem eru að bjóða þjónustu; að höndla með hlutabréf eða eitthvað slíkt og eru þá náttúrulega að að falast eftir fjárhagsupplýsingum, kreditkortaupplýsingum. Og hugsanlega er skellt á og viðkomandi vonist þá til að hringt sé til baka,“ segir Þorleifur. Oftast séu uppi áform um svik af einhverju tagi. „Á tímabili var hringt úr dýrum númerum og kom þá kannski bara ein hringing til þess að reyna að veida



Hvímleiddir og varhugaverðir net- og símasvindlarar halda áfram að herja á heimsbyggðina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þá varst þú að greiða fyrir dýrt símtal sem þessir aðilar fengu hagnaðinn af.

Þorleifur Jónasson, forstöðumaður tæknideildar Póst- og fjarskiptastofnunar



fólk til að hringja til baka. Þá varst þú að greiða fyrir dýrt símtal sem þessir aðilar fengu hagnaðinn af.“

Líkt og með svindl á netinu sé símasvindl í ýmsum myndum og mjög erfitt að eiga við. „Við höfum ekki heyrt af því að það hafi tekist að svindla eitthvað í þessu en við getum alls ekki útilokað það,“ ítrekar hann.

Allra handa svindl hefur verið í gangi. Þorleifur minnr á nýlegt dæmi þar sem sá sem hringdi þóttist vera frá kortafyrirtækinu Valitor og var að fiska eftir kreditkortaupplýsingum þess sem svaraði. „Það er

ekkert hægt að útiloka það að einhver falli í gildruna, því miður,“ segir hann.

Aðspurður segir Þorleifur Póst- og fjarskiptastofnun í góðu samstarfi við fjarskiptastofnanir erlendis vegna svindlmála, sérstaklega eigi það við um Norðurlöndin. „Þá er verið að deila upplýsingum ef það getur hjálpað öðrum og láta vita ef eitthvað varhugavert er á seyði.“

Áfram undirstrikar Þorleifur að fólk verði að efast ef eitthvað óeðlilegt sé á ferðinni. „Það besta er að svara ekki.“ gar@frettabladid.is

NORÐLENSKA

Eldast fljótt

Það tekur aðeins örfáar mínútur að elda bollurnar frá Norðlenska. Njóttu tímans með börnunum, því þau eldast svo fljótt.





Kynningarfundur í beinni



HÖFÐINN NÝR BORGARHLUTI Í MÓTUN

Ártúnshöfði og Elliðaárvogur eru lykilsvæði í þróun Reykjavíkurborgar. Við bjóðum upp á beina útsendingu til að kynna skipulagshugmyndir og við viljum fá spurningar frá íbúum og hagsmunaaðilum.

Útsending verður fimmtudaginn 25. febrúar 2021 kl. 17.00 – 18.30 á vefnum skipulag.reykjavik.is

Dagskrá

- Pawel Bartoszek, formaður skipulagsráðs: **Áherslur í uppbyggingu og ferlið framundan**
- Björn Guðbrandsson, arkitekt hjá Arkís: **Höfðinn – nýr borgarhluti í mótun – helstu forsendur og markmið**
- Páll Gunnlaugsson, arkitekt hjá ASK arkitektum: **Krossamýrartorg – nýr kjarni í austurhluta borgarinnar**
- Sigurbjörg Helga Gunnbjörnsdóttir, skipulagsfræðingur hjá Arkís: **Elliðaárvogurinn – borgin við sundin**
- Práinn Hauksson, landslagsarkitekt hjá Landslagi: **Grænasti borgarhlutinn – Græn svæði og almenningsrými.**
- Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri á fagskrifstofu grunnskóla á Skóla- og frístundasviði: **Skólahverfið – samspil skóla og umhverfis**
- Anna Guðrún Stefánsdóttir, umferðar- og skipulagsverkfræðingur hjá Verkís: **Áherslur á blöndun ólíkra ferðamáta**

Fundarstjóri er Birkir Ingibjartsson

Spurningum sem berast á netfangið hofdinn@reykjavik.is verður svarað á fundinum.

Útsending á vef Reykjavíkurborgar: skipulag.reykjavik.is



Finnskur dómstóll réttar þessa stundina yfir eigin þegni í Líberíu

LÍBERÍA Finnskur dómstóll réttar nú í Monróvíu, höfuðborg Líberíu, yfir Gibril Massaquoi sem sakaður er um stríðsglæpi. Massaquoi var finnskur þegn þegar hann var handtekinn í Tampere á síðasta ári fyrir glæpi framda í seinni borgarastyrjöldinni í Líberíu, árin 1999 til 2003, en hann er upprunalega frá Sierra Leóne.

Afar óvenjulegt er að dómstóll flytji sig um set til þess að rétta yfir þegnum sínum. Dómstóllinn mun einnig hafa viðveru í nágrennanríkinu Gíneu til þess að rannsaka

vettvang og hlusta á vitnisburði. Réttarhöldin hófust á mánudag og munu standa yfir í tvo mánuði.

Alþjóðasamfélagið hefur þrýst á Líberíustjórn að halda sérstakan stríðsglæpadómstól vegna stýrjaldarinnar, þar sem talið er að 250 þúsund manns hafi látist. Breiddist hún að einhverju leyti út til þriggja nágrennanríkja. Charles Taylor, forseti landsins á tímum stýrjaldarinnar, var árið 2012 dæmdur til 50 ára fangelsisvistar af stríðsglæpadómstólum í Haag.

Núverandi forseti, fyrrverandi



Weah forseti hefur verið óviljugur að yfa upp sárin. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» Massaquoi er meðal annars sakaður um morð, nauðganir og að senda barnunga hermenn út á vígvöllinn.

knattspyrnumaðurinn George Weah, hefur hins vegar ekki lagt áherslu á að sækja stríðsglæpamenn til saka, heldur einbeita sér að efnahagslegri uppbyggingu. Það flækir einnig stöðuna að margir þátttakendur í stríðinu eru nú embættismenn eða kjörnir fulltrúar í

landinu. Þá vilja liberísk yfirvöld ekki einu sinni viðurkenna að hinn finnski dómstóll sé í raun dómstóll.

„Það er ekki verið að flytja dómstól til Líberíu,“ segir Sayma Syerius Cephus ríkissaksóknari við franska ríkisútvarpið. Sagði hann það óleyfilegt og það sem væri verið að gera í raun rannsókn. Massaquoi er meðal annars sakaður um morð, nauðganir og að senda barnunga hermenn út á vígvöllinn. Hann var sendur til Finnlands árið 2008 eftir að hafa gegnt stöðu vitnis í stríðsglæpadómstól í Sierra Leóne. –khg



Filippus prins er í meðferð vegna sýkingar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Filippus liggur á sjúkrahúsi

ENGLAND Hertoginn af Edinborg, Filippus prins, liggur á sjúkrahúsi á Englandi vegna sýkingar, samkvæmt tilkynningu frá Buckingham-höll. Þetta kemur fram á vef BBC.

Filippus, sem verður hundrað ára í sumar, og Elísabet Englandsdrottning, eiginkona hans, fengu bólu-setningu fyrir COVID-19 í síðasta mánuði en veikindi hans eru ekki sögð tengjast bólu-setningunni.

Játvarður prins, sonur Filippusar, segir föður sinn á batavegi og að hann hlakki til að komast aftur heim í Windsor-kastala þar sem hann hefur verið í sóttkví ásamt drottningunni á meðan faraldurinn hefur geisad.

Filippus hefur á síðastliðnum árum hlotið meðferð við hinum ýmsu kvillum en hann fékk til að mynda kransæðastiflu árið 2011 og gekkst undir skurðaðgerð á kvið árið 2013. Hertoginn sagði sig frá öllum konunglegum skyldum árið 2017. –bdj

ÁRÉTTING

Af frétt blaðsins í gær mátti skilja að streymisveitan Netflix greiði ekki skatta hér á landi. Samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu greiðir streymisveitan skatta vegna starfsemi sinnar hérlandis.

Skipulagsmál í höfuðborginni gætu alveg verið sveigjanlegri

Mikil uppbygging á sér stað í nokkrum hverfum höfuðborgarsvæðisins. Verktakafyrirtækið ÞG Verk er til að mynda að byggja upp íbúðabyggð í Vogabyggð. Verktakinn hafði hug á að byggja minni íbúðir á svæðinu en fram kom í deiliskipulaginu fyrir svæðið. Hann fékk hins vegar neikvæð svör við ósk sinni.

SKIPULAGSMÁL Að mati forsvarsmanna ÞG verks hefur það verið tilhneiging í deiliskipulagsmálum hjá Reykjavíkurborg að deiliskipulag á höfuðborgarsvæðinu sé að verða sífellt ítarlegra og oft á tíðum ósveigjanlegt. Dæmi um slíkan ósveigjanleika er til að mynda skipulag Vogabyggðar þar sem gerðir og stærðir íbúða voru mjög niðurnjörvaðar.

Forsvarsmenn ÞG Verks freistuðu þess að fá samþykki fyrir fjölgun smærra íbúða í stað stórra fimm herbergja íbúða til þess að svara kalli markaðarins, og virtist samkvæmt umræðunni á þeim tíma sömuleiðis vera vilji kjörinna fulltrúa, en fengu neitun frá skipulagsyfirkvöldum. Þannig sé deiliskipulag fyrir Vogabyggð til að mynda sett upp fyrir sjö árum, samþykkt fyrir fimm árum og eftirspurn á markaði hafi breyst á þeim tíma.

„Það er okkar tilfinning að kerfið hjá Reykjavíkurborg sé orðið mjög þungt í vöfum, margir aðilar þurfi að koma að málum sem gerir það að verkum að boðleiðir séu orðnar of langar. Það er mjög tímafrekt að gera breytingar á gildandi deiliskipulagi sem sett hefur verið upp.“

Gera má ráð fyrir því að slíkur ferill taki að lágmarki sex mánuði frá því að lagt er af stað og þar til það hefur tekið gildi og í mörgum tilvikum tekur það mun lengri tíma.

Aðstæður á markaði breytast frá þeim tíma sem deiliskipulagið er gert og nú er það til að mynda mat manna það vanti minni íbúðir inn



Verktakafyrirtækið ÞG Verk er þessa stundina að byggja íbúðir í Vogabyggð í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Okkur finnst að það mætti taka meira tillit til sjónarmiða byggingaraðila.

Örn Tryggvi Johnsen, rekstrarstjóri ÞG Verks

á fasteignamarkaðinn og því væri gott að geta brugðist hraðar við,“ segir Örn Tryggvi Johnsen, rekstrarstjóri ÞG Verks, í samtali við Fréttablaðið um stöðu mála.

„Af þeim sökum óskuðum við eftir því að fá að gera breytingar á

deiliskipulaginu í Vogabyggðinni en fengum það ekki í gegn. Okkur finnst að það mætti taka meira tillit til sjónarmiða byggingaraðila sem stöðugt eru að framleiða íbúðarhúsnæði og þekkja þarfar markaðarins. Aðstæður breytast oft á þeim tíma sem liður á milli þess að hverfi eru skipulögð og þar til byrjað er að byggja,“ segir Örn Tryggvi.

„Þá þykir okkur enn fremur að það taki oft of langan tíma hjá byggingar- og skipulagsyfirkvöldum að afgreiða leyfisveitingar en verktakar þurfa að gera ráð fyrir löngum

tíma í að bíða eftir svári við breytingatillögum sem er verðmætur tími í byggingarframkvæmdum.“

Við erum að byggja upp í Kópavogi og Garðabæ og þar finnst okkur mál ganga hraðar fyrir sig en í Reykjavík, kannski vegna þess að boðleiðir eru styttri og kerfið því liprara. Það ber hins vegar að taka fram að við höfum átt í góðu sambandi við byggingaryfirvöld í Reykjavík og þar eru menn allir af vilja gerðir að gera vel. Kerfið er kannski bara ekki nógu gott,“ segir hann. hjorvaro@frettabladid.is

Kusu konu sem framkvæmdastjóra kaþólsku kirkjunnar í Þýskalandi

ÞÝSKALAND Kaþólska kirkjan í Þýskalandi kaus í gær konu sem framkvæmdastjóra í fyrsta sinn, hinn fimmtuga guðfræðing Beate Gilles. Mun hún taka við stöðunni í júlí næstkomandi en kosning biskupanna þýsku, 68 talsins, er talin bera merki um stefnubreytingu gagnvart konum innan kirkjunnar.

Um þriðjungur þjóðverja tilheyrir kaþólsku kirkjunni, sem er stærsti einstaki trúarhópurinn í landinu. Kirkjan hefur legið undir mikilli gagnrýni undanfarið eftir að mál kardinálans Rainer Maria Woelki komst í deigluna. Upp komst að hann stakk skýrslum og vitnisburðum um misnotkun af hálfu presta ofan í skúffu í biskupsdæmi sínu í Köln, en þar hefur hún verið einna verst í öllu landinu.

„Þetta eru erfiðir en jafnframt



Gilles brýtur blað innan kaþólsku kirkjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

spennandi tímar fyrir kaþólsku kirkjuna í Þýskalandi,“ sagði Gilles á blaðamannafundinum þar sem hún var kynnt. „Ég hlakka til að hefja störf.“ Hún tekur við af Jesúsítanum Hans Langdorfer sem gegndi stöðunni í aldarfjórðung og tók skref í

» Gilles var kosin í skugga erfiðra barnamisnotkunarmála innan kirkjunnar.

átt að nútímavæðingu, svo sem að tala fyrir konum í embætti og fylgja Vatikaninu ekki í einu og öllu.

Biskupinn Georg Batzing, yfirmaður kjörnefndarinnar, sagði daginn mikilvægan fyrir kaþólsku kirkjuna. „Þetta sýnir okkur að biskuparnir eru að uppfylla loforð sín um að styðja konur til æðstu embætta,“ sagði hann.

Skýrendur hjá þýsku fréttastofunni ZDF segja kirkjuna vissulega hafa skorað stig hjá almenningi, sem styðji umbætur innan kirkjunnar. Enn eigi þó eftir að taka á kardinálanum Woelki og erfiðu misnotkunarmálunum í Köln. –khg



Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf.

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Goðalandi, Fljótshlíð, föstudaginn 19. mars 2021 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykktu félagsins.
2. Önnur mál.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Framboð til stjórnar og varastjórnar skulu hafa borist skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund í samræmi við 2. mgr. 27. gr. samþykktu félagsins.

Reykjavík, 18. febrúar 2021.
Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.

B&
O



100 daga stefnumót við B&O

Prufaðu og njóttu tengdra hátalara í 100 daga. Ef ástin kviknar ekki, skilar þú honum og færð endurgreitt að fullu!*



Byrjaðu á einum, tengdu fleiri, hlustaðu alls staðar

Beoplay A9 - Beosound 1 - Beosound 2 - Beosound Balance - Beosound Level - Beosound Stage - Beosound Edge

BANG & OLUFSEN

ORMSSON

Lágmúla 8 - 530 2800

ORMSSON.IS

Prufaðu og njóttu tengdra hátalara í 100 daga. Ef þið smellið ekki saman, skilar þú honum og færð endurgreitt að fullu. *Skilmála má finna hér: on.beo.com/100days

Þrælահald



Adalheiður Ámundadóttir

adalheidur@frettabladid.is

Dómsmálaráðherra hefur ákveðið að banna þrælահald, en frumvarp þess efnis var loksins lagt fram á Alþingi í gær. Þrælահalds er ekki getið í íslenskum lögum og mansalsákvæði hegningarlögganna hefur ekki nýst til að koma lögum yfir íslenska þrælահaldara. Þrælահald hefur viðgengist refsilaust um áraradír á Íslandi og raunar alla tíð. Aðeins einu sinni hefur verið refsáð fyrir mansal á Íslandi, þá vegna flutnings á konu til landsins með það að markmiði að hún stundaði vandi í hagnaðarskyni fyrir þá sem dæmdir voru.

Í skýrslu um skipulagða brotastarfsemi frá árinu 2019 varaði greiningardeild ríkislögreglustjóra við því að Ísland væri áfangastaður fyrir mansal; einkum vinnumansal innan byggingariðnaðar, veitingareksturs og ferðaþjónustu. Greiningardeildin var hins vegar einungis að rifja upp eldri varnaðarorð frá fyrri skýrslu sinni árið 2015:

„Vöxtur í byggingariðnaði skapar hættu á ólöglegum innflutningi á verkafólki og dæmi eru um að viðkomandi þræli myrkranna á milli við slæm kjör. Dæmi eru um að brotamenn tengdir vinnumiðlunum eigi þátt í mansali með því að blekkja og misnota einstaklinga sem koma á þeirra vegum. Þá eykst hættan á að svört atvinnustarfsemi muni þrífast í tengslum við aukin umsvif í ferðaþjónustu og byggingariðnaði.“

Verkalýðshreyfingin þekkir vel þessa lýsingu lögreglunnar frá árinu 2015 og hefur ítrekað krafist aðgerða.

Þrælaldómur fólks sem ánetjast hefur vímuefnum hefur þá sérstöðu að þrælunum sjálfum er refsáð með fangelsisvist. Burðardýr fá harða dóma þrátt fyrir að hafa ekki átt annarra kosta völ en að verða við kröfum um að flytja fíkniefni kvalara sinna til landsins í þeirri von að rétta skuldastöðuna af.

Í nýju frumvarpi dómsmálaráðherra er lagt til að þeim sem útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingi í þeim tilgangi að hneppa hann í þrælaldóm verði refsáð með allt að tólf ára fangelsi. Með lagfæringu á mansalsákvæðinu getur ráðherra státað af raunverulegum árangri.

Stjórnvöld hafa stigið góð skref á undanförunum misserum, sem geta lagt grundvöll að auknu trausti þolenda mansals í garð stjórnvalda. Þessi skref þarf að stiga til fulls og sýna þrælum sem notaðir hafa verið hér á landi í byggingarstarfsemi, ferðaþjónustu og fíkniefnaviðskiptum að þrælահald verði ekki lengur látið viðgangast.

Burðardýr sem dæmd eru í margra ára fangelsi eru ekki líkleg til að treysta stjórnvöldum fyrir þjáningum sínum eða segja til kvalara sinna. Verkamenn sem sæta nauðungarvinnu og búa við slæman aðbúnað treysta ekki heldur yfirvöldum sem ekki eru til annars líkleg en reka þá úr landi. Traust skiptir öllu máli ef árangur gegn þessari plágu á að nást. Ekkert getur eftl það traust nema beinar aðgerðir.

Frumvarp ráðherra er fyrsta skrefið en þegar Alþingi er búið að samþykkja það þurfa lögregla, ákærvaldið og dómstólar að sjá til þess að hin nýju ákvæði verði ekki dauður bókstafur.

Halldór



Frá degi til dags

Aftur til fortíðar

Leikar æstust í Vikulokunum á Rás 1 þegar Framsóknarþingkonan Silja Dögg Guðmundsdóttir og Sara Oskarsson, varaþingkona Pírata, tukuðu Miðflokksþingmanninn Þorstein Sæmundsson hressilega til fyrir „ömurlegan“ málflutning og afstöðu þingflokks Miðflokksins til fólks á flótta. Þorsteinn var greinilega enn heitur eftir svipuð atök við Helga Hrafn á þingi og greip eins og Miðflokksmönnum er tamt til sérkennilegs og óræðs líkingamáls þegar hann dró línu í sandinn með aðstoð Marty McFly með vísun í „bímyndaflokk frá Ameríku sem heitir Aftur til framtíðar“.

Gaggalagú!

Þorsteinn rifjaði síðan upp að McFly hafði „ofnæmi“ fyrir því að vera „kallaður kjarklaus, eða kjúklingur“ og sagðist fá svipuð einkenni þegar hann og félagar hans væru sakaðir um ras-, nas-, eða fasisma. Þá drægi hann línu í sandinn og þar með rann nykrað líkingamálið eiginlega sömu leið þar sem mörg helstu vandræði persónunnar má rekja til öfgakenndra ofnæmisviðbragða við orðinu „chicken“. Það var ekki fyrr en Marty lærði að anda með nefinu, hafa stundum vit á að þegja og draga sig í hlé sem þroskasaga hans fékk farsælan endi í fortíð og framtíð. toti@frettabladid.is

Slökkt á mælunum



Eypör Arnalds oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Rétt fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar var lofað að klára mælaborð borgarinnar. Loforðið var síðan sett í málefnsamning eftir kosningar. Mælaborðið var sett í loftið í ársbyrjun 2019 með tölum frá 2017. Eitthvað virðist mælaborðið þó hafa bilað, eða þá að slökkt hafi verið á mælunum. Að minnsta kosti eru sömu fjárhagsupplýsingarnar enn á vefnum nokkrum árum síðar. Skrýtið mælaborð það. Skuldastaða er birt óbreytt, en skuldir borgarinnar jukust verulega í góðærinu. Þær hafa stökktbreyst á þessu kjörtímabili þrátt fyrir stórauðnar tekjur. Hækkun um milljarð á hverjum mánuði. Mælaborðið sýnir þó enga hækkun skulda.

Opin fjármál lokuð

Svipaða sögu er að segja af vefnum „Opin fjármál Reykjavíkurborgar“, en þar eru nýjustu gögn tveggja ára gömul. Mælaborðið og „opnu fjármálin“ eru með öðrum orðum með eldri upplýsingar en ársreikningar borgarinnar. Lítið gagn er í slíku mælaborði. Einhverjir gætu talið sem svo að birtar væru nýjustu upplýsingar, en því fer fjarri. Vitaskuld. Miklu hefur verið kostað til í að forrita mælaborð borgarinnar. Þar kemur þó ekki fram skuldastaða samstæðu borgarinnar, en hún stendur í 382 milljórdum í september 2020 samkvæmt nýjasta árs hlutareikningi. Réttast væri að vera með skuldaklukkku á vefnum þannig að íbúar sjái hvernig þróunin er. Skuldaförnun borgarinnar var á fullu í góðærinu. Löngu fyrir kórónukreppuna. Kannski er það ekki tilviljun að fjármálin skuli ekki vera uppfærð á mælaborðinu?

Er ekki tími til kominn að tengja?

Píratar hafa lengið talað fyrir gagnsæi og betra aðgengi að upplýsingum. Samfylkingin hefur hrosað sér af fjölmennri og öflugri stjórnsýslu. Viðreisn hefur talað fyrir ábyrgri fjármálastjórn. Eitt er að lofa og annað að gera. Mælaborð sem virkar ekki er gagnslaust. Sá sem ætlar að nota fjárhagsupplýsingar sem er að finna á mælaborði borgarinnar finnur fátt nothæft. Því er eðlilegt að spurt sé: Er ekki tími til kominn að tengja?



Þrælահald hefur viðgengist refsilaust um áraradír á Íslandi og raunar alla tíð.

Manic Panic
hárlitir & aftlitunarefni
sendum samdægurs

Hokus Pokus
www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Hvenær og hvernig skal ræða siðferðileg álitamál?

Finnur Dellsén
dósent í heimspeki við Háskóla Íslands

Eyja Margrét Brynjarsdóttir
prófessor í heimspeki og hagnýtri siðfræði við Háskóla Íslands

Hlynur Orri Stefánsson
dósent í hagnýtri heimspeki við Stokkhólmsháskóla

Sigurður Kristinnsson
prófessor í heimspeki við Háskólann á Akureyri

Vilhjálmur Árnason
prófessor í heimspeki og stjórnarformaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands

Grein okkar í Fréttablaðinu 9. febrúar um hugsanlega bólu-efnarannsókn Pzifers vakti nokkra athygli. Tilgangur greinarinnar var að vekja almenning og yfirvöld til umræðu um siðferðileg álitamál sem við töldum ekki seinna vænna að rædd yrðu á opinberum vettvangi. Óhætt er að segja að það hafi tekist, að minnsta kosti hvað almenning varðar, því að viðbrögðin við grein okkar voru mikil og almennt jákvæð. Greinilegt var að mörgum hafði þótt þögnin um þessar siðferðisspurningar þrúgandi, sér í lagi hvað varðar þá grundvallarspurningu hvort nægilega sterk rök væru fyrir því að íslenska þjóðin yrði í heild sinni bólusett langt á undan nærri öllum öðrum þjóðum, þar á meðal þjóðum þar sem faraldurinn hrjáir fleiri og heilbrigðiskerfin eru veikari.

Úr því að ekkert virðist ætla að verða úr rannsókninni viljum hins vegar nota þetta tækifæri til að ræða almennt um siðferðilega umræðu af því tagi sem við hövttum til í fyrri greininni. Við höfum orðið vör við það viðhorf að siðferðisspurningar af þessu tagi eigi ekki heima í opinberri umræðu, til dæmis vegna þess að þær séu á verkswiði tiltekinnar stofnana svo sem Vísindasíðanefndar. Því hefur einnig verið haldið fram að spurningar af því tagi sem við vörpuðum fram hafi verið ótímabærar vegna þess að ekki hafi allar staðreyndir málsins legið fyrir. Þar sem þessi viðhorf hafa meðal annars komið fram hjá sóttvarna-yfirvöldum og forstjóra Íslenskrar

erfðagreiningar viljum við nota þetta tækifæri til að útskýra hvað er athugasemjulegt um tilgang og tímasetningu siðferðilegrar umræðu.

Allar ígrundaðar ákvarðanir okkar byggja bæði á skoðunum okkar um staðreyndir og á gildum okkar eða markmiðum. Sá sem ákveður til dæmis að láta bólusetja sig gerir það vegna þess annars vegar að hann telur að bólusetningin komi í veg fyrir að hann fái tiltekinn sjúkdóm (staðreynd) og hins vegar vegna þess að hann vill vernda sjálfan sig eða aðra fyrir sjúkdómnum (gildi). Þegar um mjög afdrifaríkar ákvarðanir er að ræða, eins og hvort heil þjóð sé bólusett á undan öðrum, er mikilvægara en ella að sem flestar staðreyndir málsins liggi fyrir. Það er augljóst.

Aftur á móti er það kannski ekki eins augljóst að hið sama á við um gildi: Eftir því sem ákvarðanir eru afdrifaríkar skiptir þeim mun meira máli að við gefum gildum okkar góðan gaum. Er það til dæmis forsvaranlegt að ein þjóð stigi út úr samkomulagi við aðra þjóðir um að tryggja sanngjarna dreifingu bóluafna, jafnvel þótt væntingar standi til að það skili vísindalegum niðurstöðum? Ef svo er, skiptir þá ekki máli hvort viðkomandi þjóð standi nú þegar vel hvað faraldurinn og heilbrigðiskerfi varðar? Þessar spurningar eru siðferðilegs eðlis. Þeim verður ekki svarað með því einu að höfða til fleiri staðreynda, til dæmis um það hvernig samningurinn við Pfizer hefði verið úr garði gerður.

Sumum kann að finnast þetta óþægilegt. Hvernig útkljáum við siðferðileg álitamál ef ekki er hægt að láta staðreyndir úrskurða um málið? Í okkar huga er svarið skýrt. Við svörum siðferðilegum spurningum af þessu tagi saman, sem samfélag, með því að eiga opinskáa, málefnalega umræðu um þau siðferðilegu gildi sem við viljum halda í heiðri og rökun fyrir þeim. Í slíkri umræðu eru sjaldnast allir sammála, sérstaklega ekki til að byrja með. Flest siðferðileg framfaraskref taka tíma – ekki vikur eða mánuði heldur ár, áratugi, jafnvel aldir. En án umræðunnar gerist ekkert. Þvert á móti: Ranglætið lifir góðu lífi og sérhagsmunir þrífast best í skjóli þagnarinnar.

Af þessu sést hvað er athugasemjulegt við fyrri viðhorfið sem við nefndum

hér að ofan – að siðferðisspurningar séu á verkswiði stofnana eins og Vísindasíðanefndar og eigi því ekki heima í opinberri umræðu. Þvert á móti er eðli siðferðilegra álitamála slíkt að þau á helst að ræða í þaula opinberlega áður en og samhliða því að þau koma inn á borð slíkra stofnana. Að halda öðru fram felur í sér sérkennilega trú á kennivald þessara stofnana sem handhafa sannleikans um siðferðileg málefni. Þessi trú er ekki aðeins einfaldningsleg heldur einnig ólýðræðisleg, að því leyti að hún útilokar almenning frá því að hafa áhrif á þau siðferðilegu gildi sem samfélagið heldur í heiðri.

Þetta varpar líka ljósi á seinna viðhorfið sem við höfnum – að siðferðisspurningarnar hefði ekki átt að ræða fyrr en búíð væri að leggja fram sanningsdrög. Af ofansögðu er ljóst að siðferðileg umræða þarf góðan tíma. Slíkar spurningar hefði tæpast verið hægt að útkljá á þeim tíma sem liði milli þess að sanningsdrög lögju fyrir og þess að skrifa ætti undir samninginn, enda höfðu forsvarsmenn sanningsumleitananna við Pfizer lagt áherslu á að vinna þyrfti málið hratt. Í því samhengi má rifja upp að ekki er liðið ár frá því að forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar sakaði Persónuvernd um glæpsamlegt athæfi þegar stofnunin afgreiddi umsókn fyrirtækisins ekki samdægurs. Augljóst er að afdrifarík siðferðileg álitamál er ekki hægt að ræða náðlega vel innan slíks tímaramma.

Reyndar mætti einnig gagnrýna þetta viðhorf á ýmsum öðrum forsendum. Til dæmis má nefna að einn tilgangur opinberrar siðferðilegrar umræðu um rannsóknina hefði verið að hafa áhrif á það hvernig samningnum við Pfizer yrði háttað. Á hvaða atriði hefði íslenska samninganefndin átt að leggja áherslu? Hefði Ísland átt að leita til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) til að leggja blessun sína yfir rannsóknina, til dæmis í ljósi afleiðinga fyrir bóluafnaðreifingu til annarra þjóða? Spurningar af þessu tagi hefði augljóslega þurft að ræða áður en samningarnir lögju fyrir.

Opinská og málefnaleg umræða um siðferðileg gildi er nauðsynleg í lýðræðissamfélagi. Hún má ekki einskorðast við tiltekna stofnanir eða sérfræðinga. Og hún þarf rúman tíma, sérstaklega þegar mikið er í húfi.

Helförin – hin fyrri og hin síðari



Þór Rögnvaldsson
heimspekingur



Í Palestínu er verið að fremja hægfaða þjóðarmorð.

Rósa Björk Brynjólfssdóttir útskýrði í Kastljósi þann 24. janúar að hún – ásamt fleiri þingmönnum – hefði í hyggju að leggja fram frumvarp sem gerir það refsivert að afneita helförinni.

Mér finnst þessi afstaða Rósu Björk að mörgu leyti skiljanleg. Helför nasista var á sínum tíma slíkur blóði drifinn höfuðglæpur að hún var í rauninni glæpur gegn mannkyninu – og snertir okkur þess vegna öll enn þann dag í dag – vegna þess að gyðingar eru líka manneskjur: þeir sem hafna helförinni eru sem sagt fyrst og fremst að hafna mennsku gyðinga.

Þá er hins vegar eftir að vita hvort Rósa Björk er tilbúin til að horfast í augu við – og fordæma – hina síðari helför líka; það er þá helför sem á sér

stað enn á okkar dögum og er aðför gyðinga – það er Ísraelsmanna – að börnum Palestínu.

Það eru ótrúleg og óhugnanleg líkindi með þessum tveimur helförum. Í fyrsta lagi er það kenningin um hinn „æðri“ og hinn „óæðri“ kynstofn. Nasistar kenndu þannig að aríar væru hinn æðri kynstofn en gyðingar óæðra fólk og ekki raunverulegar manneskjur. Á sama máta kenna Ísraelar á okkar dögum að þeir séu æðri vegna þess að þeir séu Guðs útvalin þjóð – og þar af leiðandi æðstir allra manna – og hafa enga ástæðu til að virða mennsku Palestínnumanna.

Og svo í öðru lagi eru líkindi með þessum tveimur helförum hvað það varðar að hinir „æðri“ safna saman hinum „óæðri“ í lokuðum

„gettóum“ með háum múrum og gaddavírsgirðingum.

Mér er auðvitað ljóst að sumum kann að blöskra hvernig ég ber ástandið í Palestínu saman við helför nasista: Ísraelsmenn hafa ekki reist neina gasklefa – og þeir hafa ekki drepið milljónir manna. Þetta breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að í Palestínu er verið að fremja hægfaða þjóðarmorð þar sem þeirri aðferð er meðal annars beitt að sölsa undir sig meira og meira af landi „þeirra“ – þannig að „gettóið“ skreppur stöðugt saman. Þjóðarmorð er þjóðarmorð og því ætíð glæpur gegn mannkyninu.

En það eru fleiri hliðar á þessu máli: Þegar popúlistarnir hafna helför nasista, þá gera þeir sér ekki grein fyrir að þeir eru í rauninni að veita málstað Ísraelsmanna lið með því að færa þeim í hendurnar vopn sem þeir kunna að beita: aðstæður fórnarlambins. Allir hafa samúð með fórnarlambinu og þess vegna gleymist það sem er að gerast í Palestínu.

Staðreyndin er samt sú að við berum öll ábyrgð á því sem er að gerast í Palestínu – líka Rósa Björk.



SUÐURNESJAMAGASÍN VÍKURFRÉTTA


Mannlífið á Suðurnesjum í máli og myndum. Páll Ketilsson er með puttann á púlsinum suður með sjó í vikulegum þætti á Hringbraut.

Fimmtudaga kl. 20.30

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is



HRINGBRAUT





Áhorfendur geta komist á leiki í Dominos-deild kvenna í kvöld.

Leyfa allt að 200 áhorfendur

ÍPRÓTTIR Samkvæmt nýjustu sóttvarnareglum heilbrigðisráðuneytisins fá nú allt að tvö hundruð manns að sækja íþróttakappleiki. Þetta staðfesti Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðgjafi og gær, eftir að hafa staðfesti tillögur Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis um næstu skref tilslakana á samkomutakmörkunum.

Áhorfendabann var sett á hér á landi undir lok október og hafa engir áhorfendur fengið að mæta eftir að íþróttastarf var heimilað á ný fyrr á þessu ári. Á því verður nú breyting því allt að 200 manns mega mæta á íþróttavíðburði frá og með deginum í dag.

Það fellur í hlut íþróttafélaga að tryggja eins metra fjarlægð á milli óskyldra aðila og verður aðeins selt í númeruð sæti. Þá verður gerð krafa um grímunotkun í stúkunnunni. Ef ekki verður hægt að tryggja áður nefnd skilyrði gildir fimm tíu manna fjöldatakmörkun hverju sinni. – kpt

Everton færirst nær nýjum velli

FÓTBOLTI Everton, félag Gylfa Þórs Sigurðssonar í ensku úrvalsdeildinni, fékk jákvæðar fréttir í gær þegar skipulagsráð Liverpool-borgar samþykkti teikningar félagsins á nýjum velli. Áætlað er að völluminn verði við Bramley-Moore hafnar-svæðið og taki tæplega 53 þúsund manns í sæti en honum er ætlað að leysa Goodison Park af hólmi eftir 128 ára notkun.

Málið er komið inn á borð ráðuneytis þar sem endanleg ákvörðun verður tekin en fáist leyfi þar vonast félagið til að geta hafið framkvæmdir í vor. Áætlað er að framkvæmdir taki tæplega þrjú ár og væri völluminn því tilbúinn á haustdögum 2024. – kpt

Sögulegt kuldakast kom ekki í veg fyrir nýtt Íslandsmet

Frjálsíþróttakonan Erna Sóley Gunnarsdóttir stórbætti Íslandsmetið í kúluvarpi á bandarísku háskólámóti um helgina þrátt fyrir að hafa lítið sem ekkert æft í vikunni fyrir mót. Kuldakast í Texas setti strik í reikninginn í undirbúningnum fyrir mótið en kom ekki í veg fyrir að Erna bætti eigið Íslandsmet.

FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR „Veðrið setti alveg strik í reikninginn í undirbúningnum. Ég náði ekkert að æfa, í raun alla vikuna fyrir keppnina. Það var bara mikið um hvíld í staðinn. Kannski var það eitthvað sem hjálpaði,“ segir frjálsíþróttakonan Erna Sóley Gunnarsdóttir, aðspurð hvort kuldakastið sem gekk yfir Texas í síðustu viku hafi ekkert bitið á hana eftir að Erna Sóley stórbætti Íslandsmetið í kúluvarpi um helgina. Erna Sóley kastaði kúlunni 16,95 metra og bætti með því eins árs gamalt Íslandsmet í eigin eigu í kúluvarpi innanhúss um 76 sentimetra.

Erna Sóley sem kemur úr herbúðum í Rice University, Rice Owls í Houston, Texas, samhlíða því að læra íþróttahæilbrigðisfræði í Bandaríkjunum. Hún, líkt og aðrir íbúar suðurríkisins Texas, fékk að kenna á kuldabyl í síðustu viku sem setti lífið í fylkinu á hliðina um tíma. Milljónir voru án rafmagns og vatns og tugir létu lífið í kuldakastinu.

„Lífið er orðið fint á ný í Houston þessa dagana eftir þrjá árið í síðustu viku. Ég átti ekkert von á þessu, þegar þetta fór niður í mínus ellefu gráður. Það var allt rafmagnslaust og vatnslaust hjá okkur, það var skrytið og tók á en það var því mikill léttir að komast aftur að keppa.“ Íslandsmetið innanhúss var þegar í eigu Ernu Sóleyjar eftir að hún bætti það á síðasta ári með kasti upp á 16,19 metra en með kasti um helgina á hún nú metið yfir lengsta kastið í kúluvarpi kvenna á Íslandi. Aðspurð segist hún hafa verið með annað augað á metinu eftir góðar kastæfingar í byrjun ársins.

„Tilfinningin var auðvitað bara frábær, að ná loksins þessu langa kasti sem er búið að vera á markmiðalistanum undanfarið. Um leið var líka þungu fargi létt af mér. Núna er Íslandsmetið í höfn og ég get einblínt á að bæta ofan á það og taka framförum. Ég var búin að vera að kasta vel á æfingum í byrjun árs og vissi að þetta væri möguleiki.



Erna Sóley vann til bronsverðlauna á EM U20 í Sviþjóð fyrir tveimur árum. MYND/KRISTÓFER ÞORGRÍMSSON

Tilfinningin var auðvitað bara frábær, að ná loksins þessu langa kasti sem er búið að vera á markmiðalistanum undanfarið.

Erna Sóley Gunnarsdóttir

Ég er búin að vera með það sem eitt af markmiðunum, að bæta gamla metið mitt sem var 16,19 metrar frá því í fyrra. Í fyrra kastinu náði ég að bæta það um um 30 sentimetra en vissi að ég ætti aðeins meira inni.“

Kastið kom Ernu Sóley í níunda sæti á styrkleikalistu NCAA, bandaríska háskólakerfisins, fyrir meist-

aramótið sem er á dagskrá 11-13. mars næstkomandi.

„Eins og staðan er nú er ég númer nú á styrkleikalistanum núna sem er frábært. Um næstu helgi er mót sem er hálfgerð upphitunarmót fyrir meistaramótið og svo verður vonandi tækifæri á að keppa á aðal móti sjálfu.“

Hún segist hafa tekið miklum framförum á tíma sínum í Rice University en hún er rúmlega hálfnuð með nám sitt og hefur því enn nægan tíma til að taka framförum.

„Ég er mjög ánægð hérna. Þetta er frábær skóli, íþróttastaðan mjög góð og við fáum gott aðhald. Ég hef tekið miklum framförum hérna og er mjög ánægð með þjálfarann hérna og samstarf hans og Péturs Guðmundssonar sem þjálfar mig heima. Það hefur verið mjög gaman að keppa fyrir hönd Rice og um leið mjög hvetjandi.“

Erna Sóley fagnar 21 árs afmæli í

næsta mánuði og er búin að tryggja sér þátttökurétt á EM U23 síðar á þessu ári. Næsta skref er að keppa í fullorðinsflokki á alþjóðavísu en Íslandsmet hennar er rúmum metra frá Ólympíulágmarki. Erna var ekki á Ólympíulista ÍSÍ sem gefinn var út í fyrra en aðspurð segist hún aðeins vera farin að velta möguleikum fyrir sér að komast á leikana í Tókýó.

„Ég er aðeins farin að velta Ólympíuleikum fyrir mér,“ segir Erna létt í lund og heldur áfram: „Það er annar möguleiki til staðar í stigakeppninni, að komast inn á leikana þannig. Til þess þyrfti ég að komast í eitt af efstu 32 sætum á heimsvísu. Til þess þarf ég gott meðaltal á alþjóðlegum mótum. Ég er aðeins að velta fyrir mér kostunum sem standa til bóða, til þess þyrfti ég að fara á nokkur alþjóðleg mót en á sama tíma er nægur tími til stefnu.“ kristinnpall@frettabladid.is

Börsungar enn tekjuhæstir þrátt fyrir fimmtán prósentu samdrátt

FÓTBOLTI Í nýrri skýrslu endurskoðanda- og ráðgjafarfyrirtækisins Deloitte á fjármálum stærstu liða heims kemur fram að spænska stórveldið Barcelona sé enn það félag á heimsvísu sem fær mestar tekjur inn á borðið þrátt fyrir fimmtán prósentu samdrátt á milli ára. Í sömu skýrslu kemur fram að flest af stærstu liðum heims hafi orðið fyrir tekjufalli af síðasta ári af völdum kórónaveirufaraldursins en áætlað er að heimfaraldurinn komi til með að hafa kostað stærstu lið Evrópu tvo milljarða evra í tekjutapi í lok þessa tímabils.

Barcelona komst í efsta sæti peningalista Deloitte á síðasta ári þegar félagið bætti metið yfir tekjuinnkomu á einu tímabili með 841 milljón evra. Það var 21 prósentu aukning frá árinu áður þegar félagið fékk um 690 milljónir evra í kassann og

Real Madrid var tekjuhæsta félag heims með rúmlega sjö hundruð milljónir evra. Spænsku félögin hafa, líkt og flest önnur lið, fundið fyrir áhrifum kórónaveirufaraldursins en tekjustreymið sem fylgdi leikdögum hefur horfið og áætlað er að áhorfendaleyfið hafi kostað Börsunga um 32 milljónir evra á síðasta ári.

Ensk lið eru fjölmenn á listanum yfir liðin sem þénuðu mest á síðasta tímabili en fimm lið úr ensku úrvalsdeildinni eru meðal tíu efstu á listanum. Manchester United er þar efst á blaði þrátt fyrir að tekjustreymi félagsins hafi minnkað um nitján prósent á milli ára og heldur naumu forskoti á erkifjendurnar í Liverpool. Um 86 prósent af þessu tekjutapi má rekja til þess að Manchester United lék ekki í Meistaradeild



Börsungar þéna vel en stór hluti fer í vasa Lionel Messi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Evrópu á síðasta ári og fékk ekki greitt þær svimandi háu upphæðir sem félög fá fyrir sýningarréttinn í sterkustu deild heims. Fyrir vikið missir Manchester United þriðja sæti listans til ríkjandi Evrópu-meistaranna í Bayern München og í fimmta sæti er Liverpool sem er í fyrsta sinn í níttján ár meðal fimm tekjuhæstu liða heims. Þá sér veglegur sjónvarpsáskráningur ensku úrvalsdeildarinnar um sýningar-réttinn frá leikjum í deildinni til þess að tölfa þrjátíu tekjuhæstu liðum heims á síðasta ári leika í ensku úrvalsdeildinni.

Slakur árangur ítalska stórveldisins AC Milan undanfarin ár verður til þess að félagið er í 30. sæti peningalista Deloitte á eftir félögum á borð við Sheffield United, Crystal Palace, Benfica og Eintracht Frankfurt. – kpt



Er kominn tími á nýja glugga?

Í netverslun skanva.is seljum við gæða glugga og hurðir úr tré, tré/áli og plasti. Þú kaupir beint frá verksmiðjunni og sparar því dýran millilið.

**NETVERÐ
35%**
LÆGRA EN BÚÐARVERÐ

+5%

MEÐ KÓÐANUM
VETUR40

- Innbrotsvörn
- 10 ára ábyrgð
- Slagveðursprófun




Skref 1 - Mæla rétt



Skref 2 - Panta á netinu



Skref 3 - Setja í



Gerðu það sjálf/ur með Skanva.
Sjáðu öll kennslumyndböndin okkar
inná skanva.is/video

Sýningarsalur

Fiskislóð 31E - 101 Reykjavík

 **Skanva.is**

TÍMAMÓT



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Dýrleif Andrésdóttir

Leirhöfn,

andaðist á Hvammi, heimili aldraðra á Húsavík, fimmtudaginn 18. febrúar sl.

Jarðarförin fer fram frá Snartarstaðakirkju laugardaginn 27. febrúar kl. 14.00 að viðstöddum nánustu ættingjum og vinum. Þeir sem vilja minnst hennar vinsamlega látið Hvamm, heimili aldraðra á Húsavík, njóta þess, kt. 511298-2969, reikningsnr. 1110-15-201156. Hjartans þakkir til starfsfólks Hvamms fyrir góða og hlýja umönnun í gegnum árin.

Athöfninni verður streymt á Facebook-viðburðinum „Jarðarför Dýrleifar Andrésdóttur, Leirhöfn“

Andrea Jóhannsdóttir

Margrét Jóhannsdóttir

Arnfríður Jóhannsdóttir

Hildur Jóhannsdóttir

Steinar Matthíasson

Jón Þór Guðmundsson

barnabörn og langömmubörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Elías Gunnlaugsson

frá Gjabakka í Vestmannaeyjum, síðast til heimilis að Hraunbúðum í Vestmannaeyjum,

lést 5. febrúar sl. Útför hans mun fara fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum föstudaginn 26. febrúar klukkan 14.00. Streymt verður á Landakirkja.is.

Hjördis Elíasdóttir

Björk Elíasdóttir

Viðar Elíasson

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Hannes G. Thorarensen

Stefán Örn Jónsson

Guðmunda Áslaug Bjarnadóttir

barnabörn og langömmubörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Haukur Jóhannsson

skipstjóri og útgerðarmaður Vestmannaeyjum,

lést á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja fimmtudaginn 18. febrúar. Útförin fer fram frá Landakirkju þriðjudaginn 2. mars klukkan 13. Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur og vinir viðstaddir útförina. Athöfninni verður streymt. Þeir sem óska eftir aðgangi að streyminu eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við Hildi Dögg Jónsdóttur í pósthfangið hildurdjons@gmail.com.

Emma Kristjánsdóttir

Kristján Hauksson

Guðrún Hauksdóttir

Jóhanna Hauksdóttir

Sigurður Óli Hauksson

Ída Night Ingadóttir

Jón Gisli Ólason

Margrét Helgadóttir

afabörn og langafabörn.



Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir, mágur og tengdasonur,

Ástþór Hlökkversson

rafvirki,

Erluási 28, Hafnarfirði,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi, miðvikudaginn 17. febrúar.

Útförin fer fram frá Viðistaðakirkju í Hafnarfirði mánudaginn 1. mars kl. 15.00.

Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Athöfninni verður streymt og hægt er að nálgast virkan hlekk á youtu.be/Fe1VgBI9Jlo

S. Helga Guðmundsdóttir

Hilmar Ástþórsson

Elva Björk Ástþórsdóttir Lee

Berglind Alda Ástþórsdóttir

Hlökkver Pálsson

Ólafur Ómar Hlökkversson

Geir Sigurpáll Hlökkversson

Vignir Þróstur Hlökkversson

Hlökkver Hlökkversson

Róbert Karl Hlökkversson

Víóletta Ósk Hlökkversdóttir

Guðmundur Tr. Ólafsson

Rakel Svala Gísladóttir

Wade Barrett Lee

Styr Orrason

Sonja Gränz

Jóna Lind Sævarsdóttir

Lilja Björk Hauksdóttir

Margrét Perla Kolka Leifsdóttir

Erla María Árnadóttir

Sverrir Örn Gunnarsson

Alda Hauksdóttir

Bebop-goðsögn hyllt

Kvartett Sigurðar Flosasonar hyllir saxófóngoðsögnina Charlie Parker á tónleikum í Hörpu í kvöld. Parker var frumkvöðull bebopsins sem umturnaði heimi djasstónlistar.

Jazzklúbburinn Múlinn hefur undanfarið verið að vakna til lífsins og stendur þessa dagana fyrir kraftmikilli vordagskrá. Í kvöld verða tónleikar í Flóa í Hörpu þar sem kvartett Sigurðar Flosasonar mun hylla einn helsta frumkvöðul djassins, Charlie Parker.

„Ég get alveg staðfest að hann hefur haft mikil áhrif á ekki bara mig, heldur flesta djasstónlistarmenn að einhverju leyti,“ segir Sigurður um Parker sem var einn helsti frumkvöðull bebop-stefunnar sem komst á skrið í kringum árið 1945. Þar áður hafði swing-tónlist verið allsráðandi í senunni en nú tóku við breyttir tímar.

„Tónlistin fór frá því að vera popptónlist síns tíma, í að verða til listarinnar vegna,“ segir Sigurður. „Hún hætti að taka tillit til dansmenntar, en á swing-tímanum miðaðist tónlistin mikið við dans, til dæmis hvað varðar hraða á lögum.“

Bebopið var hins vegar fyrst og fremst hugsað til hlustunar. „Parker, Dizzy Gillespie og aðrir frömuðir í þessari stefnu voru gríðarlega flinkir hljóðfæraleikarar sem settu ný viðmið – hástökksráin var hækkuð allhressilega með tilkomu þeirra.“

Merkileg saga Charlies Parker er þó líka sorgleg en hann lést aðeins 34 ára gamall vegna heróínneyslu. „Þetta var því miður ansi algengt á þessum tíma,“ segir Sigurður. „Margir fóru út í neyslu einmitt vegna þess að Parker var sjálfur í neyslu. Hann var svo langt á undan



Charlie Parker hefði orðið 100 ára í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

sínum tíma og svo öflug fyrirmynd að margir töldu sér trú um að ef þeir færu sömu leið og hann þá gætu þeir spilað á sama plani.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 í kvöld í Hörpu og er hægt að nálgast miða í miðasölu eða á tix.is.

arnartomas@frettabladid.is



Sigurður Flosason
tónlistarmaður



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín P. G. Jónsdóttir

(Lalla)

Njálsgötu 1,

Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni aðfaranótt 16. febrúar, verður jarðsöngin frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 25. febrúar kl. 13. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á hjúkrunarheimilið Sóltún.

Ingibjörg Þóra Marteinsdóttir

Kristinn Óskar Marteinson

Hilmar Teitsson

Þóra Stefánsdóttir

barnabörn og langömmubörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Halldóra G. J. Halldórsdóttir

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 14. febrúar. Útförin fer fram frá Landakotskirkju föstudaginn 26. febrúar klukkan 15. Þar sem takmarka þarf fjölda kirkjugesta verður útförinni streymt á Facebook-viðburðinum „Jarðarför Halldóru Halldórsdóttur (Dóu)“.

David Marinósson

Jón Viðar Viðarsson

Heiða Karen Viðarsdóttir

Fríðrik Jósef Viðarsson

Hildur Karen Jónsdóttir

Ragna Gróa Steingrimsdóttir

Adrian Hansen

Sigurlaug Rúnarsdóttir

Sóley Jónsdóttir

Frosti Jónsson

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Elsku maðurinn minn og besti vinur, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

Tómas Jóhannes Runólfsson

Þjóðbraut 1, 300 Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi, föstudaginn 19. febrúar. Útförin fer fram frá Akranesirkirkju föstudaginn 26. febrúar klukkan 13.00. Athöfninni verður streymt á netinu frá vef Akranesirkirkju. www.akranesirkirkja.is.

Kristrún Guðmundsdóttir

Fríða Björk Tómasdóttir

Kristrún Sara Bjarnadóttir

Heiðrún Yr Bjarnadóttir

Tómas Bjarnason og Ari Friðrik Scheffer

Jón Rafns Runólfsson

Bjarni Friðrik Sölvason

Pascal Scheffer

Inga Harðardóttir



Elskulegur sonur minn, bróðir, mágur og frændi,

Kormákur Jónsson

húsasmiður,

Hólavegi 2,

Laugum,

lést á sjúkrahúsinu á Akureyri 12. febrúar.

Hann verður jarðsöngin frá Einarstaðakirkju í Reykjadal sunnudaginn 28. febrúar kl. 14, að viðstöddum ættingjum og vinum. Útförinni verður streymt á Facebook-síðu Einarstaðakirkju.

Áslaug Kristjánsdóttir

Ólöf S. Valdimarsdóttir

Valtýr Sigurbjarnarson

Narfi Björgvinsson

Teitur Björgvinsson

Grimur Vilhjálmsson

Hreinn Vilhjálmsson

Vilhjálmur Grimsson

Guðný I. Grimsdóttir

og aðrir aðstandendur.

Hanna Hauksdóttir

Theódóra Kristjánsdóttir



MIDVIKUDAGUR 24. FEBRÚAR 2021

Heilsa



Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Margrét Þóra Jónsdóttir, eða Gréta, starfa hjá Fjölbrautaskóla Vesturlands og eru í heilsuteymi skólans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íslensk hráefni
fyrir þína liðaheilsu

EYLIF

Heilsan er dýrmætust
www.eylif.is

Sólarlandaferðir og sæla á Skaganum

Í Fjölbrautaskóla Vesturlands er lögð mikil áhersla á heilsueflingu af ýmsu tagi. Má þar til að mynda nefna sérstakan flot- og sjósundsáfanga sem skólinn hóf nýverið að bjóða upp á, fyrstur allra framhaldsskóla á landinu. ➔2



Hildur Karen í Bjarnarlaug ásamt nemanda sínum en áfanginn hennar hefur slegið rækilega í gegn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framhald af forsiðu →

Hjördís Erna
Þorgeirsdóttir
hjordiser@frettabladid.is



Þær Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Margrét Þóra Jónsdóttir, eða Gréta eins og hún er alltaf kölluð, starfa í Fjölbrotaskóla Vesturlands, FVA. Hildur Karen er menntaður íþrótt- og grunnskólakennari og Gréta er næringarfræðingur sem hefur kennt í skólanum um árabil ásamt því að sinna eigin rekstri.

Sjóuð í sundi og floti

Hildur Karen býr yfir umfangsmikilli reynslu í öllu sem við kemur sundi. „Ég er með a-, b- og c-stig í sundþjálfun auk þess að hafa starfað sem ungbarnasundkennari í rúm 20 ár. Ég hef einnig verið með sundnámskeið fyrir börn á aldrinum tveggja til sex ára og kenni fullorðnum skriðsund nokkuð reglulega. Svo er ég líka með sterka tengingu við ÍA,“ segir Hildur og þá greinir Gréta frá því að Hildur hafi um skeið verið framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Akraness.

Hildur hóf störf í FVA síðasta haust og segir hugmyndina að áfanganum hafa kviknað eftir að kennararnir voru beðnir um að koma með hugmyndir að val-áfangi. „Ég hugsaði með mér: Hvað get ég búið upp á? Hvað hef ég fram að færa sem hefur kannski ekki verið búið upp á áður? Og ég bar þessa hugmynd undir skólastjórnendum sem tóku mjög vel í hugmyndina og voru algjörlega til í að prófa. Það skiptir svo miklu máli að hafa stuðning og það var ákveðið að kyla á þetta.“

„Ég hef unnið mikið í kringum

vatn og með fólki í vatni þannig að þetta lá svona beinast við. Ég var svo heppin að kynnast Unni Valdís Kristjánsdóttur hönnuði Flothettu og hef verið með í því frábæra flotsamfélagi sem hefur byggst upp í kringum hana. Síðan er ég með flottíma fyrir almenning hér í Bjarnarlaug,“ segir Hildur. „Hún er flotkennari Skagans,“ bætir Gréta við brosandí.

Vin frá sitengdri tilveru

Tímarnir hjá Hildi fara fram í Bjarnarlaug en lýsingar á tímanum hljóma ekki eins og eitthvað sem tengist, í það minnsta dæmigerðum, hugmyndum um skóla.

„Þegar þú kemur inn er slökunartónlist og búíð er að kveikja á kertum sem eru með fram bakkanum. Nemendur tínast ofan í hægt og rólega og við byrjum tímana á að gera teygjur og öndunaræfingar, róa hugann og ná góðri slökun. Nemendurnir halla sér aftur með flotbúnað, þau sem vilja fá teppi eða augnhvílu. Flotið er um í lauginni sem er um 35 gráðu heit, í svona 50 mínútur. Ég fer á milli þeirra, býð þeim slökunarnudd og beiti ákveðinni vatnsmeðhöndlun til að hjálpa þeim að ná djúpslökun,“ útskýrir Hildur en það er ekki laust við að blaðakona fyljist dálítilli öfund í garð nemenda Hildar.

„Hildur Karen er líka með svo einstaka nærveru sem hjálpar henni pottþétt með þennan áfanga því hún kemur mjög nálægt þeim, er ofan í með þeim og nuddar þau,“ bætir Gréta við.

Hildur segir áfangann hafa fengið frábærar viðtökur nemenda sem segjast sofa betur auk þess sem mætingin er góð sem segi sína sögu. Ljóst er að flot felur í sér margþættan ávinning sem hentar

Við byrjum tímana á að gera teygjur og öndunaræfingar, róa hugann og ná góðri slökun. Nemendurnir halla sér aftur með flotbúnað, þau sem vilja fá teppi eða augnhvílu.

sérstaklega ungmennum samtímans.

„Flot er mjög langt frá því stöðuga áreiti sem nemendur eru undir í sitengdri tilveru og þarna gefst þeim klukkutími án alls áreitis. Flot í þyngdarleysi í heitri sundlaug er einstök leið til að losa spennu úr líkama og sál og skapar aðstæður fyrir djúpslökun sem getur meðal annars minnkað streitu, aukið sköpun, bætt einbeitingu og aukið svefngæði. Síðan er sjósundið inni í þessum áfangi, við förum í það þegar það fer að vora og hlýna aðeins í veðri.“

Heilsuefning á marga vegu

Gréta er næringarfræðingur, kennir og er verkefnastjóri í heilsuefningarteymi skólans auk þess sem hún er í hlutastarfi á heilsgæslunni á Akranesi. Þá rekur hún sitt eigið fyrirtæki ásamt systur sinni sem er einnig næringarfræðingur en fyrirtækið heitir hinu ákaflega vídeigandi nafni 100 g. „Ég er búin að vera hérna í fjöl-

braut meira og minna síðan 2011 með tveimur fæðingarorlofum. Ég kenndi líffræði og næringarfræði en er núna bara að kenna næringarfræði og er með tvo áfanga. Síðan er ég verkefnastjóri í heilsuefningarteyminu með frábæru fólki, bæði starfsfólki og nemendum þar sem unnið er að heilsuefningu nemenda og starfsfólks í víðu samhengi,“ segir Gréta og skýrir frá því að rauði þráðurinn í öllu starfi teymisins sé alltaf fyrst og fremst jákvæð nálgun á heilsu.

„Ég var svo heppin að fá að koma inn í teymið með Grétu og félögum og þetta er alveg rosalega metnaðarfullt starf sem fer þarna fram,“ skýtur Hildur inn í og staðfestir þar með jákvæðu nálgunina.

Gréta segir þau fara ýmsar leiðir að því að efla heilsu nemenda og starfsfólks. „Skólinn hefur frá árinu 2011 verið þátttakandi í verkefninu Heilsuefningu framhaldsskóli sem er á vegum Landlækniseimbættis. Embættið hefur sett saman stóra gátlista þar sem komið er inn á mismunandi þætti heilsu og við erum að vinna út frá þessum listum og heimfæra það yfir á það sem við getum gert hér í skólanum. Meðal þess sem við höfum gert er að taka orkudrykki úr sölu í mótuneytinu, bjóða upp á hafragraut á morgnana að kostnaðarlausu, hafa salatbar í hádeginu og svo erum við með sérstaka heilsuviku og tökum þátt í íþróttaviku ÍSÍ. Þess utan er líka starfandi geðhjúkrunarfræðingur og forvarnarfulltrúi í skólanum.“

Starfsfólk skólans er ekki undanskilið en meðal þess sem því stendur til bóða eru mánaðarlegar starfsmannagöngur ásamt fleiri skemmtilegum viðburðum en Gréta og Hildur segja mikla eftirvæntingu ríkja eftir starfs-

mannferð skólans á Hornstrandir í byrjun ágúst.

Sólarlönd og kolefnisjöfnun

Teymið stendur þá fyrir reglulegum verkefnum og viðburðum í skólanum þar sem blandað er saman ólíkum þáttum heilsu og þeir jafnvel tengdir við önnur mikilvæg málefni eins og umhverfisvernd líkt og gert var nýverið.

„Nýjasta verkefnið sem var í gangi var „Göngum til góðs til Tene“ sem var að ljúka í síðustu viku. Við komumst náttúrulega ekki til Tenerife út afsvolitlu en við ákváðum að fara af stað með verkefni sem byrjaði 15. janúar þar sem markmiðið var að ganga, hlaupa, hjóla og synda samtals 4.000 km sem jafngildir vegalengdinni frá Akranesi til Tenerife. Auk þess var áheimum safnað þar sem imyndaðar „flugferðir“ voru kolefnisjafnaðar og runnu áheitin til Skógræktarfélag Akraness en það er líka gaman að segja frá því að skólinn er Grænfánaskóli.“

Heilsuefningin teygir anga sína víðar á Skaganum en Gréta segir Akranes enn fremur vera heilsuefningu samfélag. Það rími vel við áherslur skólans auk þess sem íþrótt- og lýðheilsustarf hafi lengi verið áberandi á Akranesi. Staðsetningin er ekki síður tilvalin þegar sjósundið tekur við af flotinu í áfanganum sem Hildur kennir en hún segir að þau muni heldur betur koma til með að nýta sér hana þegar söl hækka á lofti.

„Það er auðvitað löng hefð fyrir sjóþöðum hér á Skaganum og ég tala nú ekki um þegar Guðlaug kom sem er náttúrulega við Langa-sand. Við munum að sjálfsögðu tengja okkur við hana og þannig nýtum við okkur þetta dásamlega svæði sem við höfum hérna.“

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 24. febrúar 2021

8. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

 ROLEX	 TUDOR		Verið velkomin í glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi	
 TAG Heuer	 LONGINES			MICHELSEN 1909
 NOMOS GLASHÜTTE	 TISSOT			

Kaupa Ölmú á 11 milljarða

Búið er að samþykkja kauptilboð í næststærsta leigufélag landsins. Kaupandinn er eignarhaldsfélagið Langisjór en dótturfélag þess er hluthafi í Eik, Regin og Reitum.

2

Langt í glannalegan bankarekstur

Íslensku bankarnir eru með mun hærri eiginfjárlutföll og vogunarlutföll en stærstu norrænu bankarnir. Arion segir útgreiðslur ekki hafa neikvæð áhrif á hagkerfið.

4

47 milljarðar uppgreiðanlegir

Alls eru 47 milljarðar af úti-standandi útlánnum ÍL-sjóðs með uppgreiðsluákvæði. Uppgreiðslur námu 59 milljörðum á síðasta ári.

5

Góður tími fyrir auglýsingastofu

Þormóður Jónsson segir að Íslenska auglýsingastofan hafi komið siglandi til þeirra í höfn á réttum tíma. Þeir vilja ekki vera í SÍA en eru í SA.

8

Sveigjanleg útgáfa, betri kjör?

Samanburður á útgáfu bankanna og vandræðagangur við fjármögnun sveitarfélaga og ríkisins sýnir að vel sé hægt ná niður fjármagns-kostnaði hins opinbera.

10



Laxeldisfyrirtækin verða risar á Íslandi

Þorsteinn Már Baldvinsson telur að gríðarlegur vöxtur sé fram undan í laxeldi á Íslandi. Eldisfyrirtækin verði meðal veltumestu sjávarútvegsfyrirtækja hér á landi innan fimm ára. Segir að sala á hlut í Síldarvinnslunni sé til að mæta umræðu um dreifðari eignaraðild í íslenskum sjávarútvegi. ➔6

 **Sala á hlut í Síldarvinnslunni er því tilraun til að mæta þeirri umræðu sem hefur verið um sjávarútveginn og ná fram betri sátt um greinina.**

MYND/PÓRHALLUR JÓNSSON



*GUCCI

Nýtt - sóglæraugu 2021

www.opticalstudio.is

Yfir 11 milljarða króna gengishagnaður Stoða á fimm mánuðum

Hlutabréfabréfaeign Stoða, eins stærsta fjárfestinga-félags landsins, í fjórum skráðum fyrirtækjum í Kauphöllinni hefur hækkað um 55 prósent að markaðsvirði frá byrjun fjórða ársfjórðungs á síðasta ári til dagsins í dag, eða sem nemur meira en 11 milljörðum króna, samkvæmt útreikningum Markaðarins.

Samanlagt virði eignarhluta Stoða í félögum fjórum – Símanum, Arion, TM og Kviku – nemur nú um 31,5 milljörðum króna. Stoðir eru stærsti hluthafinn í öllum fyrirtækjunum nema í Arion en eignarhlutur félagsins þar nemur tæplega fimm prósentum og er metinn á um 10,5 milljarða króna miðað við núverandi gengi bréfa bankans.

Úrvalsvisitala Kauphallarinnar hefur á sama tíma hækkað um líðlega 41 prósent frá byrjun fjórða ársfjórðungs í fyrra en miklar hækkanir hafa verið á gengi bréfa flestra skráðra félaga.

Mest munaði á tímabilinu að hlutabréfaverð Arion banka hefur hækkað um meira en 60 prósent sem hefur skilað sér í nærri 4 milljarða króna gengishagnaði fyrir Stoðir en félagið er umsvifamesti einkafjárfestirinn í hluthafahópi bankans.

Þá hefur hlutabréfaverð Símans, þar sem Stoðir eru stærsti hluthafinn með tæplega 15 prósent hlut, hækkað um tæplega 42 prósent og er markaðsvirði eignarhlutar félagsins í fjarskiptarisanum því núna metinn á nærri 12,8 milljarða.

Mestu gengishækkanir á undanfórnum mánuðum, að minnsta kosti í prósentum talið, hafa aftur á móti verið á hlutabréfaverði TM og Kviku banka – annars vegar um 74 prósent og hins vegar um 72 prósent – en félögin munu sem kunnugt er sameinast á komandi vikum.

Stoðir verða stærsti hluthafinn í sameinuðu fyrirtæki en í dag nemur markaðsvirði samanlagðs eignarhlutar Stoða í félögum tveimur um 8,3 milljörðum króna.

Gefa út áskriftarréttindi í Arion fyrir 6,6 milljarða

Stjórn Arion banka hyggst í lok vikunnar gefa út áskriftarréttindi fyrir 54 milljónum nýrra hluta að nafnverði, eða sem jafngildir um þriggja prósent hlut í bankanum, með sölu á bréfunum í lokuðu útboði. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur bankinn fengið Íslensk verðbréf til að hafa umsjón með útboðinu. Miðað við núverandi gengi bréfa Arion er virði slíkra áskriftarréttinda um 6,6 milljarðar króna.

Útgáfan byggir á heimild stjórnar frá hluthafafundi bankans í mars á síðasta ári. Markmiðið með henni, eins og kom fram í þáverandi tillögum stjórnar bankans, væri meðal annars að stuðla að virkri verðmyndun með hlutabréf félagsins og gera starfsmönnum og öðrum fjárfestum kleift að fjármagna til langs tíma kaup í bankanum með fyrirfram þekktri áhættu.

Hlutabréfaeign Stoða

	Virði (ma.)	Hækkun frá 1. okt.
Síminn	12,78	41,8%
Arion	10,53	60,1%
TM	4,89	74,0%
Kvika	3,35	71,8%



Jón Sigurðsson, stjórnarformaður Stoða.

Óformlegar viðræður um samruna TM og Kviku áttu sér nokkurn aþdraganda en Markaðurinn greindi fyrst frá því í júlí að stjórn Kviku banka hefði beiðni stjórnar TM um að hefja formlegar sameiningarviðræður þar sem ekki náðist saman um meðal annars skiptihlutföll. Þremur mánuðum síðar hófust formlegar viðræður. Stoðir, sem hafa um nokkurt skeið verið stærsti hluthafinn í TM, höfðu fyrr á árinu byggt upp umtalsverða stöðu í Kviku í gegnum framvirka samninga og í byrjun desember tilkynnti félagið að það væri komið með yfir átta prósent hlut í Kviku þegar það seldi hluta af bréfum sínum í TM í skiptum fyrir bréf í bankanum.


Samkvæmt síðasta birta árshluta-reikningi Stoða voru fjárfestingareignir metnar á 23,5 milljarða í lok þriðja ársfjórðungs á síðasta ári og þá átti félagið um 3,6 milljarða. Engar skuldir hvíla á félaginu.

Stærstu hluthafar Stoða eru meðal annars félög á vegum Jóns Sigurðssonar, stjórnarformanns Símans og Stoða, Einar Arnar Ólafssonar, fyrrverandi forstjóra Skeljungs og stjórnarmanns í TM, og Örvars Kjærnested, fjárfestis og stjórnarformanns TM. Í lok síðasta árs seldi Landsbankinn tólf prósent hlut sinn í Stoðum fyrir um 3,3 milljarða til hóps einkafjárfesta og lífeyrissjóða. – hae

54

milljónir nýrra hluta verða gefnar út með sölu í lokuðu útboði.

Gert er ráð fyrir að meirihluti áskriftarréttindanna, sem er kaupréttarfyrikomulag sambærilegt því sem komið hefur verið upp í Kviku banka, verði seldur til starfsmanna bankans en fagfjárfestar muni geta keypt um 30 prósent útgáfunnar. Fyrir réttindin verður greitt markaðsverð en stjórn bankans mun hafa heimild til mars árið 2025 til að framkvæma nauðsynlega hlutafjárhækkun í tengslum við nýtingu áskriftarréttindanna á tímabilinu. – hae



Meirihluti íbúða leigufélagsins, um 1.100 talsins, er á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Langisjór kaupir Ölmú leigufélag á 11 milljarða

Kaup á næststærsta leigufélagi landsins munu formlega klárast í næsta mánuði eftir nokkurra mánaða söluferli. Dótturfélag kaupandans er meðal annars í hópi stærstu hluthafa í öllum þremur skráðu fasteignafélögum.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Þú er að samþykka kauptilboð í allt hlutafé leigufélagsins Ölmú, sem áður hét Almenna leigufélagið, fyrir um 11 milljarða króna. Kaupandi Ölmú, samkvæmt heimildum Markaðarins, er eignarhaldsfélagið Langisjór sem er í eigu systkinanna Guðnýjar Eddu, Eggerts Árna, Halldórs Páls og Gunnars Þórs Gíslabarna en fjölskyldan á meðal annars heildverslunina Mata.

Alma er næststærsta leigufélag landsins með tæplega 1.100 íbúðir í rekstri, einkum á höfuðborgarsvæðinu, og námu heildareignir þess um 46,6 milljörðum um mitt síðasta ár.

Gert er ráð fyrir því að kaupin gangi formlega í gegn í lok næsta mánaðar og í kjölfarið verður allt söluandvirðið greitt út til sjóðfélaga Almenna leigufélagsins eignarhaldssjóðs (ALE), sem er fagfjárfestisjóður í rekstri GAMMA, dótturfélags Kviku, og eigandi Ölmú. Voru kaupin, sem eru fjármögnuð af Arion banka, tilkynnt til Samkeppniseftirlitsins síðastliðinn föstudag, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Í hópi helstu hluthafa Ölmú, sem sjóðfélagar í gegnum ALE-sjóðinn, eru meðal annars sjóðastýringar-fyrirtækið Stefnir, félög tengd Guðbjörgu Matthíasdóttur, aðal-eiganda Ísfélagsins í Vestmannaeyjum, tryggingafélagin TM, Sjóvá og VÍS og einnig Langisjór.

Á meðal dótturfélaga í eigu Langasjós, sem átti eignir upp á tæplega 17 milljarða í árslok 2019, eru Brimgarðar en félagið er lang-

46,6

milljörðum króna námu heildareignir Ölmú um mitt síðasta ár.



Gunnar Þór Gíslason, einn hluthafa Langasjós.

samlega stærsti hluthafinn í Eik með þremur 15,5 prósent hlut auk þess að vera á meðal tuttugu stærstu hluthafa í fasteignafélögum Regin og Reitum. Þá voru Brimgarðar einnig í hópi stórra hluthafa í Heimavöllum, sem var um tíma skráð í Kauphöllina, en það var yfirtekið af norska leigufélaginu Fredensborg í fyrra fyrir um 17 milljarða og heitir nú Heimstaden.

Kaupverð Langasjós á leigufélaginu er á genginu 0,91 miðað við núverandi eigið fé Ölmú en samkvæmt síðasta birta árshluta-reikningi um mitt síðasta ár nam það um 12,4 milljörðum. Handbært fé félagsins, sem hefur aukist talsvert samhliða sölu á eignum á undanfórnum mánuðum, nemur í dag yfir 3 milljörðum króna. Kaupverðið á Ölmú, að sögn þeirra sem þekkja vel til, er sambærilegt verðmötum sem félagið lét KPMG og Kviku banka gera fyrir sig vegna sölu.

Leigufélagið var sett í formlegt söluferli í október, sem hefur verið í umsjón fyrirtækjaráðgjafar Kviku, en um tíma leit út fyrir að ekkert yrði af sölu og að Alma yrði þess í

stað skráð á First North markaðinn í Kauphöllina. Flestir stærstu hluthafar Ölmú eru sagðir áfram um að selja félagið á því verði sem núverandi kauptilboð gerir ráð fyrir en sumir, þá einkum Stefnir, hafa hins vegar fremur viljað fara þá leið að skrá leigufélagið á markað. Tvö alitleg tilboð bárust í félagið í söluferlinu en auk Langasjós áttu sér stað viðræður við sjóðastýringarfélag sem var með hóp innlendra fjárfesta, meðal annars lífeyrissjóði, á bak við sig.

Áform Ölmú, sem varð til við sameiningu nokkurra fasteignasjóða í rekstri GAMMA árið 2016, á sínum tíma stóðu til þess að fara með félagið á markað en horfið var frá því haustið 2019. Þá hafði reksturinn verið undir væntingum í nokkurn tíma og aðstæður á mörkuðum ekki taldir fýsilegar. Sett var á fót fimm manna fjárfestaráð, skipa fulltrúum hluthafa, og eins var stokkað upp í stjórn leigufélagsins.

Á undanfórnum misserum hefur verið náðist í ýmsar hagræðingaraðgerðir, eins og með lækkun í stjórn-unarkostnaði, sölu óhagkvæmra eigna og breytinga á skammtíma-leigurekstri, til að bæta afkomu félagsins. Þá hefur fjármögnunarkostnaður – um 40 prósent afskuldum félagsins bera breytilega vexti – lækkað verulega samhliða vaxtalækkunum Seðlabankans.

Rekstrartekjur Ölmú voru 1.335 milljónir á fyrstu sex mánuðum síðasta árs og drógust saman um 146 milljónir. Rekstrarhagnaður félagsins (EBITDA) nam um 748 milljónum króna á fyrri árhelmingi og minnkaði um 45 milljónir milli ára. Vaxtaberandi skuldir Ölmú námu þá um 29 milljörðum en ekki var þá talið líklegt að félagið gæti sótt sér hagkvæmari fjármögnun á markaði að teknu tilliti til uppgreiðslumöguleika á lánunum.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is



IÐNÞING 2021

Hlaupum hraðar

- slítum fjötrana og sækjum tækifærin

Landsmönnum öllum er boðið á Iðnþing 2021 í beinni útsendingu fimmtudaginn 4. mars kl. 13.00–15.00.

Á Iðnþingi 2021 verður kastljósinu beint að þeim fjötrum sem slíta þarf með markvissum hætti á næstu 12 mánuðum til að fyrirtæki geti skapað ný, eftirsótt störf og aukin verðmæti. Sækja þarf tækifærin með frekari umbótum og markaðssókn til að skapa auknar gjaldeyristekjur. Með því að slíta fjötrana getum við hlaupið hraðar.



▶ **Árni Sigurjónsson**
formaður SI



▶ **Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**
iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



▶ **Jónína Guðmundsdóttir**
forstjóri Coripharma



▶ **Orri Hauksson**
forstjóri Símans



▶ **Tor Arne Berg**
forstjóri Fjarðaáls



▶ **Fundarstjóri**
Logi Bergmann



▶ **Ásdís Ásgeirsdóttir**
arkitekt hjá Yrki



▶ **Friðrik Á. Ólafsson**
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði SI



▶ **Hjörtur Sigurðsson**
framkvæmdastjóri VSB



▶ **Sigrún Melax**
gæðastjóri JÁVERK



▶ **Svanur Karl Grjetarsson**
framkvæmdastjóri MótX



▶ **Fida Abu Libdeh**
forstjóri GeoSilica



▶ **Eyjólfur Magnús Kristinsson**
forstjóri atNorth



▶ **Lilja Ósk Snorradóttir**
framkvæmdastjóri Pegasus



▶ **Hilmar Veigar Pétursson**
forstjóri CCP



▶ **Sigurður Hannesson**
framkvæmdastjóri SI

Skráning á si.is



Langt í glannalegan bankarekstur

Íslensku bankarnir eru með mun hærri eiginfjárlutföll og vogunarlutföll en stærstu norrænu bankarnir. Allt að þrefaldur munur. Stuðlar að hærri vöxtum að sögn hagfræðings SFF. Arion banki segir útgreiðslur ekki hafa neikvæð áhrif á hagkerfið, þvert á móti.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Eiginfjárlutföll íslensku bankanna eru töluvert hærri en eiginfjárlutföll stærstu norrænu bankanna og vogunarlutföllin eru margfalt hærri. Hagfræðingur SFF segir margvíslegan kostnað fylgja of háum eiginfjárkröfum og greinandi hjá Landsbankanum bendir á að það sé virðiseyðandi að læsa umfram eigið fé inni í bönkunum.

Gylfi Magnússon, prófessor við Háskóla Íslands og formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands, sagði í viðtali við miðla Sýnar í lok síðustu viku að honum rynni kalt vatn milli skinns og hörunds við að heyra umræðuna um eigið fé íslenskra banka. Verulegur þrýstingur væri á að gera reksturinn „glannalegr“ með lækkuðum eiginfjárkröfum en hann er í dag.

Samtök fjármálafyrirtækja, SFF, hafa á undanförunum árum vakið athygli á því að eiginfjárkröfu til íslenskra banka séu tvisvar til þrisvar sinnum hærri en banka á Evrópska efnahagssvæðinu. Gildir þá einu hvort horft er til eiginfjárlutfalls, sem er reiknað sem hlutfall eigin fjár af eignum á áhættugrunni, eða vogunarlutfalls, sem reiknast sem eigið fé banka sem hlutfall af heildareignum.

„Það hefur verið mat SFF að þessar miklu eiginfjárkröfur sé ekki hægt að réttlæta með því að áhætta í starfsemi og umhverfi íslenskra banka og sparissjóða sé svona miklu meiri,“ segir Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur SFF.

„Háar eiginfjárkröfur, eða hærri en réttlætanager eru, valda kostnaði í lánveitingum, stuðla að hærri vöxtum,“ bætir hann við. „Þær veikja jafnframt íslenskar lánastofnanir í samkeppni við erlendar lánastofnanir og stuðla að því að störf og lánastarfsemi flytjist úr landi.“


Yngvi Örn segir samtökin fagna allri umræðu um eiginfjárkröfur fjármálastofnana. Þá taki samtökin undir með Gylfa að íslenskir bankar séu traustir og „alls ekki glannalega reknir“ í dag eins og hann komst að orði.

„Þá teljum við einnig svigrúm fyrir arðgreiðslur og einhverja lækkuð eigin fjár innan skynsamlegra marka,“ segir Yngvi Örn.

Sveinn Þórarinnsson, greinandi hjá Markaðsviðskiptum Landsbankans, kemst svo að orði að fjármálakerfið sé með „tvöföld belt og axlabönd“ í samtali við Markaðinn. Visar hann þar til regluverksins í kringum kerfið og þeirra eiginfjárkröfna sem eftirlitsyfirvöld gera til bankanna. Slíkt sé í sjálfu sér í lagi, þó deila megi um umfangið, en þá þurfa bankarnir svigrúm og heimildir til að skila því aukafjármagni sem er umfram þessar kröfur.

Samanburður á eiginfjárlutföllum íslenskra banka annars vegar og stærstu norrænu bankanna hins vegar sýnir að eiginfjárlutföll íslensku bankanna eru töluvert hærri. Þannig eru eiginfjárlutföll íslensku bankanna á bilinu 23 til 27 prósent samanborið við 21 til 25 prósent hjá stóru norrænu bönkunum.

Gylfi nefndi einnig að umræðan um eiginfjárlutföll bankanna væri á villigötum. Eigið fé þeirra væri minna en umræðan gæfi til kynna. Til að mynda væri villandi að tala um að eigið fé Íslandsbanka væri 20 prósent þegar það væri í reynd um 14 prósent. Draga má þá ályktun að Gylfi hafi verið að vísa til vogunarlutfallsins.



Ef Arion greiðir út 40 milljarða til hluthafa verður eigið fé enn talsvert yfir kröfum Fjármálaeftirlits Seðlabankans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bankar nota mismunandi aðferðir

Vogunarlutfall og eiginfjárlutfall eru tveir mælikvarðar á fjárhagslegan styrk banka. Eiginfjárlutfall er reiknað sem hlutfall eigin fjár af eignum á áhættugrunni en vogunarlutfallið reiknast sem eigið fé banka sem hlutfall af heildareignum.

Ólíkt vogunarlutfallinu byggir eiginfjárlutfallið á flóknum útreikningum og geta aðferðir við útreikninga verið mismunandi. Sem fyrr segir er eiginfjárlutfall banka reiknað sem hlutfall eigin fjár af eignum á áhættugrunni.

Að jafnaði eru tvær aðferðir notaðar til þess að leggja mat á áhættugrunn eigna: staðalaðferð, sem íslensku bankarnir nota, og innramatsaðferð, sem flestir bankar í Evrópu nota.

Samkvæmt staðalaðferðinni er áhættugrunnurinn fenginn með því að veita eignir bankanna með áhættuvogum í samræmi við sérstakan Basel-staðal.

Síðari aðferðin byggist hins vegar á því að bankarnir meta sjálfir áhættu af útlánum og öðrum eignum með líkönunum sem þeir hafa smíðað og hlotið hafa blessun stjórnvalda. Bankarnir nota þá mismunandi áhættuvogir, allt eftir því hversu áhættusamar eignir er um að ræða, og geta þannig lækkað eiginfjársbindingu sína á áhættulitlum eignum en hækkað á móti eiginfjársbindingu á áhættumeiri eignum. Svigrúm bankanna til þess að meta áhættu af útlánum – og þar með eiginfjárþörf sína – er þannig ríkt.

Ef vogunarlutfallið er tekið sérstaklega fyrir standa íslensku bankarnir öðrum norrænum bönkunum framfar. Hjá íslensku bönkunum er það á bilinu 13,6 til 15,4 prósent en stærstu norrænu bankarnir, svo sem Swedbank og Nordea, eru á bilinu 5,1 til 7,1 prósent. Vogunarlutföll íslensku bankanna er því á bilinu tvöfalt til þrefalt herra en vogunarlutföll stærstu norrænu bankanna.

Margfalt herra hlutfall

Umfram eigið fé Arion banka, miðað við markmið bankans um að viðhalda 17 prósentu almennum eiginfjárþætti 1, nemur 40 milljörðum króna. Það er til viðbótar við fyrirhugaða arðgreiðslu upp á 3 milljarða króna og 15 milljarða króna kaup á eigin bréfum. Bankinn stefnir að riflega 50 milljarða arðgreiðslum og endurkaupum á eigin hlutabréfum á næstu árum.

Þá hefur Bankasýsla ríkisins til skoðunar hvort unnt sé að greiða út hluta af umframfé Íslandsbanka fyrir fyrirhugaða sölu á eignarhlut ríkissjóðs í bankanum. Samkvæmt mati nemur umfram eigið fé Íslandsbanka um 58 milljörðum króna en raunhæf útgreiðsla, væri nær 20 milljörðum króna.

Aðspurður um hvað hann teldi að [vogunarlutfall, innsk. blaðamanns] Arion banka lækkaði mikið eftir að arður til eigenda yrði greiddur út svaraði Gylfi:

„Ég hef ekki reiknað það út en væntanlega er [vogunarlutfallið] þar núna svipað og hjá Íslands-

banka eða um 14 prósent. Það er talað um að eigið fé í Arion banka sé um 40 milljarðar króna. Ef þeir væru greiddir út færi [vogunarlutfallið] niður í 10 prósent. En væntanlega verður ekki tekið svo mikið fé út úr bankanum. Það er ekki beinlínis stefnan að fara með [vogunarlutfallið] niður í svo glannalegt hlutfall,“ sagði Gylfi.

Ef vogunarlutfall Arion banka færi úr 15 prósentum niður í 10 prósent yrði það um tvöfalt herra en sama hlutfall hjá norrænu bönkunum Swedbank, SHB og SEB sem eru með hlutfallið í kringum 5 prósent.

Arion banki hefur sett það markmið að hlutfall eiginfjár þáttar 1, sem var um síðustu áramót 22,3 prósent, verði 17 prósent með tíð og tíma. „Það myndi þýða að vogunarlutfall bankans yrði vel umfram þær kröfur sem gerðar eru til banka og áfram með því hæsta sem gerist í alþjóðlegum samanburði,“ segir í svari frá bankanum.

„Jafnvel þó bankinn greiði út þá 40 milljarða sem við litum á í dag sem umfram eigið fé þá verður eigið fé bankans áfram 26 milljörðum umfram kröfur eftirlitsaðila.“

Útgreiðslur fara út í hagkerfið

Einnig kom fram í máli Gylfa að það hefði þjóðhagsleg áhrif að minnka eigið fé bankanna. „Til að mynda eru útlán banka nauðsynlegt blóð fyrir hagkerfið og ef að það er staðið á þeirri dælu þá dregur úr umsvifum í hagkerfinu,“ sagði Gylfi.

Hann benti á að Arion banki

/// Eiginfjárlutföll íslenskra og norræna banka (%)

Arion banki	27
Íslandsbanki	23
Landsbankinn	25,1
SHB	24,3
SEB	25,1
DNB	22,1
Nordea	20,5
Swedbank	21

/// Vogunarlutföll íslenskra og norræna banka (%)

Arion banki	15,1
Íslandsbanki	13,6
Landsbankinn	15,4
SHB	5,2
SEB	5,1
DNB	7,1
Nordea	5,9
Swedbank	5,1

/// Háar eiginfjárkröfur, eða hærri en réttlætanager eru, valda kostnaði í lánveitingum, stuðla að hærri vöxtum.

Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja



hefði dregið úr útlánum sínum á undanförunum árum og ríkisbankarnir tveir hefði þurft að taka upp slakann. „Ef tveir bankar færu að draga úr útlánum þá er bara Landsbankinn eftir sem þyrfti þá að auka útlán sín verulega,“ sagði Gylfi.

Í svari Arion banka við fyrirsögn Markaðarins kemur fram að bankinn hafi verið virkur á lánamarkaði á síðasta ári og veitt 440 milljarða króna í lán til fyrirtækja. Endurfjármögnun var fyrirferðarmikil.

„Lánasafn bankans til fyrirtækja lækkaði litillega, fyrst og fremst vegna minni eftirsögnar, uppgreiðslu lána, varúðarniðurfærslna og þess að bankinn varð í nokkrum tilfellum undir í samkeppni um stór lán,“ segir í svari bankans.

Bankinn bendir á að hann hafi á síðasta ári aðstoðað fjölda fyrirtækja við að sækja sér fjármögnun á markaði með útgáfu víxla, skuldabréfa eða hlutfjár og átti þar í góðu samstarfi við erlenda banka og innlenda fagfjárfesta auk þess að nýta efnahagsreikning bankans að hluta fyrir þessa fjármögnun.

„Áform um að greiða út umfram eigið fé til hluthafa hefur ekki neikvæð áhrif á þessa starfsemi enda er Arion með það mikið umfram eigið fé og útlánagetu að það er aðgengi að annarri fjármögnun (innlán eða skuldabréfaútgáfu) sem setur lánastarfsemi bankans skorður,“ segir í svari bankans.

Í ljósi þess að eftirsögn eftir fyrirtækjalánum er heldur lítil vekja ummælin spurningar um getu bankanna til að koma umfram eigin fé sínu í hagkvæman farveg. Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Arion, gaf í skyn í samtali við Markaðinn um miðjan nóvember að umfram eigið féð væri heldur gagnslaust á bókum bankans.

„Umfram eigið féð liggur að mestu leyti aðgerðalaust hjá okkur. Jafnvel þótt við vildum nota það í útlán eru aðstæður þannig að ekki er nægilegt aðgengi að lánsfé til að koma öllu þessu eigin fé í útlánastarfsemi,“ segir Stefán. Bankinn þurfi lánsfjármögnun á móti eigin fé til þess að geta boðið lán á góðum kjörum. „Hún er einfaldlega ekki til staðar í nægilegum mæli,“ sagði Stefán.

„Ég held að leiðin út úr kreppu sé ekki endilega að auka skuldsetningu og útlánþenslu, sérstaklega þegar eftirsögnin eftir útlánum er í raun lítil. Margt annað er mikilvægara,“ segir Sveinn hjá Landsbankanum.

„Og á þessum tímavarki í hagsveiflunni eiga bankarnir ekki að leiða slíkt heldur fjárfestingasjóðir og einkaframtak í samstarfi við banka. Bankar eru ekki vogunarsjóðir og hvatinn í kerfinu til að þeir auki verulega útlánaáhættu í kreppu ekki til staðar,“ bætir hann við. Óskynsamlegt sé að bankar „ausi lánunum“ út í hagkerfið.

Þá segir Sveinn að það gildi ekki önnur lögmál um banka en önnur fyrirtæki varðandi arðgreiðslur. „Ef fyrirtæki getur ekki ávaxtað fjármagnnið sem hluthafar þess eiga í því, þá er fjármagninu betur borgið hjá hluthöfum. Það er hreinlega virðiseyðandi að hafa fjármagnnið læst inni í bönkunum þegar það gæti komið að betri notum í höndum hluthafa.“

Sömu sjónarmið koma fram í svari Arion. „Munu áform bankans um að greiða út umfram eigið fé ekki hafa neikvæð áhrif á hagkerfið heldur þvert á móti, þar sem það fer aftur út í hagkerfið í fjárfestingar og neyslu.“

Um 47 milljarðar á bókum ÍL-sjóðs eru uppgreiðanlegir

Alls eru 47 milljarðar af útstandandi útlánunum ÍL-sjóðs með uppgreiðsluákvæði. Uppgreiðslur námu 59 milljörðum á síðasta ári. Vænt tap sjóðsins sagt nema um 230 milljörðum króna út líftíma skuldbindinga. Ríkissjóður nýtur góðs af lausafjárstöðu ÍL-sjóðs. Fær um 190 milljarða að láni frá sjóðnum.

Alls nema útstandandi útlán ÍL-sjóðs með uppgreiðsluákvæðum 47 milljörðum króna en það eru um 28 prósent af einstaklingslánaafni sjóðsins. Uppgreiðslur á árinu 2020 námu 59 milljörðum króna. Þetta er á meðal þess sem kemur fram í kynningu á skuldastýringu og lánsfjármögnun ríkissjóðs sem fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytisins héldu fyrir fjárlaganefnd Alþingis í fyrradag.

ÍL-sjóður varð til þegar við uppskiptingu gamla Íbúðalánasjóðsins. Sjóðurinn heldur utan um lánaafni Íbúðalánasjóðs en stofnunin sjálf sameinaðist Mannvirkjastofnun í Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Þá var lausafjárstýring ríkissjóðs og ÍL-sjóðs sameinuð í hagræðingar-skygni á vormánuðum 2020.

Við uppskiptingu Íbúðalánasjóðs var lagt mat á gangvirði eigna og skulda en samkvæmt matinu var eigið féð neikvætt um 178 milljarða króna samkvæmt kynningu ráðuneytisins. Upphæðin, sem var færð í ríkisreikning sem skuld árið 2019, endurspeglar tap sjóðsins aflækkun vaxta frá útgáfu skulda.

Lækkun vaxta á síðustu árum hefur leitt til mikilla uppgreiðsna á útlánunum ÍL-sjóðs. Þar sem sjóður-



Eigið fé ÍL-sjóðs er neikvætt um 178 milljarða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

inn er hættur útlánastarfsemi er uppgreiðslum ráðstafað í innlán og skuldabréf sem bera í dag lægri vexti en eru á skuldum sjóðsins.

Vænt tap ÍL-sjóðs út líftíma skulda nemur á bilinu 220 til 230 milljörðum króna. Auk lækkunar vaxta og uppgreiðsna hefur verðbólga reynst hærri en gert var ráð fyrir, að því er kemur fram í kynningu ráðuneytisins.

Í lok síðasta árs komst Héraðsdómur Reykjavíkur að þeirri niðurstöðu að uppgreiðslugjald lántakenda að lánunum sem tekin voru hjá Íbúðalánasjóði á árunum 2005-2013

væru ólögleg. Var fallist á þau sjónarmið að lánaskilmálar sjóðsins hefðu verið andstæðir lögum um neytendalán. Dómurinn fékk flýti-meðferð og fór beint í Hæstarétt.

Það mun hafa verulega neikvæð áhrif á ÍL-sjóðinn ef uppgreiðslugjöld verða dæmd ólögleg. Uppgreiðslur munu aukast og leiða til enn neikvæðari vaxtamunar að því er kemur fram í kynningunni. Kostnaður vegna dómsmálsins er metinn á bilinu 15-20 milljarðar króna. Um er að ræða vaxtareiknaðar endurgreiðslur á þegar innheimtum gjöldum og niðurfærslur á

20

milljarðar króna eru efri mörkin í mati á kostnaði vegna dóms um uppgreiðsluákvæði.

bókfærðum óinnheimtum gjöldum.

Nettó fjárþörf ríkissjóðs fyrir árin 2021-2025 er metin um 938 milljarðar króna, eða um 38 prósent af vergri landsframleiðslu. Í kynningunni kemur fram að mikið framboð af ríkisbréfum á innanlandsmarkaði geti haft neikvæð áhrif á vaxtakjör ríkissjóðs.

Með því að nýta aðrar fjármögnunarleiðir og söluandvirði af Íslandsbanka sé unnt að draga verulega úr framboði ríkisbréfa á næstu árum. Þar kemur ÍL-sjóður inn í söguna.

„Ríkissjóður nýtur nú góðs af rúmri lausafjárstöðu ÍL-sjóðs, segir í kynningunni. Áætlanir gera ráð fyrir að sjóðurinn láni ríkissjóði 190 milljarða króna, og þar af mun lántakan nema um 88 milljörðum króna á þessu ári.

thorsteinn@frettabladid.is

Lánavel Arion vart stoppað

Þrátt fyrir miklar hækkningar á hlutabréfaverði stendur Arion banki undir markaðsgengi, að mati Jakobsson Capital. Gengi Arion banka hefur hækkað um 76 prósent á hálfu ári. „Sú stefnumarkandi ákvörðun bankans að synda ekki með straumnum heldur að synda á móti straumnum hefur reynst vel. Að verðmeta áhættuna rétt en ekki keppa við alla hina bankana í útlánunum á tímum ofgnóttarfjármagns í bankakerfinu,“ segir í verðmati sem Markaðurinn hefur undir höndum.



Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka.

Jakobsson Capital verðmetur gengi Arion banka á 130 krónur á hlut en markaðsgengið var 122 krónur við lok markaðar í gær.

Vaxtatekjur jukust um 2,8 prósent á milli ára þrátt fyrir minni efnahagsreikning en þjónustutekjur jukust um 17 prósent. „Mestur vöxtur er í fyrirtækjaráðgjöf en bankinn hefur lagt aukna áherslu á fjárfestingarbankastarfsemi og útgáfu skuldabréfa. Þjónustutekjur vegna endurfjármögnunar- og útgáfu lána hafa aukist mikið og hefur lánavelin varla stoppað. Tekjur af verðbréfum jukust lítillega milli ára eða um 7 prósent. Verðbréferu að mestu skuldabréfen staða í hlutabréfum er óveruleg og því hefur mikil hækkun á markaði ekki mikil áhrif á afkomuna,“ segir í verðmatinu. – hvj

TM hf. Aðalfundur 2021

Aðalfundur TM hf. verður haldinn fimmtudaginn 18. mars 2021 kl. 16.00 í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38.

Dagskrá

- 1 Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
- 2 Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
- 3 Ákvörðun um ráðstöfun tekjuaflgangs félagsins.
- 4 Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu fyrirtækisins.
- 5 Ákvörðun um þóknun til stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.
- 6 Kosning stjórnar félagsins.
- 7 Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
- 8 Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
- 9 Önnur mál löglega fram borin.

Hluthafar hafa heimild til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins skriflega eða rafrænt á netfangið stjorn@tm.is í síðasta lagi 8. mars næstkomandi.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð eða á eyðublaði sem aðgengilegt er á vef félagsins – [tm.is/fjarfestar](http://www.tm.is/fjarfestar). Rafrænt umboð skal sent féluginu á netfangið stjorn@tm.is áður en fundur hefst.

Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Óski hluthafi að taka fyrir þátt í atkvæðagreiðslu skriflega og fá sendan atkvæðaseðil skal hann gera skriflega kröfu þar um til félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn. Að auki er unnt að greiða atkvæði á skrifstofu félagsins á venjulegum opnunartíma (kl. 9:00 til 16:00) til og með miðvikudeginum 17. mars 2021, en fyrir lokun skrifstofunnar þann dag skal einnig skila þangað sendum atkvæðaseðlum. Nánar fer um

atkvæðagreiðsluna og gildi atkvæða samkvæmt henni eftir reglum félagsins um atkvæðagreiðslu utan hluthafafundar, settum af stjórn félagsins 18. desember 2013.

Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til tilnefningarnefndar félagsins skemmst fimm dögum fyrir hluthafafundinn.

Tilkynning um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem tilnefningarnefnd lætur í té og unnt er að nálgast á vefsíðu félagsins (www.tm.is/fjarfestar). Í tilkynningunni skal veita greinargóðar upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru á eyðublaðinu, sbr. 1. mgr. 16. gr. samþykktu félagsins. Útþyllt og undirrituð framboðstilkynning skal hafa borist tilnefningarnefnd á skrifstofu félagsins eða með tölvuskeyti á netfangið tilnefningarnefnd@tm.is fyrir lok framboðsfrests.

Samkvæmt fyrirliggjandi tillögu tilnefningarnefndar gerir hún tillögu um að fráfarandi stjórn verði endurkjörin, en hana skipa í aðalstjórn Andri Þór Guðmundsson,

Einar Örn Ólafsson, Helga Kristín Auðunsdóttir, Kristín Friðgeirsdóttir og Örvar Kærnested og í varastjórn Bjarki Már Baxter og Bryndís Hrafnkelsdóttir.

Dagskrá aðalfundarinnar og tillögur sem fyrir hann verða lagðar, þ. á m. rökstudd tillaga tilnefningarnefndar, svo og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um fundinn má finna á vefsíðu félagsins (www.tm.is/fjarfestar). Að auki mun ársreikningur (samstæðureikningur) félagsins, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda liggja frammi á skrifstofu og á vef félagsins hluthöfum til sýnis hálfum mánuði fyrir fundinn.

Eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund verða birtar á vefsíðu félagsins upplýsingar um framboð til stjórnar.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á fundinn á fundarstað hálfri klukkustund áður en hann hefst.

Stjórn TM hf.



„Samherji er hins vegar smáfyrirtæki á alþjóðlegan mælikvarða. Það þarf ekki að líta lengra en til Noregs þar sem stærstu fiskeldis- og sjávarútvegsfyrirtækin velta töluvert meira en allur ís-

Selja í Síldarvinnslunni til að ná sátt

Þorsteinn Már Baldvinsson segir að slök rekstrarafkoma sjávarútvegsins og lítill áhugi fjárfesta hafi orsakað afskráningar sjávarútvegsfyrirtækja. Reglur um kvótapak verði að skoðast í samhengi við stærð samkeppnisaðila íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja.

Þórður
Gunnarsson
thg@frettabladid.is



Skráning á hlut í Síldarvinnslunni er fyrst og fremst til þess fallin að svara kalli tímans um dreifðara eignarhald í sjávarútvegi, segir Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, sem er stærsti hluthafinn í félaginu. Umræða um breiðara og dreifðara eignarhald í sjávarútvegi hafi verið æ meira áberandi: „Menn þurfa ekki alltaf að vera fastir í sama farinu. Sala á hlut í Síldarvinnslunni er því tilraun til að mæta þeirri umræðu sem hefur verið um sjávarútvegsfyrirtæki skráð á markað á Íslandi, en í kringum aldamót fór að bera á afskráningum. Ekkert útgerðarfyrirtæki var skráð í kauphöllina frá afskráningu Granda árið 2006 og fram til 2014, þegar sama fyrirtæki var skráð aftur. „Heilt yfir áttu þessi fyrirtæki ekki heima á markaði stærðar sinnar vegna og það var takmarkaður áhugi meðal fjárfesta á að eiga þau. Sjávarút-

vegur hefur verið og mun verða sveiflukennd grein sem getur dregið úr áhuga fjárfesta. Um og upp úr aldamótum voru síðan að koma fjármálafyrirtæki inn á markaðinn sem margir höfðu meiri áhuga á,“ segir Þorsteinn Már.

Rússneskur sjávarútvegur í hraðri sókn

Hröð og mikil uppbygging og þróun hefur orðið í rússneskum sjávarútvegi á undanförunum árum. Stjórnvöld þar í landi hafa lagt áherslu á að byggja upp iðnað og matvælaframleiðslu innanlands til að draga úr innflutningsþörf á undanförunum árum. Eftir að fjöldi þjóða setti viðskiptabann á Rússa í kjölfar innrásar þeirra í Úkraínu komst aukinn hraði í þá þróun. Þrátt fyrir að Ísland hafi um áratugaskið haft sterka stöðu í veiðum og sölu á þorski, hefur samkeppnin við Rússa aukist hratt:

„Við Íslendingar löndum innan við fjórðungi af öllum þeim Norður-Atlantshafsporski sem er veiddur. Bæði Norðmenn og Rússar veiða tvöfalt meira en við. Þá þarf að hafa hugfast að Rússar hafa aðgang að gríðarlegu hafsvæði og hafa verið í sókn í sjávarútvegi bæði vestan og austan megin. Mér finnst margir gleyma því hversu miklum framföllum Rússar hafa tekið á undanförunum árum, bæði þegar kemur að skipastól og vinnslu. Þeir hafa

tekið stórstígu framföllum á undanförunum árum og hafa á þeirri vegferð sótt þekkingu til bæði Íslands og Noregs. Samkeppnin við þá er því að aukast mjög mikið.

Þeir hafa líka náttúrulegt forskot að mörgu leyti. Búa til dæmis við betri samgöngur en við inn á meginlandið. Þeir hafa komið sér upp öflugum bolfiskvinnslum á Múrmansk-svæðinu. Þess verður ekki lengi að biða þar til þeir fara að keppa af alvöru á markaði með ferskan fisk. Samkeppnin er alltaf að aukast, laxeldið er alltaf að stækka og aðrar þjóðir að taka sig mjög á varðandi framleiðslu og gæðamál.

Rússar hafa verið að kaupa góð skip, meðal annars af okkur Íslendingum. Þar má nefna eitt glæsilegasta frystiskip landsins, Brimnesið, ísfiskarann Engey og uppsjávarskipið Kristínu. Þetta voru allt öflug skip í íslenska flotanum sem voru seld fyrir en ætla hefði mátt, vegna þess að það komu það góð tilbod frá Rússunum.“

vegur hefur verið og mun verða sveiflukennd grein sem getur dregið úr áhuga fjárfesta. Um og upp úr aldamótum voru síðan að koma fjármálafyrirtæki inn á markaðinn sem margir höfðu meiri áhuga á,“ segir Þorsteinn Már.

Bent hefur verið á að hækkandi verð á veiðheimildum upp úr aldamótum hafi einnig breikkað bilið milli markaðsvirðis sjávarútvegsfyrirtækja á skráðum markaði og upplausnarvirðis þeirra.

Undir þetta tekur Þorsteinn: „Á þeim tíma var verð á veiðheimildum of hátt því aðgangur að fjármagni var orðinn of auðveldur. Rekstur útgerðarinnar stóð ekki undir þessum verðum á veiðheimildum og eigið fé greinarinnar þynntist út. Rekstrarafkoma sjávarútvegsins var á köflum ekkert sérstök á árunum upp úr aldamótum, einkum vegna þess að gengi krónunnar var líka orðið mjög sterkt.“

Stærri og öflugri fyrirtæki

Staðan í dag sé hins vegar önnur, enda séu sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi mörg hver öflugri í dag. „Flóra fyrirtækja í íslenskum sjávarútvegi er önnur þannig að samsetningin í greininni hefur breyst. Við höfum stærri félög en það eru

einnig fleiri minni fyrirtæki. Svo hefur orðið mikil þróun á ymsa vegu, sama hvort er litið til veiða, vinnslu eða markaðssetningar sem eykur fjölbreytnina. Í dag eru hér sjávarútvegsfyrirtæki af þeirra stærðargræðu að ég tel áhugavert fyrir fjárfesta að taka þátt. Hvað varðar Síldarvinnsluna sérstaklega þá telja menn í það minnsta rétt að kanna áhuga meðal lífeyrissjóða og annarra fjárfesta á því að taka þátt í þeim rekstri. Það hefur alltaf verið stefnan í rekstri Síldarvinnslunnar að hafa skuldsetninguna lága, einkum vegna þess að sveiflur í uppsjávartegundum eru miklar. Fyrirtækið hefur hins vegar verið að ná betra jafnvægi milli uppsjavar- og bolfisktegunda með yfirtökum að undanförunu. Við teljum þetta því áhugaverðan fjárfestingarkost,“ segir Þorsteinn Már. Við árslok 2019 voru nettóskuldir Síldarvinnslunnar um það bil einn milljarður króna, samanborið við 6,5 milljarða króna hagnað fyrir skatta.

Samkvæmt nýjasta birta ársreikningi Síldarvinnslunnar frá árinu 2019 er Samherji stærsti eigandi fyrirtækisins með tæplega 45 prósent hlut. Næststærsti hluthafinn er eignarhaldsfélagið Kjálkanes með ríflega 34 prósentu



Íslenskur sjávarútvegur samanlagt. MYND/ÞÓRHALLUR JÓNSSON

Eftirlit með Namibiurekstri ekki nægilega gott

Nú er ekki framsalssamningur milli Íslands og Namibíu. Mun Samherji, eða öllu heldur þeir starfsmenn sem fullyrt hefur verið að verði ákærðir þar, taka til varna fyrir dómstólum þar í landi?

„Samherji mun að sjálfsgöðu taka til varna í Namibíu sem og annars staðar og verja fyrirtækið og starfsfólkið sem situr ranglega undir ásökunum.“

Eru ásakningar um óeðlilegar greiðslur í Namibíu á rökum reistar? Ef svo er, hafðir þú vitneskju um það sem átti sér stað þar?

„Við teljum að þessar ásakningar séu ekki á rökum reistar og ég hefði ekki vitneskju um neinar óeðlilegar greiðslur ef þær áttu sér stað á annað borð. Hafi greiðslur átt sér stað sem eru ólöglegar þá voru þær á ábyrgð Jóhannesar Stefánsónar sem stýrði og bar ábyrgð á rekstrinum í Namibíu. Þessar ásakningar byggja meira og minna á fullyrðingum Jóhannesar og brotakenndum gögnum sem eiga að styðja þær en gera það ekki í raun. Þegar trúverðugleiki Jóhannesar er metinn þá verður

að hafa hugfast að hann var rekinn sumarið 2016 vegna þess að hann hefði engin tók á starfsemi og sýndi af sér óforsvaranlega háttsemi á meðan hann stýrði útgerðinni í Namibíu. Þá hefur verið upplýst að hann hafði áform um að fara á bak við Samherja og hefja rekstur með öðru útgerðarfyrirtæki stuttu áður en honum var sagt upp störfum.“

Hefði verið hægt að gera eitthvað öðruvísi við rekstur útgerðarinnar í Namibíu? Ef svo er, hvað?

„Mistök Samherja felast í því að hafa ekki haft betra eftirlit með rekstrinum í Namibíu og þar af leiðandi betri yfirsýn. Við höfum þegar reynt að draga lærdóm af þessu máli með innleiðingu á sérstökum kerfi fyrir stjórnhætti og regluvörslu sem gildir fyrir öll félög innan samstæðu Samherja. Björgólfur Jóhannsson hefur verið kjörinn formaður hlítningarnefndar Samherja en sú nefnd hefur yfirumsjón með regluvörslu og stjórnháttum innan samstæðunnar.“

hlut. Kjálkanes er í eigu einstaklinga sem einnig eiga útgerðina Gjögur sem er með höfuðstöðvar sínar á Grenivík í Eyjafirði. Þriðji stærsti hluthafinn er svo Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað sem hefur verið veigamikill hluti af í samfélaginu þar fyrir austan í áratugi. Mikill fjöldi smærri aðila er svo

á hluthafaskrá Sildarvinnslunnar, sem hafa verið í eigendahópnum frá því að félagið var skráð á markað.

Samherji mun selja

Að sögn Þorsteins hefur ekki verið rætt til hlítar innan hluthafahópsins hverjir munu selja sig niður í væntanlegu útboði. „Sú umræða

Hátæknifiskvinnsla á Dalvík er áhættuverkefni upp á átta milljarða

Þorsteinn tekur fram að ágætt sé að útgerðir og fiskvinnslur af hinum ýmsu stærðum og gerðum séu í rekstri á Íslandi. „En eftir sem áður þarf stór og öflug fyrirtæki til að leiða markaðssetningu og samskipti við erlenda viðskiptavini. Það gleymist oft að við þurfum á erlendum neytendum að halda til að koma okkar afurðum í verð. Í okkar helstu viðskiptalöndum hefur orðið mikil samþjöppun á matvörumarkaði og kröfur gagnvart birgjum aukist mikið á undanförunum árum.“

Það væri nær að hlúa að þessari atvinnugrein og sjá hvað hún hefur skapað mikið í stað þess að standa í þessu eilífa þrefi um hverjir starfa hjá og eiga íslensku útgerðarfélögin. Af umræðunni mætti oft dæma að það séu þrjú til fjórir starfsmenn hjá Samherja

í stað mörg hundruð manna sem leggja sig fram á hverjum degi við að fara vel með auðlindina og búa til eins mikil verðmæti og hægt er.

Hjá Samherja leggjum við áherslu á að vinna aflann okkar mjög mikið. Á einum endanum ertu til dæmis með saltfiskvinnslu sem krefst minni mannafla og tækni en er að sjálfsgöðu mjög mikilvæg. Á hinum endanum ertu með fyrirtæki eins og Samherja sem leggur áherslu á framleiðslu afurða sem kallar á miklar fjárfestingar í tækni og búnaði og miklu meiri mannafla. Það eru alveg gríðarlega margar vinnustundir á bak við hvert kíló af fiski sem við flytjum út. Nýja vinnslan á Dalvík er gott dæmi í þessum efnum, en heildarfjárfesting vegna hennar verður

líklega meira en átta milljarðar. Þar er ekki bara mikil fjárfesting heldur er þarna verið að sýna íslenskum iðnaði mikið traust, enda erum við að gera marga nýja hluti saman. Þetta er stórt áhættuverkefni, bæði vegna þess að þetta er dýrt og mjög tæknilega flókið.

Margar af þessum lausnum sem eru í þessari vinnslu á Dalvík eru nýjar af nálinni og því var ekki hægt að sækja í reynslu annarra. Þetta er allt saman nýtt. Með þessu erum við að reyna að standa framar í samkeppninni með að bjóða okkar viðskiptavinum nýjar lausnir sem hafa ekki sést áður. Kröfurinn í dag eru þannig að stykkið þarf að vera akkúrat 200 grömm, af ákveðinni lengd og þykkt og svo framvegis,“ segir hann.

Það eru ekki meira en fjögur til fimm ár í það að þrjú af sex stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi, mælt í veltu, verði laxeldisfyrirtæki.

hefur ekki farið fram að fullu leyti innan fyrirtækisins. Kynningar vegna sölnnar eru að fara að stað núna á næstunni. Landsbankinn stýrir þessu ferli og þeir ætla að upplýsa lífeyrissjóði og aðra um stöðu mála á næstu vikum. Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort allir hluthafar selji sig jafnt niður, þar tekur hver og einn hluthafi ákvörðun um það. Hins vegur liggur ljóst fyrir að Samherji mun selja eitthvað af sínum bréfum en hversu stóran hlut liggur ekki fyrir á þessum tímapunkti. Það er ekki unnið út frá því að hlutafé verði aukið.“

Rætt hefur verið um að verðmæti Sildarvinnslunnar liggi á bilinu 90 til 100 milljarðar króna. Þorsteinn Már vill ekki velta fyrir sér hver hugsanlegur verðmíði á félaginu verður í útboðinu:

„Bankamennirnir sjá um það. Ég velti mér ekki mikið upp úr því hver verðmíðinn er á þeim fyrirtækjum sem ég kem að. Ég hugsa þetta ekki á þennan hátt. Ég hef fyrst og fremst áhuga á því að fyrirtækin fjárfesti í eigin rekstri þannig að skip, vinnslur, tækni og búnaður séu í fremstu röð hverju sinni til þess að geta mætt sibreytilegum kröfum viðskiptavina sinna. Á sama tíma legg ég höfuðáherslu á að fyrirtækin standi við sínar skuldbindingar gagnvart viðskiptavinum, lánardrottum og starfsmönnum. Við hjá Samherja förum í gegnum hrúnið 2008, stóðum við allar okkar skuldbindingar upp á krónu og fengum enga afslætti af lánunum eða endurteikning á vöxtum.“

Ekki viðbragð við frumvarpi

Í nóvember síðastliðnum kom fram frumvarp frá Páli Magnússyni, þingmanni Sjálfstæðisflokksins, um að skerpt yrði á reglum í fiskveiðilögum um hámarkseignarhald á veiðiheimum. Í núgildandi lögum miðast hámarkið við 12 prósent af heildaraflamarki. Kaupi sjávarútvegsfyrirtæki hins vegar í annarri útgerð bætist það ekki við aflahlutdeildina, svo fremi eignarhaldið fari ekki yfir 49 prósent. Yrði þetta frumvarp að lögum myndi það hafa afleiðingar fyrir eignarhald Samherja á Sildarvinnslunni.

Þorsteinn Már segir að skráning á hluta Sildarvinnslunnar sé ekki viðbragð við áður nefndu frumvarpi: „Nei, ekkert sérstaklega. Umræðan um Samherja og stærð fyrirtækisins er oft áberandi. Samherji er hins vegar smáfyrirtæki á alþjóðlegan mælikvarða. Það þarf ekki að líta lengra en til Noregs þar sem stærstu fiskeldis- og sjávarútvegsfyrirtækin velta töluvert meira en allur

íslenskur sjávarútvegur samanlagt. Samkeppnisaðilar okkar, ekki bara Samherja heldur allra íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja, eru því afar öflugir. Að undanförunu hafa svo verið sameiningar hjá rússneskum sjávarútvegsfyrirtækjum þannig að þar eru að verða til risavaxin fyrirtæki. Mörg af þessum fyrirtækjum eru miklu eða margfalt stærri en Samherji.

Við erum ekki stórir þegar er komið út fyrir landsteinana. Ég tel að það þurfi að hafa á þessa hluti í breiðara samhengi enda er sjávarútvegur alþjóðlegur og markaðirnir eru erlendis. Það væri ekki gott fyrir samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs ef verulegar hömlur eru settar á eignarhald veiðiheimum umfram það sem er í dag. Síðan geri ég mér ekki alveg grein fyrir hvernig á að reikna þetta. Í allflestum tilfellum eru margir eigendur að stóru sjávarútvegsfyrirtækjunum. Á þá að reikna eignarhald aflaheimilda niður á hvern og einn hluthafa í útgerðum? En það er sjálfsgöðu að hafa skoðanir á þessu og hollt að ræða þessi mál. Ef þú lítur bara til Noregs þá er stærsta fyrirtækið í uppsjávarvinnslu þar, Pelagia, stærra en öll uppsjávarfyrirtækin til samans á Íslandi, svo dæmi sé tekið.“

Eldisfyrirtæki verði þau stærstu

Hið norska Pelagia varð til við samruna þriggja norskra sjávarútvegsfyrirtækja árið 2014 en stærstu hluthafar Pelagía eru aðilar sem eru umsvifamiklir í laxeldi, meðal annars hér á landi. „Ef við horfum aðeins fram í tímann þá verða laxeldisfyrirtækin hér heima meðal stærstu sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi. Það eru ekki meira en fjögur til fimm ár í það að þrjú af sex stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi, mælt í veltu, verði laxeldisfyrirtæki. Þessi fyrirtæki eru að mestu leyti í eigu Norðmanna. Þetta er auðvelt að sjá með að horfa til þeirra leyfa sem hafa verið veitt, til hvaða fyrirtækja og hvernig verðið á laxi er. Þetta eru bara þær staðreyndir sem liggja fyrir. Ég er ekki að segja að þetta sé slæm þróun en það er vert að hafa þetta í huga þegar sjávarútvegurinn og þær reglur sem um hann gilda eru til umræðu. Það verður eitt stórt fyrirtæki fyrir austan og svo myndi ég nú ekki útiloka að það yrði líka eitt stórt fyrir vestan líka.“

Norðmenn leggja mikla áherslu á að styðja við og byggja upp laxeldi, sem skýrir að hluta hversu áberandi þeir eru á Íslandi í þeim efnum.

„Norðmenn framleiða um það bil 1,3 milljónir tonna núna og ætla að vera komnir í 2,5 milljónir tonna eftir áratug. Verðmætið af laxeldi Norðmanna er því núna að minnsta kosti 20 sinnum meira en af öllum þorski sem veiddur er við Íslandsstrendur. Það sýnir stærðargráðuna á þessu hjá þeim. Þeir eru að framleiða lax af göðum gæðum sem kemur hratt og örugglega á markað. Stjórnvöld leggja mikla

áherslu á uppbyggingu laxeldisins og þeir tala um bláa hagkerfið í þeim efnum. Stefna Norðmanna er að vera fremstir í greininni, bæði hvað varðar umfang framleiðslu og þróun þeirra tæknilausna sem snýr að eldinu. Við sjáum hvað þeir eru umfangsmiklir hér á landi.“

Afhendingar- og gæðöryggi er eitt af því sem fiskeldi hefur fram yfir veiðar á villtum stofnum: „Viðskiptavinir laxeldisfyrirtækjanna vita sem er að í 99 prósentum tilfella fá þeir það sem þeir hafa pantað, á réttum tíma og í réttu magni og af göðum gæðum. Þetta er það sem laxeldið hefur umfram annan sjávarútveg.“

Helguvikurmál skýrast fljótlega

Greint var frá því fyrir skömmu að Samherji og Norðurál hefðu undirritað viljayfirlýsingu um kaup á lóð og fasteignum álframleiðandans við Helguvík. Hugmyndin er að athuga hvort það sé hægt hefja landeldi á laxi á svæðinu en á undanförunum þremur mánuðum hafa boranir eftir jarðsjó farið fram þar: „Okkur fannst þetta áhugavert svæði. Mikil fjárfesting þegar bundin í svæðinu, til að mynda hafa þegar átt sér stað jarðvegsfyrirtæki. Þarna eru húsakynni sem henta vel undir fiskeldi, meðal annars er þegar búið að leggja affall út í sjó.“

Þannig að í raun hentar svæðið vel undir starfseminna. Forsendan er hins vegar að sjálfsgöðu aðgangur að vatni og jarðsjó. Við höfum verið að bora eftir sjó, en það hefur gengið heldur erfiðlega. Bergið hefur verið harðara en við áttum von á. Það er mjög stutt í að við vitum hvort það er nóg af vatni þarna til að fara af stað með eldi. Þessi eina hola sem við höfum borað þarna til að kanna grunnvatnsstöðuna er um 400 metra djúp og mun líklega kosta um 100 milljónir. Kaupin á þessum eignum Norðrals eru hins vegar ekki gengin í gegn. Við höfum ákveðinn tíma til að taka ákvörðun um að klára kaupin. Sá tími er ekki liðinn enn þá þar sem öllum rannsóknunum er ekki enn þá lokkið.“

Athygli vekur að Samherji virðist sem stendur eina fyrirtækið sem leggur áherslu á landeldi, á meðan mest uppbygging og leyfisveitingar er snerta eldi á Íslandi eru í sjökviaeldi. „Við förum í sjökviaeldi upp úr árinu 2000 og gerðum þar tilraunir með að fara út með stórseiði sem vögu um 300 grömm. Það var eldi í Mjóafirði. Við fengum þar marglyttu sem olli miklu tjóni. Það sýndi að Mjóafirður er sennilega ekki ákjósanlegur fyrir eldi. Síðan var verð á laxi í sögulegum lægðum á þessum tíma, vel undir 20 norskum krónum á kíló, um það bil þriðjungur af verðinu í dag.“

En á þessum sama tíma eignuðumst við líka landeldi sem er enn þá í rekstri og hefur gengið þokkalega. Við höfum byggt upp mikla þekkingu á landeldi og í dag er Samherji Fiskeldi stærsti aðilinn í heiminum í landeldi á laxi og bleikju,“ segir Þorsteinn Már Baldvínsson.

Góður tími til að opna auglýsingastofu

Baldvin Þormóðsson segir að skammtímahugsun hafi einkennt markaðsmál á Íslandi. Danir horfi lengra fram á við. Þormóður Jónsson segir að Íslenska auglýsingastofan hafi komið siglandi til þeirra í höfn á réttum tíma. Þeir vilja ekki vera í SÍA en eru í SA.

Helgi Vífill
Júliusson
helgivifill@frettabladid.is



Það er gott að hefja rekstur auglýsingastofu um þessar mundir. Auglýsingastofur finna oftast fyrst fyrir samdrætti í efnahagslífinu en að sama skapi taka þær fljótt aftur við sér þegar það tekur við sér á nýjan leik. Þegar efnahagslífið fer að byggjast upp aftur munu stjórnendur fyrirtækja vilja hrísta upp í markaðsstarfinu og sækja fram. Við horfum meðal annars til þess. Þetta segir Þormóður Jónsson, stjórnarformaður Íslensku auglýsingastofunnar, sem ýtt var úr vör að nýju hinn 4. janúar.

Hann keypti ásamt Baldvini syni sínum þrotabú Íslensku auglýsingastofunnar. Hönnunarstjórnarnir Arnar Fells Gunnarsson og Arnar Ingi Viðarsson og birtingastjórinn Alexandra Ásta Axelsdóttir bættust í kjölfarið við eigendahöpin.

Baldvin, sem gegnir starfi framkvæmdastjóra stofunnar og er einnig hugmynda- og textasmíður, vekur athygli á að það sé sjaldgæft að nýjar auglýsingastofur hafi birtingastjóra innanborðs. „Okkur þótti mikilvægt að hafa sérfræðing í birtingamálum með í hugmyndavinnunni fyrir hvert verkefni til að markaðsstarfið verði markvissara.“

Þormóður rak um árabíl auglýsingastofuna Fiton, sem var á meðal þeirra stærstu hérlandis, og stýrði þar áður fimm útvarpsstöðvum undir hatti Fins miðils, þar á meðal FM 957 og X-inu 977.

Hvað fékk þig til að opna auglýsingastofu á nýjan leik eftir hlé sem varði næstum áratug?

Þormóður: „Kveikjan að þessu er Baldvin sonur minn. Hann starfaði á auglýsingastofu í Kaupmannahöfn sem ber nafnið THANK YOU en hafði hug á að flytja heim. Hann ólst upp á Fiton, lærði auglýsingagerð í London og starfaði síðar hjá Pipar/TBWA. Hann er flinkur auglýsingamaður. Á sama tíma og hann stefndi heim var Íslenska auglýsingastofan lýst gjaldþrota. Ég hafði því samband við Baldvin í september eða október og bar undir hann hvort við ættum ekki að kaupa eignir þrotabúsins ef þær myndu fást fyrir ásættanlegt verð. Segja má að Íslenska auglýsingastofan hafi komið siglandi til okkar í höfnina á réttum tíma. Endurkomuna bar að með þessum hætti. Ég hafði engin áform um að koma aftur að rekstri auglýsingastofu en sonur minn vildi reyna og ég vildi leggja honum lið og taka þátt í uppbyggingarstarfinu.“

Baldvin: „Við vorum sammála um að nálgast markaðinn á nýjan máta en ekki reka stofu með mikla



Feðgarnir Baldvin Þormóðsson og Þormóður Jónsson stýra Íslensku auglýsingastofunni. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Breytir ekki grunnildum markaðsstarfs

Þormóður segir að stafrænar miðlar séu nýjar dreifileiðir sem breyti ekki grunnildum markaðsstarfs. „Það þarf að framleiða efni sem fangar athyglina og sker í gegnum klíðinn. Í hraðanum sem fylgir stafrænum miðlum hafa markaðslögmálin gleymst. Við teljum að efnið sem stafrænar stofur hafa unnið fyrir viðskiptavinum hafi oft og tíðum ekki verið boðlegt, svo það sé hreint út sagt.“

Hann nefnir einnig að það þurfi mikla sérfræðingur til að birta auglýsingar á stafrænu miðlum með áhrifaríkum hætti því tæknirísarnir breyti kerfum sínum ört. Það sé annars konar þekking en þurfi við sköpun auglýsinga. „Við berum mikla virðingu fyrir þeirri vinnu og munum

kaupa þá birtingaþjónustu af öðrum en verja okkar kröftum í að skapa gripandi auglýsingar.“

Baldvin segir að fyrir 20 árum hefði birtingamanneskja aldrei séð alfarið um handritaskrif og framleiðslu á sjónvarps- og útvarpsauglýsingum en það sé raunin þegar minni stafrænar stofur, sem séu í grunninn birtingahús, annist auglýsingagerðina. „Þegar birtingamanneskja sinnir líka auglýsingagerð verða auglýsingarnar oft keimlíkar enda hefur ekki grafískur hönnuður sett mark sitt á vinnuna. Við það ná þær síður til markhópsins. Það skiptir ekki máli hversu margir heyra eða sjá auglýsinguna heldur hve margir hlusta á hana; veita henni eftirtekt. Á það leggjum við áherslu.“

yfirbyggingu sem hefur ekki reynst vel. Við leggjum höfuðáherslu á góða hönnun, hugmyndavinnu og sköpunarkraft.“

Þormóður: „Ég þekki það af fenginni reynslu hve erfitt það er fyrir reksturinn að vera með mikla yfirbyggingu þegar kreppir að. Það getur skilið á milli feigs og ófeigs því auglýsingabransinn er afar kvikur og verkefni geta þornað hratt upp.“

Að sama skapi getur mikil yfirbygging gert það að verkum að viðskiptavinir mynda ekki nógu sterk tengsl við starfsmenn stofanna. Við

viljum forðast það í lengstu lög enda lítum við á okkur sem framlengingu á markaðsdeildum fyrirtækja. Þetta er til dæmis ein af ástæðum þess að við ætlum okkur ekki að vera í SÍA, Sambandi íslenskra auglýsingastofa, við teljum okkur eiga frekar heima í Samtökum atvinnulífsins.“

Baldvin: „Við viljum ekki vinna fyrir viðskiptavinum okkar, við viljum vinna með þeim. Því munum við hafa 14 lausar starfsstöðvar hjá okkur til að geta búið markaðsstjórum og öðrum samstarfsaðilum að sitja hjá okkur þegar þeim

Byggt íbúðarhúsnæði og á í heildsölu

„Frá því að ég lét af störfum hjá Fiton árið 2015 hef ég sinnt eigin fjárfestingum,“ segir Þormóður. „Ég hef staðið fyrir byggingu íbúðarhúsnæðis og fjárfesti í lítilli heildsölu, Pure Performance, sem er með umboð fyrir Amino Energy.“

Ég þekki það af fenginni reynslu hve erfitt það er fyrir reksturinn að vera með mikla yfirbyggingu þegar kreppir að. Það getur skilið á milli feigs og ófeigs því auglýsingabransinn er afar kvikur og verkefni geta þornað hratt upp.

Þormóður Jónsson

Baldvin: „Ég steig mín fyrstu skref á auglýsingastofu þegar ég var 15 ára, fyrst vann ég í móttökunni á Fiton og síðar færði ég mig yfir í hugmyndavinnu. Á THANK YOU, þar sem ég vann í tæp þrjú ár, störfuðu nánast eingöngu hönnuðir. Ég var heillaður af því að þar störfuðu ekki viðskiptafræðingar heldur einkum skapandi fólk og djúpir sérfræðingar í markaðsmálum.“

Danir eru framarlega í hönnun og hafa hana í hávegum eins og sjá má víða í samfélaginu og glæsileg húsgagnahönnun ber glögg vitni. Þessa áherslu á hugvitið má rekja til þess að þeir búa ekki að auðlindum. Í Danmörku lærði ég að bera skynbragð á góða hönnun og það breytti sýn minni á auglýsingar. Góðri hönnun fylgir slagkraftur.“

Þormóður: „Ég lærði viðskiptafræði í Danmörku og fann þar hve mikil virðing er borin fyrir hugverkum fólks, hvort sem viðkomandi var arkitekt eða auglýsingahönnuður. Á Íslandi er því ekki að heilsa og af þeim sökum á auglýsingabransinn undir högg að sækja. Sumir telja að nánast hver sem er með tölvukunnáttu geti gert áhrifaríkar auglýsingar. Það er alrangt.“

Af hverju vildu þið byrja með nafnið Íslenska auglýsingastofan í stað þess að finna annað nafn?

Þormóður: „Íslenska auglýsingastofan er eitt elsta og stærsta vörumerkið í auglýsingagerð. Hún var lengi vel stærsta stofan.“

Baldvin: „Þetta er feikilega sterkt vörumerki. Vitaskuld átti að endurleisa það.“

Þormóður: „Það verður áskorun að setja nýjan karakter í nafnið. Þetta er jú allt önnur stofa, aðrir starfsmenn og aðrar áherslur.“

Í Danmörku lærði ég að bera skynbragð á góða hönnun og það breytti sýn minni á auglýsingar. Góðri hönnun fylgir slagkraftur.

Baldvin Þormóðsson

hentar. Einn til tvo daga á viku, jafnvel lengur þegar við erum að leggja lokahönd á markaðsherferð.“

Hann segir að skammtímahugsun hafi einkennt markaðsmál á Íslandi. „Þegar ég vann í Kaupmannahöfn, en á meðal viðskiptavinum THANK YOU eru Ferrari, Royal Copenhagen og Carlsberg, vildum við ávallt ræða beint við framkvæmdastjórnina og fá hennar sýn á vörumerkið fyrir næstu fimm til tíu ár.“

Hérlandis er forstjórinn oft með mótaða framtíðarsýn sem auglýsingastofan fær ekki einu sinni að vita hver er. Þess í stað er oft bedið um herferðir með skömmum fyrirvara. Langtíma hugsun í markaðsmálum er dýrmæt enda eru vörumerki ein verðmætasta eign fyrirtækja.“

Þormóður: „Það þekktist einnig að unnar eru tillögur sem talið er að markaðsstjórnin eigi auðvelt með að fá samþykki forstjórans fyrir í stað þess að leggja höfuðáherslu á hvað höfðar til markhópsins. Slík vinnubrögð draga úr virði vörumerkja sem aftur dregur úr afkomu fyrirtækja.“

Hvaða lærdóm dróstu af því, Baldvin, að starfa á auglýsingastofu í Danmörku?

Skipulagi Krónunnar breytt til að auka samvinnu

Skipulagsbreytingar hafa verið gerðar hjá Krónunni þar sem meðal annars innkaup og vörustýring hafa verið sameinuð, þjónustusviði bætt við rekstrarsvið, umhverfismálum við markaðssvið og nýtt svið viðskiptaþróunar og umbótaverkefna stofnað, segir í tilkynningu.

„Markmið þessara breytinga er að styrkja samkeppnisstöðu Krónunnar á matvörumarkaði með því að skerpa á innra skipulagi og auka samvinnu þvert á fyrirtækið,“ segir Ásta Sigríður Fjeldsted, framkvæmdastjóri Krónunnar.

Nýr starfsmaður, Guðrún Aðal-

steinsdóttir, hefur verið ráðin forstöðumaður innkaupa og vörustýringar Krónunnar „en með sameiningu þessa tveggja lykilsviða næst enn betri samþætting í gegnum alla virðiskeðjuna frá upphafi til enda“, er haft eftir Ástu Sigríði.

Guðrún er rekstrarverkfræðingur, hún hefur undanfarin ár starfað sem forstöðumaður hjá Icelandair á rekstrarsviði þar sem hún var ábyrg fyrir meðal annars sölu og þjónustu í flugvélum félagsins, vörubrúun, innkaupum, birgðastýringu og framleiðslu því tengdri. Guðrún hefur starfað sem ráðgjafi hjá fyrirtækinu um nokkur mánaða skeið



Guðrún Aðalsteinsdóttir.

Styrkjum samkeppnisstöðu Krónunnar á matvörumarkaði með því að skerpa á innra skipulagi og auka samvinnu þvert á fyrirtækið.

Ásta S. Fjeldsted, framkvæmdastjóri

og þannig kynnst starfsemi.

Ólafur Rúnar Þórhallsson tekur við sem forstöðumaður rekstrar og þjónustu, en hann hefur gegnt starfi rekstrarstjóra síðastliðin tvö ár. Hann hefur starfað hjá Krónunni í 22 ár. Ólafur Rúnar er með próf frá

Íðnskólanum í Reykjavík, verslunarstjóraþróf frá Háskólanum á Bifröst ásamt því að hafa tekið vörustjórnunarnámsekið við Háskólann í Reykjavík.

Erla María Sigurðardóttir tekur við sem mannauðsstjóri Krónunnar en hún hafði unnið á mannauðssviði móðurfélags Krónunnar, Festar, í sex ár.

Hjördís Elsa Ásgeirsdóttir gegnir áfram hlutverki markaðsstjóra nú sem forstöðumaður markaðs- og umhverfismála, en með þeirri viðbót er verið að skerpa enn frekar á umhverfisáherslum Krónunnar.

– hvj

Tækifæri til samstarfs lífeyrissjóða um stýringu erlendra eigna



Björn Ágúst Björnsson, formaður stjórnar Lifsværks, opins lífeyrissjóðs fyrir háskóla-menntaða

Eignir íslenskra lífeyrissjóða eru nú tvöföld landsframleiðsla eða 5.700 milljarðar íslenskra króna. Þessar eignir vaxa mun hraðar en íslenska hagkerfið og munu hugsanlega tvöfaldast til ársins 2030 og verða þá um 11.400 milljarðar króna. Umsjón með erlendum fjárfestingum lífeyrissjóðanna er að mestu leyti á hendi erlendra eignastýringaraðila sem fá að jafnaði greidda árlega umsýslubóknun sem er í hlutfalli við stærð viðkomandi eignasafns. Meðalhlutfall umsýslukostnaðar íslenskra lífeyrissjóða virðist vera nálægt 0,7% af erlendum eignum á ári. Haldist þetta umsýsluhlutfall óbreytt og hlutfall erlendra eigna lífeyrissjóðanna hækkar í 55% af heildarsafni, munu umsýslubóknarir sjóðanna vegna erlendra eigna nema 44 milljörðum íslenskra króna árið 2030.

Fastur kostnaður í stað breytilegs Í hinum vestræna heimi er raunávöxtunarkrafa tryggja verðbréfa undir 0% á ári. Væntingar fjárfesta til ávöxtunar á næstu tíu árum eru því hófstiltar og á þetta að vissu marki einnig við um áhættusamar eignir eins og hlutabréf. Við þessar aðstæður er 0,7% umsýslubóknun býsna há í hlutfalli við vænta ávöxtun.



un. Ein leið til að breyta þessu er að íslenska lífeyrissjóðakerfið greiði fasta bóknun fyrir umsýslu eigna, fremur en bóknun sem vex ár frá ári.

Norges Fund

Saga norska olíusjóðsins er ágætur vegvísir fyrir þá sjóði sem kjósa að greiða fasta og lága umsýslubóknun. Norges Fund hóf fjárfestingar í erlendum verðbréfum árið 1997 með aðstoð utanaðkomandi eignastýringaraðila, en með árunum hefur starfsemi sjóðsins tekið breytingum. Nú er 96% af eignum hans stýrt af 300 sérfræðingum hjá sjóðnum sem auk stöðdeilda mynda

540 manna starfslíð sjóðsins. Um 4% af eignum er stýrt af utanaðkomandi eignastýringaraðilum. Sjóðurinn á verðbréf frá rúmlega 9.000 fyrirtækjum um allan heim auk fasteigna, en utanaðkomandi eignastýringaraðilar fást aðallega við minnstu verðbréfamarkaði þar sem þekking á staðbundnum aðstæðum skiptir höfuðmáli. Norges Fund er stærsti fjárfestir í heimi og ávöxtun sjóðsins er lítillaga yfir ávöxtunarviðmiði. Umsýslukostnaður sjóðsins var 65 milljarðar íslenskra króna árið 2019 sem er um 0,04% af eignum og þykir afar lágt hlutfall enda nýtur sjóðurinn

stærðarhagkvæmni. Starfsmenn Norges Fund eru af 38 mismunandi þjóðernum og 56% þeirra eru með starfstöð í Osló.

Samstarf íslenskra lífeyrissjóða

Orð eru til alls fyrst og fyrir tveimur árum ræddu fulltrúar nokkurra lífeyrissjóða um samstarf og var meðal annars rætt um tækifæri á sviði samrekstrar. Eflaust munu stjórnarmenn lífeyrissjóða innan tíðar taka upp samtal um aukna samvinnu. Íslenskir lífeyrissjóðir stefna flestir að því sama – jafnri og góðri raunávöxtun, samfélagslega ábyrgum fjárfestingum og hag-

Fyrir nokkra milljarða á ári geta íslenskir lífeyrissjóðir haft með sér öflugt samstarf um fastan kostnað við stýringu erlendra eigna og sparað sér tugi milljarða.

kvæmum rekstri. Lækkuð ávöxtunarkrafa erlendis er ný áskorun fyrir lífeyrissjóði sem nú sækja þar fram í vaxandi mæli. Ef tekið er mið af árangri Norges Fund má leiða líkur að því að samvinna íslenskra lífeyrissjóða sé skynsamleg vegna stærðarhagkvæmni, lækki kostnað við greiningu fjárfestingarkosta, lækki kostnað vegna aðkeyptrar þjónustu og auki þekkingu á útgefendum erlendra verðbréfa.

Fyrir nokkra milljarða króna á ári geta íslenskir lífeyrissjóðir haft með sér öflugt samstarf um fastan kostnað við stýringu erlendra eigna og þannig sparað tugi milljarða króna á ári miðað við óbreytt fyrirkomulag. Ísland er vel staðsett á milli tímabelta stærstu verðbréfamarkaða og það er upplagt að vista sérfræðinga í eignastýringu hér á Íslandi með svipuðum hætti og Norðmenn gera í Osló. Í öllu falli er hægt, ef vel tekst til með ávöxtun, að ná fram stærðarhagkvæmni og tryggja þannig enn betur lífeyrisréttindi landsmanna.

Náðu lengra – verum samferða



Einkabankþjónusta Arion banka veitir efnameiri einstaklingum og lögaðilum viðtæka fjármálaþjónustu með áherslu á persónuleg tengsl og árangur til langs tíma.

Hafðu samband við sérfræðinga okkar á einkabankathjonusta@arionbanki.is eða í síma 444 7410.



Skotsilfur



Traustvekjandi

Kannanir um traust eða ánægju viðskiptavina eru sjaldan áhuga-verðar nema fyrir starfsmenn viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar. En niðurstöður nýrrar könnunar á trausti á Seðlabankanum eru athyglisverðar. Traustið tók stökk upp á við í fyrra og aftur stórt stökk í ár. Það fór upp um 14 prósentustig í fyrra og nú um 17 prósentustig. Samtals 31 prósent á tveimur árum. Geri aðrir betur! Niðurstöðurnar koma ekki algjörlega á óvart enda hefur almennt ríkt ánægja með störf **Ásgeirs Jónssonar** seðlabankastjóra og viðbrögð bankans við kórónafaraldrinum. Og það er ekki bara Ásgeir sem getur vel við unað. Mikilvægt er fyrir ríki með sjálfstæðan gjaldmiðil að þjóðin beri traust í garð Seðlabankans, og þá sérstaklega þegar Fjármálaeftirlitið er undir hatti bankans.



Misráðin aðför

Það virðist sem svo að innan Viðreisnar gæti þráhyggju um íslensku krónuna. Þorgerður **Katrín Gunnarsdóttir**, þingmaður Viðreisnar, skrifaði grein í Morgunblaðið þar sem hún fullyrkti að ríkisstjórnin hefði „yfirgefið“ krónuna með því að taka lán í erlendri mynt. Og ekki nóg með það heldur er lántaka í erlendri mynt yfirlýsing um að „ekki sé hægt að nota gjaldmiðilinn okkar.“ Öllu er snúið á haus. Það er stuðningsyfirlýsing við krónuna að taka lán í erlendri mynt fyrir innlendum kostnaði og endurspeglar hún trú ríkisstjórnarinnar á að krónan muni styrkjast. Við þetta bætist að seðlabankastjóri telur að ævin-týraleg aukning á trausti í garð bankans á síðustu tveimur árum endurspeglar að einhverju leyti aukna trú á krónunni.



Furðurök

Gylfi Magnússon, prófessor og formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands, fullyrkti að það væri hagstæðara fyrir ríkið að eiga Íslandsbanka og fá áfram arðgreiðslur en að selja hann og borga niður lán. Ríkið þyrfti kannski að borga 0-1 prósent raunvexti af lánunum og þar af leiðandi spóruðust ekki miklar vaxtagreiðslur með því að greiða upp lán. Þessa röksemdarfærslu er hægt að taka enn lengra. Væri þá ekki hagstæðara fyrir ríkið að taka lán til þess að gera yfirtöku-tilboð í Arion banka? Og jafnvel fleiri stórfyrirtæki?



Hin hliðin á peningnum er auðvitað sú að í núverandi lágvaxta-umhverfi er auðveldara að selja eignarhlut ríkissjóðs og líklegur er að gott verð fái fyrir hlutinn. Og ekki er hægt að leggja að jöfnu ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa annars vegar og bankareksturs hins vegar.

Handtöku leiðtoga stjórnarandstöðunnar í Georgíu



Lögreglan í Georgíu handtók leiðtoga aðalstjórnarandstöðuflokks landsins, Nika Melia. Mótmælendur létu í ljós óánægju sína. Handtakan gróf undan orðspori landsins sem lýðræðisríkis. Georgía hefur verið í fararbroddi á því sviði á meðal landa sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum. Melia var handtekinn vegna þess að hann greiddi ekki tryggingu vegna dóms sem leiddi til þess að forsætisráðherra landsins sagði af sér. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Sveigjanleg útgáfa – betri kjör?



Agnar Tómas Möller
sjóðsstjóri hjá
Kviku eigna-
stýringu


Ö hætt er að segja að peningastefnan hafi komið heimilum og fyrirtækjum til hjálpar í hinum djúpa efnahagssamdrætti nýliðins árs. Frá því vextir Seðlabankans lækkuðu í 1% síðastliðinn maí hefur íbúðaverð hækkad um 8% og vaxtabyrði íbúðalána sem hlutfall af ráðstöfunartekjum lækkað um 37% að meðaltali – talandi um að slá tvær flugur í einu höggi!

Þessi þróun hefði ekki átt sér stað ef vaxtalækkunar Seðlabankans hefðu ekki skilað sér í gegnum bankakerfið til heimila og fyrirtækja. Samkvæmt gögnum Seðlabankans hækkaði meðalalag bankakerfisins (m.v. innlásvexti) frá sumri 2019 til íslenskra fyrirtækja úr 4,0% í 5,4% í apríl 2020, en hefur nú lækkað aftur í 4% á seinasta ársfjórðungi 2020. Vaxtaálag á nýjum húsnæðislánnum bankakerfisins stendur í 3,2% sem er nálægt því lægsta í tölum Seðlabankans frá 2015.


Frá ársbyrjun 2019 hafa fastir verðtryggðir íbúðalánvextir bankanna lækkað að meðaltali úr 3,8% í 2,2% og fljótandi óverðtryggðir vextir úr 6,2% í 3,4% (söguleg gögn fyrir fljótandi verðtryggð og fasta óverðtryggð vexti eru ekki opinber). Ástæða þeirrar miklu lækkunar er að fjármagnskjör bankanna á íbúðalánunum hafa batnað, ekki bara gegnum lækkandi grunnvexti heldur með lækkandi vaxtaálagi. Meðal vaxtaálag sértryggðra skuldabréfa með lokagjalddaga 2026 er í dag um hálf prósent og hefur verið í lækkunarfasa frá því heimsfaraldurinn skall á.

Þrátt fyrir mikla og vaxandi eftir-

Skuldaraálag sértryggðra bréfa og bréfa LSS



Framtíðarvextir á Íslandi og í Bandaríkjunum



spurn eftir íbúðalánunum hafa bankarnir haft sveigjanleika í útgáfu og getað hafnað tilboðum þegar svo ber undir. Þannig samþykkti Íslandsbanki um 79% tilboða í útboðum sínum á seinasta ári, Landsbankinn um 73% og Arion banki einungis 37%. Til samanburðar er útgáfa Lánasjóðs sveitarfélaga, þriðja stærsta útgefanda

skuldabréfa á seinasta ári á eftir ríkinu og bönkunum, mjög einhæf og að mestu bundin við einn skuldabréfaflokk. Sjóðurinn þurfti nær undantekningarlaust að samþykka flest tilboð í útboðum sínum. Þessi ósveigjanleiki í útgáfum Lánasjóðsins miðað við útgáfu bankanna endurspeglar svart á hvítu í gjörólíkri þróun vaxtaálags á liðnu ári

og er vaxtaálag Lánasjóðsins í dag rúmlega tvöfalt hærra en hjá bönkunum.

Svipaða sögu má segja af innlendra fjármögnun ríkissjóðs sem hefur gengið á líka brösuglega og hjá Lánasjóðnum. Ríkissjóður hefur á undanförmum misserum neyðst til að taka langflestum tilboðum í útboðum sínum sem hefur keyrt upp lengri tíma raunvexti sem eru nú á svipuðum slóðum og árið 2017 þegar mikil spennan og háir raunvextir réðu ríkjum í hagkerfinu. Sú er alls ekki raunin nú. Lengri tíma raunvaxtamunur hefur hækkad umtalsvert frá seinasta sumri – næstum þrefaldast við Bandaríkin, svo dæmi sé tekið.

Hækkunin hefur hins vegar verið meiri til lengri tíma en skemmri tíma sem birtist í því að „framfarvextir“ eru mun hærri hlutfallslega en til næstu ára. Sem dæmi kostar um 2% raunvexti að fjármagna ríkissjóð eftir 5 ár til 5 ára en einungis um 0% raunvexti til næstu 5 ára. Munurinn við Bandaríkin er nokkuð sláandi í ljósi þess að hagkerfið þar er að taka við sér fyrr og hraðar en hið íslenska að óbreyttu.

Samanburður á vel heppnaðri útgáfu bankanna og vandræðagangi við fjármögnun sveitarfélaga annars vegar og ríkisins hins vegar sýnir að hægt er að gera mun betur til að ná niður fjármagnskostnaði hins opinbera. Kjör ríkissjóðs og Lánasjóðs sveitarfélaga setja grunn fyrir fjármagnskostnað þeirra hundraða milljarða fjárfestinga sem hið opinbera áformar að muni eiga sér stað á næstu misserum og árum. Nýleg útgáfa íslenska ríkisins í evrum, sem reyndist vera á kjörum jafnfætis við ríki eins og Spán sem nýtur stuðnings evrópska seðlabankans, sýnir að ríkissjóður nýtur trausts á erlendum fjármálamörkuðum. Ástæðulaust er að ætla annað en að slíkt traust ríki einnig á innlendum mörkuðum.

Vaxtalækkunar Seðlabankans hafa skilað sér til heimila og fyrirtækja, óskandi væri að þær myndu gera það líka til skattgeiðenda.

Frjáls framlög



enginn kostnaður!

VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.

907 1083 – 3.000 kr.

907 1085 – 5.000 kr.

907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation

SKOÐUN

Þórður
Gunnarsson



Bóluefni og spagetti

Hópur frækinnna heimspek-
inga fékk ósk sína uppfyllta
á dögunum þegar ekkert
varð af bóluefnatilraun Pfizer hér á
landi. Hópurinn hafði áhyggjur af
því hvort rannsókn Pfizer fæli í sér
hnattræna gagnsemi og hvort hún
væri siðferðislega réttmæt. Einnig
höfðu þeir uppi vangaveltur um
lýðræðislegt lögmæti. Minnti þetta
mjög á hinar nú áratugsgömlu
vangaveltur um að íslenskum
skattborgurum væri siðferðislega
hollt að taka á sig skuldbindingar
vegna falls Landsbankans. Allt er
þetta fólk í starfi hjá hinu opinbera
sem er auðvitað bóluefnið sem
telur í djúpum efnahagskreppum.
Allir dósentar og prófessorar í
heimspeki fengu eflaust útborgað
á réttum tíma síðastliðið árið, ólíkt
miklum fjölda fólks víðsvegar um
heiminn.

En nú þegar Pfizerdraumurinn
er úti þurfum við að gera hlutina
með sama hætti og allar aðrar
þjóðir, sem eru í sjálfu sér engin
skelfileg örlög.

Eftir að starfsmenn heilbrigðis-
ráðuneytisins vöknudu upp við
þann vonda draum að Evrópusam-
bandið væri með allt niðrum sig í
bóluefnainnkaupum fóru pantanir
á bóluefni í fluggirinn. Ísland, líkt
og mörg önnur lönd, beitir sömu
aðferð og flestir þegar spagetti
eða hrisgrjón eru elduð. Það er
að segja, gríðarleg ofáætlun þar
sem öruggt er að mikill afgangur
verður, en greint var frá því í gær
að skammtar fyrir meira en 750
þúsund manns hefðu verið pant-
aðir til landsins. Þetta er auðvitað
gert í þeim tilgangi að tryggja sem
allra mest af bóluefni sem fyrst. Þá
geta sem flestir af þeim sem vilja
láta bólusetja sig gert það fyrir en
ella. Er það auðvitað vel.

Hins vegar ættu íslensk stjórn-
völd hið fyrsta að lýsa því afdrátt-
arlaust yfir að allt það bóluefni
sem ekki verður nýtt hér á Íslandi
renni til ríkja þar sem efnahagur er
bágbornari.

Á meðan íslenska heilsugæslan
kappkostar að bólusetja fólk
á tíræðisaldri er kominn upp
skortur á heilbrigðisstarfsfólki í
ýmsum ríkjum þriðja heimsins.
Þessi staða er til að mynda uppi
í Malaví, þar sem Ísland hefur í
gegnum árin gert sig gildandi við
þróunaraðstoð. Á tímum neyðar-
ástands er hver sjálfur sér næstur,
en þessi staða er þyngri en tárur
taki.

Þróunaraðstoð verður oft fyrir
gagnrýni vegna óskilvirkni og
dýrrar yfirbyggingar. Hér er tæki-
færi til að hjálpa með áþreifan-
legum og skilvirkum hætti.

Hlutfé S4S aukið um 130 milljónir

S4S, sem rekur meðal annars Ellingsen og
Steinar Waage, jök nýverið hlutfé sitt
um rúmlega 130 milljónir króna. Her-
mann Helgason, framkvæmdastjóri sam-
stæðunnar, segir að það hafi verið gert til
að styrkja innviði fyrirtækisins. „Félagið er
á fullri ferð,“ segir hann. Hlutfjárukningin
væri ekki tilkomin vegna erfðileika sem rekja
megi til COVID-19.

Hermann segir að fjármagnið verði meðal



Bjarni Ármannsson
fjárfestir

annars nýtt í að betrubæta netverslanir,
breyta og stækka verslanir, opna nýjar og
loka öðrum. „Það er ýmislegt í gangi.“

Bjarni Ármannsson, forstjóri Iceland Sea-
food International og fjárfestir, á 40 prósentu
hlut í fyrirtækinu, Pétur Þór Halldórsson á
einnig 40 prósentu hlut og Hermann og Georg
Kristjánsson eiga tíu prósentu hlut hvor. Her-
mann segir að eignarhlutur eigenda hafi ekki
breyt við hlutfjárukninguna. – hvj

18.02.2021

Það litur út fyrir að
stjórnendur Icelandair
hafi sannfært sig um
að vandamálið var
ekki kostnaðar-
hækkunin heldur
tekjurnar.

Egill Almar Ágústsson,
ráðgjafi hjá Boston
Consulting Group



STARTUP SUPER NOVA

Opið fyrir
umsóknir!

Hraðall
snjallra og
skapandi
fyrirtækja

Er þín hugmynd næsta sprengistjarna?

Nova og Icelandic Startups óska eftir súpergóðum
hugmyndum til þátttöku í viðskiptahraðlinum Startup
SuperNova. Þar gefst allt að tíu sprotafyrirtækjum
kostur á að koma snjöllum hugmyndum út af teikni-
borðinu og út í alheiminn.

Umsóknarfrestur er til 11. apríl.
Nánar á startupsupernova.is.

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

ICELANDIC
STARTUPS

gróska
Hugmyndahús

Sterkari saman
í sátt við umhverfið

LITRÓF
Guðjón Ó
Prenttækni

Vatnagördum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000



HEAL VISIBLE
SIGNS OF TIME

LYFTIR, MÝKIR, GEFUR LJÓMA



BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT

Krem og Uplift serum með rauðum sjávarþörungum sem endurmóta útlínur andlitsins, lyfta, mýkja og gefa ljóma.

#YOUNGERNATURALLY

BIOThERM

THE HEALING POWER OF LIFE PLANKTON

CHRISTY TURLINGTON-BURNS

biotherm.com

BIOThERM MÆLIR MEÐ

BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT KREM OG SERUM



Líffræðingar Biotherm hafa fangað lífskraft dýrmæts rauðs sjávarþörungs í einstaka formúlu. Eftir því sem við eldumst fækka collagen og elastin þráðum húðarinnar verulega. Blue Therapy Red Algae Uplift krem og serum hafa sjáanleg yngjandi og styrkjandi áhrif á húðina: Útlínur andlitsins verða skýrari, húðin mýkri, stinnari og með meiri ljóma

BLUE THERAPY AMBER ALGAE REVITALIZE



Blue Therapy Amber Algae Revitalize nýtt dagkrem fyrir andlit, háls og bringu sem hentar fyrir þroskaða húð.

Kremið inniheldur einstakan Amber Algae þörung, Life plankton™ auk uppbyggjandi efna. Það er orkugefandi, nærandi, dregur úr öldrunareinkennum og styrkir varnarkerfi húðarinnar.

Húðin verður frísklegri, með meiri ljóma, mýkri og vel nærð.

BLUE THERAPY CREAM-IN-OIL



Viltu samstundis mýkt og næringu? Uppbyggjandi virkni „sea sugar“ og viðgerðareiginleikar olía af náttúrulegum uppruna í fersku kremgeli sem bráðnar inn í húðina. Kremið vinnur hratt gegn sjáanlegum öldrunareinkennum.

Á aðeins 2 vikum endurheimtir jafnvel þurr húð sjáanlega mýkt, þéttleika og ljóma.

BLUE THERAPY ACCELERATED KREM



Blue Therapy Accelerated er silkimjúkt, mjög létt, gelkennt krem með sömu virku þörungunum og eru í seruminu.

Kremið „bráðnar“ við hitastig nálægt húðhita og gengur því samstundis inn í húðina.

Húðin verður rakanærð, línur minna sjáanlegar, húðin virðist þéttari, húðlitur verður frísklegur og ljómandi og útlínur andlitsins verða skarpari.

Áhrifin kraftaverki líkust

Hvannarrótin frá ICEHERBS getur aukið lífsgæði með því að viðhalda heilbrigðri þvagblöðru og þvagrás ásamt því að bæta meltinguna. Varan er 100% hrein, náttúruleg og án óþarfra fylliefna.

Friðrik Guðmundsson vaknaði á hverri nóttu til að þissa þar til hann fór að nota Hvannarrót.

„Ég var alltaf að vakna og það kom fyrir að ég lenti í smávægilegum þvagleka. Einhver benti mér á að fara í heilsuþúð til að fá eitthvað við þessu og þar var mér bent á Hvannarrót. Ég var nú efins um þetta en ákvað samt að prófa og þetta reyndist vera lausnir fyrir mig,“ segir Friðrik. „Nú sef ég allar nætur og verð aldrei var við neinn þvagleka. Mér fannst breytingin alveg ótrúleg og það tók merkilega stuttan tíma, um viku eða tíu daga, fyrir vandamálið að hverfa alveg.“

Þetta var eins og kraftaverk,“ segir Friðrik. „Ég er nú orðinn svolítið gamall og hélt að þetta væri bara aldurinn og hafði spurt lækni um þetta og hann sagði að þetta fylgdi aldrinum. Það hafði örugglega áhrif, en þetta leysti vandann.“

Ég nota Hvannarrót enn þá og tek eina töflu á dag, en ekki á neinum ákveðnum tíma,“ segir Friðrik. „Ég hef ekki orðið var við neinar aukaverkanir eða neitt slíkt, ég losnaði bara við vandamálið.“

Ég myndi hiklaust mæla með Hvannarrót fyrir alla sem glíma við þetta vandamál. Ég hélt að það væri ekkert til við þessu og hafði prófað aðrar lausnir sem virkuðu ekki eins vel, þannig að þetta var bylting fyrir mig,“ segir Friðrik. „Ég vona að þetta geti hjálpað fleirum.“

Hvannarrótin frá ICEHERBS

Hvannarrót er úr íslenskrum ætíðhönn, sem heitir á latínu *Angelica archangelica*. Ætíðhönn hefur sterkar rætur sem búa yfir miklum krafti og rötin á plöntunni virðist



vera virkari og hafa mun meiri örvasandi áhrif en aðrir hlutar plöntunnar. Hvannarrótin frá ICEHERBS er þurrkuð og möluð hvannarrót í hylkjum úr jurtaþémi, sem gerir vöruna 100% náttúrulega.

Ætíðhönn er ein þekktasta nytja- og lækningajurtin sem notuð var á Íslandi og víðar í norðurálfu til forna, en hún vex aðallega á norðlægum slóðum eða hátt til fjalla í Evrópu. Allir hlutar plöntunnar hafa verið nýttir gegnum tíðina en rötin var einna mest notuð til lækninga þar sem styrkleikar hennar hafa alltaf verið vel þekktir.

Jurtin er þekkt fyrir að vinna gegn einkennum ofvirkrar þvagblöðru og getur viðhaldið heilbrigðri þvagblöðru og þvagrás. Sýnt hefur verið fram á að notkun hvannar geti fækkað salernisferðum og þar með haft jákvæð áhrif á svefn og um leið bætt daglegt líf. Áhrif hvannarrótar eru margvísleg



Friðrik Guðmundsson segir að Hvannarrót hafi hjálpað honum gríðarlega. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

og fyrir utan jákvæð áhrif sín á þvagblöðru hefur hún lengi verið notuð við hvers kyns meltingarvandamálum, til að örva meltingu og draga úr uppþembu og lofti í maga. Dagleg inntaka hefur mikil jákvæð áhrif á líðan fólks.

Á seinni árum hafa svo verið gerðar miklar vísindalegar rannsóknir á virkni og efnainnihaldi ætíðhönnar sem hafa leitt í ljós að sú virkni sem kennd hefur verið við hvönnina í þúsundir ára er sannanleg og að ætíðhönnin sé einkar virk og öflug jurt.

Hrein náttúruafurð

Markmið ICEHERBS er að nýta náttúruauðlindir sem tengjast íslenskrum hefð og sögu og vinna þær í hreinar neytendavænar vörur fyrir viðskiptavinum.

„Við hjá ICEHERBS leggjum áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni sem byggja á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og notum engin óþörf fylliefni,“ segir Katrín Amni, framkvæmdastjóri Náttúru-smiðjunnar. „Við viljum að vörurnar okkar nýtist viðskipta-

vinum okkar, að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu.“

Hvannarrótin frá ICEHERBS fæst í öllum apótekum og heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó og Fjarðarkaupum. Sjá nánar á iceherbs.is.



Tölvuleikir gætu minnkað áhættu á þunglyndi

Strákar sem spila reglulega tölvuleiki eru ólíklegri til að fá þunglyndi en þeir sem spila sjaldan, samkvæmt nýrri breskri rannsókn. Stúlkur voru í meiri hættu á að þróa með sér þunglyndi.

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Rannsóknin var unnin undir forystu vísindamanna UCL, University College London, og birt í Psychological Medicine. Niðurstöðurnar sýna hvernig mismunandi lengdir af skjáttíma geti haft jákvæð eða neikvæð áhrif á geðheilsu ungs fólks. Aðalhöfundur rannsóknarinnar er doktorsneminn Aaron Kandola. Hann segir að þótt ekki sé hægt að staðfesta hvort tölvuleikir bæti í raun andlega heilsu þá bendi ekkert til þess að þeir hafi skaðleg áhrif á geðheilsu barna eða þroska þeirra. Hann bendir á að tölvuleikir hafi í raun verið mikilvægur félagslegur vettvangur fyrir ungt fólk í heimsfaraldri. „Við þurfum vissulega að gæta að kyrrsetu barna fyrir framan skjáinn og draga úr því að setið sé lengi í einu við tölvuleiki. Það þýðir ekki að nokun skjásins sé í eðli sínu skaðleg, mun frekar kyrrsetan,“ segir hann á vef cambridge.org og bendir á að oft séu vinir að spila saman leiki. Kandola hefur áður leitt



rannsóknir þar sem skoðuð er kyrrsetuhegðun en hún ein og sér virðist auka hættuna á þunglyndi og kvíða hjá unglingum. Aðrar rannsóknir hafa leitt í ljós mis-

munandi niðurstöður. Skoðaðar hafa verið svipaðar rannsóknir sem gerðar hafa verið í Svíþjóð og í Ástralíu. Niðurstöður benda þó alltaf til þess að strákar sem

spila tölvuleiki flesta daga höfðu mun minni þunglyndiseinkenni þremur árum eftir að rannsóknin hófst en strákar sem spiluðu tölvuleiki sjaldnar en einu sinni

Margir telja það mjög óhollt fyrir krakka að vera í tölvuleikjum. Sannleikurinn er sá að kyrrsetan er mun verri.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

í mánuði. Vísindamenn telja að drengir sem eru ekki mjög virkir, til dæmis í íþróttum, hafi ánægju og félagsleg samskipti í gegnum tölvuleiki sem sé jákvætt gagnvart geðheilsu.

Þátttakendur í rannsókninni höfðu allir svarað spurningum um hversu miklu tíma þeir eyddu á samfélagsmiðlum, í tölvuleikjum eða með annarri notkun netsins. Jafnframt var spurt um heimilisáðstæður þeirra. Drengirnir voru 11 ára í upphafi rannsóknar og svöruðu meðal annars spurningum um depurð eða þunglyndiseinkenni.

Þótt rannsóknir benda til mögulegs ávinnings af skjánotkun ætti engu að síður að hvetja ungt fólk til að hreyfa sig og brjóta upp þann tíma sem setið er við tölvu með léttum hreyfingum.

Netmiðillinn forskning.no fjallar um bresku rannsóknina og bendir á að norsk rannsókn frá árinu 2019 hafi ekki sýnt að tölvuleikir geri fólk árásgjarnara. Mesti skaðvaldurinn er kyrrsetan, jafnt hjá börnum sem fullorðnum. Foreldrar hafa oft áhyggjur af tölvuleikjum barna sinna en í raun ættu þær frekar að beinast að hreyfingarleysi.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar eftirfarandi lýsingar deiliskipulagsáætlana:

1. Austurbyggð II – Lýsing deiliskipulags

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2021 að kynna lýsingu deiliskipulags fyrir Austurbyggð II. Fyrirhugað deiliskipulag tekur til reits N13 fyrir íbúðabyggð í gildandi aðalskipulagi Árborgar 2010-2030. Svæðið er sunnan hesthúsahverfis og austan við Austurhóla sem liggur frá Langholti að Suðurhólum. Skipulagssvæðið er um 20 ha að stærð. Með deiliskipulaginu er verið að skapa svæði til frekari uppbyggingar íbúða í Árborg og svara þannig vaxandi eftirspurn eftir íbúðarlóðum innan sveitarfélagsins.

2. Eyravegur 26-30, Selfossi – Lýsing deiliskipulags

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 20. janúar 2021 að kynna lýsingu deiliskipulags fyrir Eyraveg 26-30. Fyrirhugað deiliskipulag tekur til lóðanna Eyravegur 26-30 sem skv. gildandi aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 geta verið hvort heldur sem athafna- verlunar og þjónusta-, stofnana- eða íbúðasvæði. Með deiliskipulaginu er verið að þætta þá íbúðabyggð sem fyrir er í miðbæ Selfossog um leið nýta óbyggðar lóðir til hagsbóta fyrir íbúa og sveitarfélag.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

3. Móavegur 4, Selfossi - Deiliskipulag

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 30. nóvember 2020 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Móaveg 4. Deiliskipulagstillagan tekur til byggingar kirkju og tengdra mannvirkja á lóðunum Móavegur 4 og 4a á Selfossi. Hámarks byggingarmagn á lóðunum verður samtals 1500 m² og mesta mænishæð 12,6 m.

4. Miðbær Selfoss – Deiliskipulagsbreyting

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Miðbæinn á Selfossi. Deiliskipulagsbreytingin tekur til gildandi deiliskipulags fyrir Miðbæ Selfoss. Helstu breytingar eru að nokkrar götur fá ný heiti, c-gata fellur út af skipulagi og lóðamörkum og núsúmerum er víða breytt. Bílastæðahús aftan við Eyraveg 3-7 er stækkað og inn- og útkeyrsla er frá Kirkjuvegi. Heimilt er að hafa bílastæðahús hálfniðurgrafið. Einstefnu er breytt á Miðstræti og verður frá austri til vesturs. Bílakjallari á Miðstræti 6 er stækkaður undir allan byggingarreitinn.

5. Nýbær – Deiliskipulagsbreyting

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 19. júní 2019 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Nýjabæ. Deiliskipulagsbreytingin tekur til gildandi deiliskipulags fyrir hluta jarðarinnar Nýjabæ. Breytingin felst í að lóðum undir íbúðarhúsnæði er fjölgað um 5 og verða því samtals 9. Skilmálum gildandi skipulags er lítillega breytt og samræmt.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Deiliskipulagslýsingar, mál 1-2 eru í kynningu frá 24.02.2021 til og með 17.03.2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 17.03.2021.

Deiliskipulagstillögur, mál 3-5 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 24.02.2021 til og með 07.04.2021. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 07.04.2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að **Austurvegi 67, 800 Selfossi**, eða netfangið skipulag@arborg.is

Anton Kári Halldórsson
Skipulagsfulltrúi.

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Málara

221 Málara ehf geta bætt við sig verkum inni. Sími 772 1765

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengi. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Húsviðhald



Rúnar Múrari ehf
S - 780 - 28 38

Húsviðgerðir Tröppuviðgerðir
Flotun Lekaviðgerðir Flísalögn
Málningavinnna-Pakmálun o.m.fl.

40 ára reynsla í utanhúsviðhaldi.

Við gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.
runarmur@gmail.com



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borganes

Tilkynning

Faxaflóahafnir sf. auglýsa uppboð.

Uppboð á m/b Jóni Forseta, 31 brúttóttonna eikarbat, áður með skipaskrárnúmerið 0992, fer fram miðvikudaginn 3 mars 2021 kl. 10:00 á athafnasvæði Eimskips í Vatnagörðum í Sundahöfn þar sem báturinn hefur verið tekin á land.

Greiðsla söluandvirðis skal fara fram við hamarshögg. Aðgangur að svæðinu er frá Korngörðum um hlið merkt nr. 3.

Áhugasamir þurfa að vera mættir tímanlega þar sem þeim verður ekið inn á svæðið.

Faxaflóahafnir sf.

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Múrarar

Get bætt við mig flísalögnum og múrvinnu, 20 ára reynsla. Uppl. í s. 866 3300

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Ukulele á tilboði

Mikið úrval

Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opið mán - fös 11-16,
Skiptiholt 27, 105

Uppýsingar í síma 782 8800

HOBART

Uppþvottavélar í atvinnueldhús

Hobart er nýtt og glæsilegt merki í flórana okkar.
- Eitt það þekktasta í stórelldhúsbransanum.



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geiriefh.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Straumur
...hillukerfi

Sýningareldhús - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík



4 | 0
°C | °C

Egilsstaðir



0 | 4
°C | °C

Ísafjörður



2 | 7
°C | °C

Kirkjubæjarkl



6 | 4
°C | °C

Akureyri



0 | 1
°C | °C

Hveravellir



-4 | 8
°C | °C

Norðaustan 5-13 í dag. Dálítil snjócoma eða rigning, en yfirleitt þurr á Suðvestur- og Vesturlandi. Hiti 1 til 6 stig, en kringum frostmark norðan- og austanlands.

Fimmtudagur

Reykjavík



3 | 2
°C | °C

Egilsstaðir



0 | 2
°C | °C

Ísafjörður



2 | 3
°C | °C

Kirkjubæjarkl



4 | 1
°C | °C

Akureyri



0 | 1
°C | °C

Hveravellir



-6 | 4
°C | °C

Föstudagur

Reykjavík



8 | 7
°C | °C

Egilsstaðir



3 | 2
°C | °C

Ísafjörður



5 | 4
°C | °C

Kirkjubæjarkl



8 | 8
°C | °C

Akureyri



4 | 1
°C | °C

Hveravellir



2 | 13
°C | °C

LÉTT

			6			
9	4		7	2		3
7	5	1	9		4	
		9		6		2
4	7		2		1	9
	8		1	7	3	5
			4		8	7
8		4			2	9
1						

MIDLUNGS

	9	8	1		3	
		8	9			
3			7	5		1
5	7	4		8	2	
				4		1
	2					8
6			2	9		
9	3	1	5			7
			3		5	6

PUNG

		5				
	4				3	1
1		7	8			
9			1	4	8	6
		6		5		3
					8	
6	5	4		8		9
2			5	9	4	
					1	8

Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 bak við
- 5 sníkill
- 6 fisk
- 8 þéttleiki
- 10 snæði
- 11 gönuhlaup
- 12 spil
- 13 sólselja
- 15 stofnæð
- 17 aldin

LÓDRÉTT

- 1 afgreiða
- 2 bæli
- 3 tæki
- 4 rækilegar
- 7 nytjalist
- 9 gaufa
- 12 útungun
- 14 röst
- 16 óð

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 aftan, 5 fío, 6 al, 8 heidni, 10 et, 11 ras, 12 kort, 13 dill, 15 aðalæð, 17 akarn.
LÓDRÉTT: 1 afhenda, 2 flet, 3 töl, 4 naman, 7 listón, 9 drolla, 12 klak, 14 íða, 16 ær.

Skák Gunnar Björnsson

Kosikov átti leik gegn Privalov í Sovétríkjunum sálugu árið 1977.

1. Hxe6! Bxe6 (1...fxe6 2. Bg6#). 2. Bb5+ Bd7 3. He1+ Bd7 4. Dxc5 1-0. EM einstaklinga – Reykjavíkurskáknotinu hefur frestað fram í ágúst/ september nk. Rúnar Sigurpálsson varð skákmeistari Akureyrar í fimmta sinn um helgina. Tobias Matharel vann b-flokkinn. www.skak.is: Skákþing Akureyrar



Hvítur á leik

4	8	1	5			9
6	9			5		
2		3		7		
	6	5		8	9	
		9	6			
1	4	7	8			5
9		1				6
	3					
5		8	4	3		

	1			2		
	9	4	2	3	5	
	8	6	9		1	
5	7	6		1	9	
	2	8	4		5	
		3	1		7	2
7		4				
	5	7	6	3	4	

1	8					
5	8	9	1			
	3	7	4		8	1
			5			8
	7	9	1			4
	3				9	2
		5			3	6
						9
8	1			9	2	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

DV
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á DV.IS
VEFÁSKRIFT AÐEINS 1.590 KR.*
VEF- OG PRENTÁSKRIFT AÐEINS 2.990 KR.*

512 7000 | WWW.DV.IS/ASKRIFT | ASKRIFT@DV.IS

*verð miðast við mánaðarskrift, engin binding.



Götumyndin í Utah sem byggð var. MYND/ADSEND

Björn er maður sem geymir allt

Paradísarheimt 60/40 er sýning í Landsbókasafninu þar sem sjá má meðal annars gögn sem Björn G. Björnsson leikmyndateiknari hélt til haga við tilurð og töku samnefndrar sjónvarpsmyndar.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Paradísarheimt 60/40 er sýning í anddyri Landsbókasafnsins, haldin í tilefni þess að 60 ár eru liðin frá útkomu skáldsögu Halldórs Laxness og 40 ár frá frumsýningu sjónvarpsmyndar sem gerð var eftir bókinni. Á sýningunni eru gögn sem Björn G. Björnsson leikmyndateiknari, sem gerði leikmynd sjónvarpsmyndarinnar, hélt til haga við tilurð og töku hennar og afhenti Leikminjasafni Íslands sem nú er hluti af Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Jafnframt eru á sýningunni handrit Halldórs Laxness að bókinni og sjá má myndskildir úr sjónvarpsmyndinni.

„Á sýningunni eru teikningar, ljósmyndir og myndklippur, kort af stöðum og myndir af gömlum húsum, sem sagt alls konar gögn sem tengjast þessu stóra verkefni sem var unnið hér heima og í Utah og Þýskalandi. Ég er maður sem geymir allt og þegar vinnan var búin var ég með þrjá fulla pappakassa,“ segir Björn.

Árið 1980, sama ár og myndin var sýnd, bjó Björn til litla sýningu um

gerð hennar á fimmtán spjöldum sem hann hengdi upp í Torfunni veitingahúsi í Lækjargötu. „Ég geymdi þessi spjöld þannig að uppistaðan í sýningunni í Landsbókasafninu er þessi sýning frá 1980 sem var alltaf að þvælast fyrir mér í geymslunni heima. Svo eru þarna nokkur stór sýningarborð full af öðrum gögnum, mest ljósmyndum.“

Ómar fann fjallshlið

Þýski leikstjórnari Rolf Hädrich leikstýrði Paradísarheimt en sjö árum áður hafði hann gert kvikmynd eftir Brekkukotsannál en Björn gerði einnig leikmyndina við þá mynd. Spurður hvernig hafi verið að taka þátt í gerð Paradísarheimtar segir Björn: „Það var alveg óskaplega skemmtilegt. Það voru tvær aðalleikmyndir, annars vegar bær Steinars bónda og heil gata í þorpi í Utah.

Við veltum því fyrir okkur hvar bærinn ætti að standa. Það endaði með því að ég spurði Ómar Ragnarsson hvar væri fjallshlið þar sem grjótið væri að hrapa niður og sneri á móti suðri. Ómar sagði: Það er á Hvalnesi í Lóni. Ómar kann landið algjörlega utanbókar. Bærinn var byggður á verkstæði í bænum og var svo tekinn í sundur, fluttur austur og reistur þar. Hluti af honum stendur enn þá, ósköp laslegur.



Þetta var mikið ævintýri, segir Björn G. Björnsson leikmyndateiknari. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Frá sýningunni í Landsbókasafninu.

SAMANLAGT VORU ÞETTA TUGIR TÖKUSTADA OG LEIKMYNDA SEM ÞURFTI AÐ BYGGJA OG GANGA FRÁ.

Tugir tökustaða

Stærsta leikmyndin var heil gata í Utah, aðalgatan í Spánskum Forki. Við fórum í tvo leiðangra til Bandaríkjanna til að finna litið þorp en komumst að því að nútíminn er alls staðar. Þannig að það var ákveðið að byggja heila götumynd. Við völdum stað á stórrí sléttu þar sem sást ekki í þjóðveg, hús eða nútíma og réðum frábæran mann til að byggja götuna og útvega allt sem þurfti í hana. Svo

var ég hér heima að teikna gamla bæinn og hús í Utah og senda í pósti þangað til ég fór vestur þar sem við vorum í fimm vikur að gera allt klárt. Svo kom tökuliðið og leikararnir.

Þetta var mikið ævintýri, það tók næstum því ár að gera þetta. Samanlagt voru þetta tugir tökustada og leikmynda sem þurfti að byggja og ganga frá. Þetta var ákaflega skemmtilegt og fróðlegt.“

Sellókonsertinn eftir Haydn er snilld

TÓNLIST

Sinfóníuhljómsveit Íslands
★★★★★

Verk eftir Haydn og Brahms

Eldborg í Hörpu
fimmtudaginn 11. febrúar

Einleikari: Sigurgeir Agnarsson
Stjórnandi: Eva Ollikainen

Nafn tónskáldsins Joseph Haydn hefur orðið að mörgum aulabröndurum fyrir þær sakir að það hljómar eins og enska orðið hiding. Í einum brandaranum finna hljóðfæraleikararnir ekki tónskáldið, því það er Haydn/hiding. En í raunveruleikanum var Haydn alltaf mjög áberandi, því hann var í vel launadri stöðu hjá afar finni fjölskyldu og hafði það gott.

Týndur sellókonsert

Eitt verka Haydns var þó í alvörunni í felum. Þetta var sellókonsert, það er tónsmíð fyrir einleiksselló og hljómsveit. Konsertinn var engu

að síður á skrá yfir verk Haydns sem hann sjálfur setti saman. Hann fannst samt ekki fyrr en um tveimur öldum síðar, þegar tónlistarfræðingur var að gramsa í gömlum handritum í safni. Voila; sellókonsert! Og ekki bara eitthvert drasl, eins og hinn týndi fiðlukonsert Schumanns, sem var fluttur hér fyrir nokkru. Nei, sellókonsertinn eftir Haydn er snilld, fullur af lífi og spennu, kræsilegum laglínunum og tófrandi hljómunum. Það er bara ekki hægt að fá nóg af honum.

Lék í höndum

Konsertinn var fluttur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Að þessu sinni var einleikarinn íslenskur; Sigurgeir Agnarsson, sem er leiðari sellódeildar hljómsveitarinnar. Konsertinn lék í höndum hans. Melódíurnar voru fallega mótaðar, tónninn í sellóinu safaríkur. Flæðið í tónlistinni var óheft, túlkunin skemmtilega opin og einlæg. Fyrir bragðið naut maður hvers augnabliks.



Sigurgeir Agnarsson lék sellókonsert eftir Haydn. MYND/ADSEND

Eva Ollikainen stjórnaði hljómsveitinni, og samleikur hennar og einleikara var eins og best verður á kosið, nákvæmur og samtaka. Hljómsveitin yfirgnæfði aldrei einleikssellóid, eins og stundum vill verða, heldur lyfti rödd þess upp í hæstu hæðir.

104... og 4

Hin tónsmíðin á dagskránni var sínfónía nr. 2 eftir Brahms. Segja mátti um þessi tvö tónskáld, Haydn og Brahms, að ólíkt höfðust þau að. Haydn samdi hundrad og fjórar sínfóníur. Og Brahms? Bara fjórar. Sá síðarnefndi var með fullkonnunarárættu og henti fullt af verkum sínum (að mati undirritaðs hefði hann mátt henda einu í viðbót, tvíleikskonsertinum fyrir fiðlu og selló, sem er afsþyrnuleiddinlegur). En sínfónían sem nú hljómaði er ein sú skemmtilegasta eftir Brahms. Hún samanstendur af undurfögnum stefjum og drifandi atburðarás, sem endar í miklum hveli.

Ólýsanleg tónlist

Stjórnandinn, Ollikainen, sýndi næma tilfinningu fyrir Brahms. Hér skal ekki reynt að skilgreina í hverju sú tilfinning er fölgín, því það er í raun ómögulegt. Vissulega er hægt að tala um íhaldssemi í formgerð, skaphita, nostalgíu og dramatik. Það eru hins vegar bara innantóm orð við hliðina á sjálfri tónlistinni, sem er ólýsanleg þegar best lætur. Kannski kemur hún beint frá Guði.

Ollikainen náði að koma þessu kraftaverki til skila. Tæknilega séð var hljómsveitarleikurinn í senn agaður og kröftugur, og heildaráferðin munúðarfull, akkúrat eins og hún átti að vera. Skáldavíman var sterk og lokahnykkurinn stórfenglegur. Hljómsveitin spilaði sem ein manneskja, slík var einbeitingin í leiknum. Þetta var dásemd.

Jónas Sen

NIDURSTADA: Fantagóðir tónleikar.

**FERSK SALAT
Í BÓNUS**

**LÍFRÆNAR TÓMATVÖRUR
FRÁ ÍTALÍU**



359 kr./125 g

Lambhaga Salatblanda
125 g

359 kr./125 g

Lambhaga Íssalat
125 g

198 kr./425 ml

Himneskt Tómatpassata
Himneskt Maukaðir Tómatar
425 ml

BLÓMKÁL

SPERGILKÁL

KIRSUBERJATÓMATAR

FETAOSTUR



398 kr./kg

Ferskt Blómkaál



398 kr./kg

Ferskt Spergilkaál



259 kr./250 g

Ferskir Kirsuberjatómatar
250 g



359 kr./200 g

Grískur Fetaostur
200 g

**KOMNAR
AFTUR**

AÐEINS BETRA VERÐ



1.898 kr./pk.

Svartar Andlitsgrímur
50 stk. í pk. - verð áður 1.979

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



298 kr./1 kg

Barilla Fusilli
1 kg í pk.



298 kr./1 kg

Barilla Spaghetti
1 kg í pk.



298 kr./1 kg

Barilla Penne Rigate
1 kg í pk.

FRÁBÆRT Í SMÚÐINGINN



398 kr./pk.

Euro Shopper Bláber
500 g



498 kr./pk.

Euro Shopper Jarðarber
1 kg



498 kr./pk.

Euro Shopper Hindber
500 g



498 kr./pk.

Nice n' Easy Avacado
300 g

BONUS

það munar um minna

ÞJÓÐIN ER AÐ HORFA Á HRINGBRAUT!




33%
30 ára og eldri horfa
vikulega á Hringbraut*



49%
50 ára og eldri horfa
vikulega á Hringbraut*



66%
68 ára og eldri horfa
vikulega á Hringbraut*



*Áhorfskönnun MMR - 26. nóv. - 4. des. 2020

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING á Hringbraut
og hringbraut.is



DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

- 20.00** Á Loðnuveiðum - með Lindu Blöndal (e) Linda Blöndal og Friðþjófur Helgason tókumaður fóru um borð í veiðiskipið Viking og silgdu frá Akranesi á loðnuveiðar. Frumsýnt 2017.
- 20.30** Viðskipti með Jóni G. Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Haukssyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.
- 21.00** 21 - Fréttabáttur á miðvikudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringabáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Erniss með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
- 21.30** Saga og samfélag Í þættinum verða málefni líðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknnum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

- 09.00** Heimaleikfimi
09.10 Spaugstofan 2008-2009
09.35 Kastljós
09.50 Menningin
10.00 Vikan með Gísla Marteini 2015 - 2016
10.50 Íslendingar Hörður Ágústsson
11.40 Íslenskur matur
12.05 Heimaleikfimi
12.15 Eldað með Ebbu
12.45 Okkar á milli Grimur Atlason
13.15 Óskalgög þjóðarinnar 2004-2014
14.15 Nýsköpun - Íslensk vísindi
14.40 Poppkorn 1987
15.05 Eystrasaltsfinnarnir
15.35 Nýja afríska eldhúsið - Angóla
16.05 Innlit til arkitekta
16.40 Timafلاك Doctor Who
17.50 Táknafréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Kúlugúbarnir
18.24 Hæ Sámur
18.31 Rán og Sævar
18.42 Sara og Önd
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Kiljan
20.40 Einstök börn - og fullorðnir Sjaldgæfir sjúkdómar á Íslandi
21.10 Nútímafjölskyldan Bonusfamílan
22.00 Tiufréttir
22.15 Veður
22.20 Lengst út í geim The Farthest
00.15 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

- 09.30** LPGA Tour 2020 Útsending frá Pelican Women's Championship.
12.30 European Tour 2021 Útsending frá Saudi International.
16.45 European Tour 2021 - Highlights
17.05 PGA Tour 2020 Útsending frá QBE Shootout.
21.05 PGA Special. AT&T Every Shot Counts - Charity Event
23.20 PGA Special. This is Mackenzie Tour
23.40 PGA Special. This is Mackenzie Tour

SJÓNVARP SÍMANS

- 13.00** Dr. Phil
13.45 The Late Late Show
14.30 Single Parents
14.55 The Block
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 Will and Grace
19.30 American Housewife Katie er ósköp venjuleg, hress og ákveðin húsmóðir sem reynir að láta hlutina ganga upp í finu hverfi þar sem allar mæður eru fullkomnar.
- 20.00** The Block
21.00 Chicago Med
21.50 The Great
23.25 The Late Late Show
00.10 Station 19
00.55 The Resident
01.40 Devils
02.25 Fargo Ein allra besta sjónvarpsþáttaröð síðari ára. Fargo-þættirnir eru í anda samnefndrar kvikmyndar frá 1996 sem Coen-bræður leikstýrðu en þeir eru jafnframt framleiðendur þáttanna.
- 04.00** Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

- 06.45** Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfreginir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegð
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegð seinni hluti
13.00 Dánarfreginir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Tónlist frá A til Ö
15.00 Fréttir
15.03 Svona er þetta
16.00 Siðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hlustaðu nú! Í ljósi krakkasöggunnar - Pu Yi keisarastrákur
18.50 Veðurfreginir
18.53 Dánarfreginir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsgagn. Grettis saga (7 af 21)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfreginir
22.09 Lestur Passíusálma (19 af 50)
22.15 Samfélagið
23.10 Segðu mér
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 10.00** Finding Your Feet
11.50 Step Up 6
13.20 Little Women
15.30 Finding Your Feet
17.20 Step Up 6
18.45 Little Women
21.00 Venom Spennutryllir frá 2018 með Tom Hardy í aðalhlutverki.
22.50 American Assassin Spennutryllir með Dylan O'Brien og Michael Keaton frá 2017.
00.35 The Dinner
02.35 Venom

STÖÐ 2

- 08.00** Heimsókn
08.15 Veronica Mars
09.00 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 Feðgar á ferð
10.30 Masterchef USA
11.05 Margra barna mæður
11.40 Flirty Dancing
12.35 Nágrannar
12.55 Grand Designs. Australia
13.45 Gulli byggir
14.25 Temptation Island USA
15.05 Lóa Pind. Battlað í borginni
16.05 Hell's Kitchen USA
16.45 Katy Keene
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
18.53 Vikingalottó
18.55 Ísland í dag
19.10 Draumaheimilið Draumaheimilið er sjónvarpsþáttur þar sem fylgst er með Íslendingum í fasteignahugleiðingum taka eina af stærstu ákvörðunum lífsins, hvaða eign skuli kaupa.
- 19.35** First Dates Hotel
20.25 The Diagnosis Detectives
21.30 The Good Doctor
22.15 Limetown
22.45 Sex and the City
23.20 Succession
00.25 NCIS
01.15 The Blacklist
02.00 NCIS. New Orleans
02.45 Veronica Mars
03.25 The O.C.
04.10 Masterchef USA
04.50 Katy Keene

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

- 08.00** Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Office
21.10 Big Little Lies
22.05 Our Girl
22.55 Gasmamman
23.45 Svínasúpan
00.10 Friends
00.30 Friends
00.55 The Office

STÖÐ 2 SPORT

- 09.15** Haukar - Fjölínir Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
10.55 Skallagrimur - Valur
12.35 ÍR - Haukar Útsending frá leik í Ollís deild karla.
13.55 ÍBV - FH
15.20 Þór Ak. - KA
16.50 Seinni bylgjan - karla
18.10 Fjölínir - Keflavík Bein útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
20.10 Valur - Haukar Bein útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
22.15 Stjarnan - ÍA Útsending frá leik í Lengjubíkar karla.
23.55 KR - Fram

STÖÐ 2 SPORT 2

- 08.20** Huesca - Granada
10.00 Spænsku mörkin
10.50 New Orleans Pelicans - Boston Celtics
12.50 Lazio - Bayern München
14.30 Atlético Madrid - Chelsea
16.15 Meistaradeildarmörkin
16.50 Tottenham - Wolfsburg Bein útsending frá leik í Evrópu-deild UEFA.
18.55 The Fifth Quarter
19.15 Meistaradeildin - upphitun
19.50 Gladbach - Manchester City Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
22.00 Meistaradeildarmörkin
22.30 Barcelona - Elche
00.10 Atalanta - Real Madrid



HITTU OKKUR Á FACEBOOK  / REKKJAN



DROTTNINGAR Í REKKJUNNI

20% AFSLÁTTUR



LAYLA 160 CM HEILSURÚM

 20% AFSLÁTTUR

VERÐ 179.880 KR

VERÐ ÁÐUR 223.600 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld,
5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir
kanntar, toppur sem gefur góða aðlögun.

ALEXA 160 CM HEILSURÚM

 20% AFSLÁTTUR

VERÐ 217.920 KR

VERÐ ÁÐUR 272.400 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld,
tvöfalt 5 svæða skipt pokagormakerfi,
styrktir kanntar, toppur sem gefur góða
þyngdardreyfingi, þrústíjfnun og aðlögun.

WWW.REKKJAN.IS



1. Fyrst er augnháraburstinn bleyttur örlítið með vatni.
2. Því næst erum honum nuddað við sápu. Áferðin á að vera nokkuð þykk og ekki að freyða.
3. Því næst er greitt í gegnum augabrúnirnar með burstanum, upp á við. Oft þarf að fara nokkrar umferðir til að ná rétttri útkomu og til að festa hárin almennilega. Útkoman á að ná að haldast út daginn.

Fáðu flottar brúnir með sápuþykki og augnhárabursta

Þykkar augabrúnir hafa verið vinsælar síðustu árin. Nú er í boði að fara í nokkurs konar augnhárapermament, eða augnháralyftingu, á mörgum snyrtistofum hér á landi. Hægt er að líkja eftir útkomunni með einföldu sápuþykki og augnhárabursta.



Áhrifa-valdurinn og hlaðvarpsstjórnandinn Sunneva Einarsdóttir heldur mikið upp á þessa augabrúnasápu frá Ucanbe.

Heitasta fönunartrendið þessa dagana eru svokallaðar sápubrúnir og það er alveg sérstaklega vinsælt meðal áhrifavalda.

Til að ná fram nokkurs konar lyftingu í augabrúnir er notað venjulegt sápuþykki, það bleytt stuttlega og síðan er augnhárabursta notaður til að greiða hárin upp. Sápan gerir það að verkum að hárin haldast á þennan hátt. Gefur þetta þá ásýnd að augabrúnirnar séu mun þykkari en þær eru ella.

Á síðasta ári sló þetta algjörlega í gegn og voru ófá myndböndin sem birtust á samfélagsmiðlinum TikTok sem sýndu aðferðina. Ein vinsælasta meðferðin á snyrtistofum á síðasta ári var „brow-lamination“ eða augabrúnalyfting, sem felst í því að hárin haldast lyft í lengri tíma en hægt er að ná tímabundið sömu áferð með venjulegri handsápu. Það verður þó að fara varlega í málin og huga að ofnæmisvöldum, athuga hvort þetta henti þér. Mælt er með

að nota milda sápu, helst lyktarlausa og án litarefna. Mikilvægt er að sápan innihaldi glyserín, svo hárin haldist á þennan hátt. Einnig er hægt að nota brúnasápu, sem er sérstaklega gerð fyrir augabrúnir.

Í kjölfar aukinna vinsælda sápubrúna hafa snyrtivörufrýrtæki stokkið á vagninn og komið með vörur á markaðinn sem líkja eftir áferð sápubrúna.

steingerdur@frettabladid.is



Sápuþykkið frá Neutral er ilm- og litarefnalaust. Það fæst víða í matvörubúðum og apótekum hér á landi. MYND/NEUTRAL



Það er líka hægt að ná fram klassískari útkomu með því að greiða hárin örlítið til hliðar en ekki beint upp. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY




Sumar kjósa að fylla upp í eftir sápuaðferðina með augabrúnalit. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Í TikTok-myndböndum þar sem ýmsir prufa þetta skemmtilega trend notar fólk gjarnan Beauty Bar frá Dove, enda fæst sápan víða, þar á meðal í öllum helstu matvöruverslunum landsins. MYND/DOVE



Brow Freeze er ný vara frá Anastasia Beverly Hills sem nær fram sömu áferð. MYND/ABH



VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmanna.
Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.



Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE®

Hästens 
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík
588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is


Betra
BAK

DORMA

Láttu drauminn ræstast



Amerískir dagar



Sealy er annar stærsti dýnuframleiðandi í heimi og hefur verið starfandi í 140 ár.



Styður við bakið á þér!



Sealy **SEATTLE** heilsurúm með classic botni

Frá einum stærsta framleiðanda heilsudýna í heimi.

Vönduð og góð, millistíf heilsudýna með pokagormum sem gefa fullkominn stuðning. Hún er svæðaskipt og því mýkri á okkar þyngstu stöðum eins og öxlum og mjóðmum. Náttúrulegt Talalay latex í bland við mismunandi svamptegundir gefur henni gott loftflæði.



Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.



Stærð í cm	Fulltverð m/Classic botni og löppum	AD-tilboð m/botni og löppum
90x200	109.900 kr.	87.920 kr.
120x200	145.900 kr.	116.720 kr.
140x200	159.900 kr.	127.920 kr.
160x200	174.900 kr.	139.920 kr.
180x200	189.900 kr.	151.920 kr.
200x200	229.900 kr.	183.920 kr.

Sealy **PORTLAND** heilsurúm með classic botni

Gæði á góðu verði.

Portland er með góðum og sterkum pokagormum og kantstyrkingum. Dýnan er millistíf og með pillow top úr mismunandi stífum svamplögum og trefja lagi. Mýkt á móti stífum og góðum gormum. Áklæðið er mjúkt og gott bómullaráklæði sem andar einstaklega vel. Dýna sem hentar öllum sem vilja gæða vörumerki og vandaða vöru.



Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.



Stærð í cm	Fulltverð m/Classic botni og löppum	AD-tilboð m/botni og löppum
120x200	155.900 kr.	124.720 kr.
140x200	169.900 kr.	135.920 kr.
160x200	184.900 kr.	147.920 kr.
180x200	199.900 kr.	159.920 kr.
180x210	214.900 kr.	171.920 kr.
192x203	224.900 kr.	179.920 kr.

Holtgördum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn ræstast



Elin hefur verið aðdáandi Páls Óskars frá því hún fékk Silfursafnið, þegar hún var tíu ára gömul. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Öðruvísi ábreiða af tímalausri klassík

Tónlistar- og leikkonan **Elín Hall** flutti síðastliðinn föstudag ábreiðu sína af laginu Stanslaust stuð með Páli Óskari í þættinum Vikan með Gísla Marteini. Ólíkur en fallegur blær er á útgáfu Elínar.

Tónlistarkonan og leiklistarneminn Elín Hall gaf á dögum út ábreiðu af laginu Stanslaust stuð með Páli Óskari. Í dag eru komin 25 ár síðan lagið kom út, en það virðist alltaf vera jafn vinsælt. Útgáfa Elínar af laginu er lágstemmdari og sveipuð ákveðinni dulúð. Lagið fær fyrir vikið á sig ólíkan en fallegan blær.

„Hugmyndin kviknaði þegar ég og Reynir Snær gítarleikari vorum að æfa fyrir Airwaves 2019. Ég spilaði lögina af plötunni minni sem þá var ekki komin út. Mig langaði að spila eitt lag sem áhorfendur gætu þekkt vel og kannski sungið með. Þegar við fórum að skoða lög til að gera ábreiðu af þá kom þetta lag nokkuð fljótlega til okkar. Við prófuðum alveg að hægja á einhverjum öðrum lögum en það var eitthvað sem small þegar ég fór að syngja Stanslaust stuð í þessari útgáfu,“ segir Elín.

Palli er allur þakinn

Hvað var það sem heillaði ykkur við nákvæmlega þetta lag?

„Lagið er náttúrulega í uppáhaldi hjá mjög mörgum, leyfi ég mér að fullyrða. Ég held að langflestir hafi dansað við það. Mér finnst persónulega textinn og takturinn skemmtilegur og einstakur. Það er líka oft eins og textar fái nýtt líf þegar önnur rödd fer með þá eða þegar bakgrunninum er breytt eins og í þessu tilfelli. Mig langaði líka bara að taka lag sem fjallar um diskó, stuð og glimmer því ég held ég myndi aldrei geta samið um slíkt sjálf, það var eitthvað spennandi við að tækla það.“

Elín segir það klárt að einhverjar andstæður takist á í texta Páls Óskars og áferðinni á hennar útgáfu.

„Ábreiðan mín er kannski ekki uppfyll af stuði en það fer kannski eftir því hvernig stuð er skilgreint.

ÞAD ER LÍKA OFT EINS OG TEXTAR FÁI NÝTT LÍF ÞEGAR ÖNNUR RÖDD FER MEÐ ÞÁ EÐA ÞEGAR BAKGRUNNUM ER BREYTT EINS OG Í ÞESSU TILFELLI.

Ég hugsaði þetta frekar sem einhvers konar rafmagns-stuð, það er að segja að loftið er rafmagnað og spennuþrungið. Þá fannst mér sem textinn færi að þjóna annarri tilfinningu, kannski þeirri sem kæmi í einhvers konar tónlistar- og dansalsælu,“ segir hún.

Tónlistarkonan hefur lengi verið mikill aðdáandi Páls Óskars.

„Alveg frá því að ég fékk áritað Silfursafnið hans þegar ég var svona tíu ára. Fyrir mér var Palli allur þakinn, tónlist og perfomans og alltaf allt tekið alla leið. Það er held ég líka bara þessi þáttur í hans fari með að gera hlutina nákvæmlega eftir sínu innsæi og vera ekki að biðjast afsökunar á því sem talar ennþá til mín í dag.“

Í skýjunum með viðtökurnar

Palli hlustaði á útgáfu Elínar og sagðist mjög ánægður með hana.

„Ég fékk allavega á tilfinninguna að honum myndist bara gaman að heyra útgáfur annarra af lögnum sínum. Hann gaf útgáfunni grænt ljós en mér fannst mikilvægt að honum myndist hún í lagi. Ég er eiginlega bara í skýjunum með það.“

Stanslaust stuð kom út tveimur árum áður en Elín fæddist. Það mætti segja að það sé til marks um það hversu tímalaust og vinsælt lagið er, að nú sé hún öllum þessum árum síðar að gera ábreiðu af því.

„Ég held að þetta sé tvímælalaus klassík og það eru ekkert allt of mörg lög sem hafa verið eins langlíf

í uppáhaldi hjá þjóðinni. Sérstaklega þar sem textinn hefur sterkar skírskotanir í fortíðina sem kannski ekki allir kveikja á í dag, eins og Kjötspuna og Sister Sledge. Það segir því held ég enn meira um gæði og gleði lagsins að það sé ennþá spilað í dag. Ætli meginlína lagsins hafi ekki reynst sannspá, stuð að eilífu.“

Þakklát fyrir litlu hlutina

Elín, sem sló í gegn á sínum tíma í kvikmyndinni Lof mér að falla, stundar nú nám í leiklist við Listaháskóla Íslands.

„Við fáum að stunda námið með einhverjum takmörkunum, grímur og tveggja metra regla og fleira. En þetta hefur vanist fljótt og við erum mjög þakklát fyrir að fá að mæta yfir höfuð, það er ekki þannig í flestum leiklistarháskólum úti í heimi. Það er auðvitað sárt að fá ekki að bjóða neinum að sjá verkefni okkar en svo lengi sem ég slepp við raddtíma á Zoom í bili þá get ég ekki kvartað,“ segir hún.

Síðasta sumar gaf Elín út plötuna Með öðrum orðum, eða rétt áður en önnur bylgja heimsfaraldursins hófst hér á landi.

„Það hefur auðvitað haft hamlandi áhrif þar sem ég þurfti að aflýsa útgáfutónleikum og fleiru eins og margir. Það hefur líka verið aðeins meiri hausverkur að finna tíma með skólanum þar sem í haust gerðum við í leiklistardeildinni eins konar samning um að gera sem minnst utan skóla og hitta sem fæsta til þess að halda bekkjunum lausum við smit eða sóttkvi þegar verið var að reyna að setja upp verk eða sýningar. Ég held samt að það séu svo margir í sama pakka og ég og eina leiðin sé bara að horfa á þetta rask á tónlistarsenunni síðasta árið sem smá hik með hrekkur svo í gang, vonandi með meiri uppskeru og fögnuði,“ segir Elín.

Lagið er hægt að nálgast á öllum helstum streymisveitum.

steingerdur@frettabladid.is

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á Hringbraut





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

25 | 02
FIMMTUDAGUR
KL. 20.00

STUART SKELTON SYNGUR WAGNER

Á fimmtudaginn stígur heimstenórinn Stuart Skelton á svið með Sinfóníuhljómsveit Íslands og flytur Wesendonck-söngva Wagners undir stjórn Evu Ollikainen aðalhljómsveitarstjóra.

Stuart er einn fremsti tenórsöngvari heims um þessar mundir og hefur meðal annars komið fram við Metropolitan-óperuna í New York og La Scala í Mílanó.

Við leggjum áherslu á ábyrgt viðburðahald og fylgjum ávallt gildandi sóttvarnareglum. Í ljósi rýmri samkomutakmarkana höfum við bætt við fleiri sætum í sölu á sinfonia.is og í miðasölu Hörpu.

Bohuslav Martinů
Konsert fyrir óbó og kammersveit

Richard Wagner
Forspil og Ástardauði úr Tristan og Ísöld

Richard Wagner
Wesendonck-söngvar

Hljómsveitarstjóri
Eva Ollikainen

Einleikari
Julia Hantschel

Einsöngvari
Stuart Skelton

Kynnir
**Halla Oddný
Magnúsdóttir**



Skannaðu og hlustaðu á efnisskrána

Miðasala
sinfonia.is

Sími
528 5050





BAKÞANKAR

Árna
Helgasonar



Þrautseigja

Það er eitthvað stórkostlegt við þá staðreynd að akkúrat núna er geimjeppe með hið mjög svo bandaríska nafn Þrautseigja staddur á Mars. En eitthvað svo óáhugavert líka. Þessi dularfulla plánetta var lengi vel uppspretta alls konar vanga-veltna um hvort þar væri líf, eins og Bowie söng um og jafnvel væri yfirvofandi innrás vel skipulagðra drápstóla sem ætluðu sér að eyða mannkyninu.

Geimurinn var heillandi ráðgáta. Þegar ég var unglingur var algengt að lesa frásagnir af fólki sem hafði verið brottnumið af geimverum. Eða sjá í fjölmiðlum dökka ljósmynd með hvítum punkti, sem var (augljóslega) fljúgandi furðuhlutur sem einhver tortrygginn útlaginn hafði fest á filmu en stjórnvöld vildu ekki að við vissum af. Núna eru engar eyður til að geta í. Maður opnar bara símann og fylgist með Þrautseigju tvíta myndum frá Mars. Fyrir fólk með þriggja sekúndna athyglisþol var þetta áreynsla. Grjót og mól, gígar og hólur eins langt og augað eygir. Minnti helst á íslenska hálandið, maður bjóst eiginlega við því að sjá Guðmund umhverfisráðherra friðlýsa þessi víðerni og kannski einn Miðflokksmann að andmæla.

Tölfræðin hefur drepitð alla rómantik og spennu í tengslum við geiminn. Nú er búið að reikna út hvar lífvænlegar plánetur er að finna. Í kvikmyndum berst mannkynið við geimverurnar og sigrar í blálokin þökk sé hetjudáð aðalsöguhetjunnar. Við munum sennilega bara reikna okkur niður á hvar geimverurnar eru staddir. Sendum kannski geimjeppe þangað einhvern tíma og fylgjumst með honum tvíta um einhverja fjölfrumunga ofan í malarhrúgu. Ágætt svo sem. En ekkert á við áhrifavald að fá sér bröns.

★★★★★
**HLÖLLA
DAGAR**

20% afsláttur
af Hlöllavörum

20%
afsláttur

Gildir
24. feb.
-3. mars

Hlöllabátar

Iceland



Klæddu þig vel



Ok Polartec® jakki
Léttur dún- og flísjakki

44.000 kr.

Dömu- og herrasnið



Básar ullarbolar
100% Merino ull

16.000 kr.

Dömu- og herrasnið



Snæfell Neoshell® buxur
Alhliða útivistarbuxur

47.000 kr.

Dömu- og herrasnið



Langjökull hanskar
GORE TEX og Primaloft® einangrun

11.000 kr.